

3	Inngangur ríkislögreglustjóra
4	Skipurit lögreglunnar
6	Ágrip um stofnun embættisins
9	Svið 1
15	Svið 2
27	Svið 3
33	Svið 4
41	Svið 5
49	Útlendingaeftirlitið
50	Tölulegar upplýsingar um afbrot
53	Viðauki um fíkniefnamál



Haraldur Johannessen  
ríkislögreglustjóri

Ríkislögreglustjóraembættið var sett á fót með lögreglugögum nr. 90/1996 er tóku gildi þann 1. júlí 1997. Lögin leystu af hólmi lög um lögreglumenn nr. 56/1972 og lög um Rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 108/1976, sem lögð var niður frá sama tíma. Lögreglugögin marka grundvallarbreytingar á skipulagi æðstu stjórnar lögreglunnar þar sem kveðið er á um það að dómsmálaráðherra sé æðsti yfirmaður lögreglunnar í landinu og ríkislögreglustjóri fari með málefni lögreglunnar í umboði hans. Með sama hætti fer ríkislögreglustjóri með málefni lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli í umboði utanríkisráðherra. Lögreglugögin marka ríkislögreglustjóraembættinu hlutverk. Embættið er í mótun og fyrirsjáanlegar eru breytingar á því meðal annars vegna Schengen-samningsins.

Fyrsta ársskýrsla ríkislögreglustjórans vegna áráanna 1997 og 1998 lítur hér dagsins ljós. Hún gefur ágæta mynd af fjölbreyttri starfsemi og verkefnum ríkislögreglustjórans. Útgáfa leiðbeininga og fyrirmæla til lögreglu hefur verið umtalsverður þáttur í starfsemi embættisins auk nýbreytni á sviði löggæslu. Ríkislögreglustjóraembættið hefur beitt sér fyrir innbyrðis samvinnu lögregluliðanna 27 og samstarfi tolla- og lögregluyfirvalda. Vel hefur til tekist og hugleiða má, þegar til framtíðar er litið hvort eigi væri skynsamlegt að sameina lögregluliðin og fækka lögregluumdæmum, og setja yfir þau lögreglustjóra sem eingöngu sinnu lögreglustjórn. Að því má leiða rök að slíkar grundvallarbreytingar á skipulagi lögreglunnar í landinu og aðskilnaður sýslumannsstarfa og lögreglustjórastarfa hefði í för með sér öflugri, skilvirkari og kostnaðarminni starfsemi en nú þekktist. Þessi málefni hafa verið til umfjöllunar á vettvangi Sýslumannafélags Íslands. Jákvætt og opið hugarfar starfsmanna lögreglunnar er þó grundvallarforsenda þess að starfsemi hennar breytist og þróist í samræmi við kröfur samfélagsins.


Ég vil fyrir hönd lögreglunnar í landinu þakka fyrirverandi dómsmálaráðherra, Þorsteini Pálssyni, framlag hans til lögreglunnar og óska nýjum dómsmálaráðherra, Sólvögu Pétursdóttur, velfarnaðar í starfi.

# SKIPURIT lögreglunnar í landinu

Dómsmálaráðherra er æðsti yfirmaður lögreglunnar. Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði hans, samkvæmt 4. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.




## Skipulag lögreglunnar





## Stjórnskipulag



<sup>11</sup> Stv. 4, mgr. 1. gr. rgl. nr. 496/1997.

Með lögreglulögum nr. 90/1996, sem tóku gildi 1. júlí 1997 var stofnað embætti ríkislögreglustjóra, sem fer með málefni lögreglunnar í landinu í umboði dómsmálaráðherra.

Á þessum áratug sem nú er að líða hafa orðið stórfelldar breytingar á skipan dómssvalds og umboðsvalds í héraði en lög nr. 19/1991, sem mæltu fyrir um aðskilnað þessara þátta tóku gildi 1. júlí 1992. Með lögnum var horfið frá rannsóknarréttarhari til ákæruvéttarfars. Samhliða þessum breytingum fór fram gagnger endurskoðun véttarfarslöggyjafar með setningu nýrrar heildarlöggyjafar á öðrum sviðum véttarfars. Lögreglulögin eru einn áfanginn í þessu ferli.

Hinn 29. janúar 1992 skipaði Þorsteinn Pálsson dómsmálaráðherra nefnd, sem m.a. var falið að endurskoða lög um lögreglumenn og lög um Rannsóknarlögreglu ríkisins. Nefndin skilaði tillögum sínum í nóvember 1993 og voru þær lagðar fyrir Alþingi til kynningar.

Hinn 31. maí 1995 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að yfirfara og endurskoða frumvarp til lögreglulaga. Nefndinni var jafnhliða falið að gera tillögur að breytingum á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, sem nauðsynlegar væru til að samræmi næðist við efni lögreglulagafrumvarpsins. Nefndin studdist að miklu leyti við fyrra frumvarp en auk þess leitaði hún víða fanga, svo sem í norrænni löggyjöf um lögreglumálefni og hugmyndum sem fram höfðu komið á fundum með lögreglustjórum og lögreglumönnum. Frumvarp þetta varð að lögum.

Lögreglulögin sem tóku gildi 1. júlí 1997 leystu af hólmi eldri lögreglulög nr. 56/1972 og lög um Rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 108/1976. Frá sama tíma var Rannsóknarlögregla ríkisins lögð niður og flest verkefni þeirrar stofnunar færðust til lögreglu hvers umdæmis. Með þessu varð umtalsverð breyting á öllu skipulagi lögreglunnar, aðallega á Reykjavíkursvæðinu.

Helstu markmið sem stefnt var að með endurskoðun laga um lögregluna voru að breyta skipulagi æðstu stjórnunar lögreglunnar í landinu, að lögfasta skýrari reglur um framkvæmd lögreglustarfa og skýrari reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna.

Endurskoðun laga um lögregluna tengdist einnig breytingum sem urðu með lögum nr. 84, 12. júní 1996 um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, en þau færðu ákæruvald í ríkari mæli en áður til lögreglustjóra í landinu. Breytingin miðar að því að hraða rannsóknnum afbrota og auka skilvirkni með því að einfalda feril mála á rannsóknarstigi og fela lögreglustjórum ákæruvald í fleiri brotaflokkum. Með breytingum á lögum um meðferð opinberra mála var ákæruvald í stærstum hluta þeirra mála sem heyrðu undir ríkissaksóknara flutt til lögreglustjóraembættanna. Stjórn rannsóknar opinberra mála og ákæruvald er því í flestum málaflokkum á einni hendi.



Með lögreglulögnum var komið á fót embætti ríkislögreglustjóra sem tók við veigamiklum stjórnsluverkefnum á sviði löggæslunnar í landinu ásamt tilteknum löggæsluverkefnum, þessum helst:

1. Að flytja og kynna lögreglustjórunum boð og ákvarðanir æðstu handhafa ríkisvaldsins sem snerta starfsemi lögreglunnar með einum eða öðrum hætti, og vinna að og fylgjast með að þeim ákvörðunum verði fylgt í starfsemi lögreglunnar.
2. Að láta dómsmálaráðherra í té upplýsingar um hvers konar lögreglumálefni sem hann getur notað til að undirbúa og byggja ákvarðanir sínar á.
3. Að gera tillögur til dómsmálaráðherra um almenn fyrirmæli til lögreglustjóra.
4. Að vinna að og gera tillögur um hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi í starfsemi lögreglunnar.
5. Að annast alþjóðasamskipti á sviði löggæslu.
6. Að veita lögreglustjórum aðstoð og stuðning í lögreglustörfum.
7. Að annast viðfangsefni sem eðli máls samkvæmt eða aðstæðna vegna kalla á miðstýringu eða samhæfingu á landsvísu eða samstarf við lögreglu í öðru landi.
8. Að hafa með höndum yfirstjórn eða gefa fyrirmæli um framkvæmd einstakra löggæsluverkefna sem krefjast viðamikils undirbúnings eða þátttöku lögreglumanna úr fleiri en einu umdæmi.
9. Ríkislögreglustjóra ber ennfremur að hafa með höndum sérstök verkefni sem snúa að rekstri lögregludeilda á sviði skatta- og efnahagsbrota, og tæknirannsóknna, auk deildar sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins, og aðstoðar lögreglustjóra við rannsóknir alvarlegra brota. Þá skal starfrækja alþjóðadeild sem annist alþjóðleg boðskipti.

Bogi Nilsson var skipaður ríkislögreglustjóri frá og með 1. júlí 1997 en hóf störf við undirbúning að stofnun embættisins hinn 1. janúar sama ár. Þórir Oddsson var skipaður vararíkislögreglustjóri frá og með 1. júlí 1997. Í yfirstjórn embættis ríkislögreglustjóra voru jafnframt skipaðir frá sama tíma Jón H. Snorrason, saksóknari, Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn og Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjónn.

Haraldur Johannessen var skipaður ríkislögreglustjóri 1. febrúar 1998 en Bogi Nilsson tók við embætti ríkissaksóknara 1. janúar sama ár.

Auk þeirra verkefna sem hér hefur verið lýst var sérstaklega hugað að eftirtöldum verkefnum:

- Þróun og viðhaldi tölvumálefna og upplýsingakerfa lögreglunnar.
- Starfsmannamálum lögreglunnar og stjórnun lögregluliða.
- Öryggi æðstu handhafa ríkisvaldsins, sendimanna erlendra ríkja og þjóðhöfðingja á ferðum á Íslandi.
- Samræmingu lögregluaðgerða og stjórnun aðgerða vegna hermdarverka eða þegar almannavá eða hættuástand ber að höndum.
- Samræmingu á störfum lögreglunnar við yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða á landi, sbr. 3. mgr. 6. gr. lögreglulaga.
- Eftirliti með lögreglustöðvum, tækjum þeirra og búnaði.
- Forvörnum og samvinnu lögreglu við önnur stjórnvöld og stofnanir.
- Samræmingu aðgerða lögreglu í umferðarmálum.

Þá veitti ríkislögreglustjórinn útlendingaeftirlitinu forstöðu frá 1. júlí 1997, en útlendingaeftirlitið var gert að sérstakri stofnun sem starfar samkvæmt lögum um eftirlit með útlendingum og færð undir stjórn ríkislögreglustjórans með tilkomu lögreglulaga nr. 90/1996.

Frá stofnun embættis ríkislögreglustjóra hinn 1. júlí 1997 til 15. nóvember 1998 var skipurít embættisins þannig:

Ríkislögreglustjóri		
<p><b>A Þórir Oddsson</b> vararíkislögreglustjóri</p> <p><b>Tæknirannsóknadeild</b> Bjarni J. Bogason aðstoðaryfirlögregluþjónn Samanburðarrannsóknir á sönnunargögnum Leiðsögn um vettvangsrannsóknir, töku sönnunargagna, meðferð þeirra o.þ.h. Aðstoð við vettvangsrannsóknir Fingrafara- og ljósmyndasafn</p> <p><b>Alþjóðadeild</b> Smári Sigurðsson aðstoðaryfirlögregluþjónn Interpol SIRENE Baltcom</p> <p>Lögreglufræði / rannsóknir Málefni Lögregluskóla ríkisins</p>	<p><b>B Hörður Jóhannesson</b> yfirlögregluþjónn</p> <p><b>Rannsóknadeild</b> Gísli Pálsson aðstoðaryfirlögregluþjónn Aðstoðar lögregluumdæmin við rannsóknir brota Rannsakar kærur á lögreglu-menn vegna brota í starfi Rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess</p> <p><b>Fíkniefnastofa</b> Björn Halldórsson aðstoðaryfirlögregluþjónn Upplýsingamiðstöð í fíkniefnamálum Safnar saman, vinnur úr og miðlar upplýsingum, og styður og styrkir með því lögregluumdæmin við að upplýsa ávana- og fíkniefnamál</p> <p><b>Almennt svið</b> Jón M. Gunnarsson aðstoðaryfirlögregluþjónn Tölvumál og skráasöfn lögreglu Starfsmannamál lögreglu Upplýsingar / eftirlit Útlendingaeftirlit lögreglustjóra ID-mál / Forvarnir</p>	<p><b>C Jón Bjartmarz</b> yfirlögregluþjónn</p> <p>Öryggismál / Sérsvaitarmál Björgunarmál / Lögreglustöðvar Öryggismál og búnaður lögreglu Ökutæki lögreglu / Fatnaður lögreglu Umferðarmál</p>
		<p><b>D Þórir Oddsson</b> vararíkislögreglustjóri</p> <p><b>Skrifstofa</b> Fjármálastjórn og bókhald Áætlanagerðir / Útgáfustarfsemi Skjalavarsla</p>
		<p><b>E Jón H. Snorrason</b> saksóknari</p> <p><b>Efnahagsbrotadeild</b> Arnar Jensson aðstoðaryfirlögregluþjónn Rannsakar alvarleg og umfangsmikil fjármunabrot, þar með talin skattalagabrot hvar sem er á landinu og annast saksókn í málum sem hún rannsakar nema ríkissaksóknara beri að höfða málið samkvæmt fyrir-mælum laga</p>
<p><b>Útlendingaeftirlitið</b> Jóhann Jóhannsson framkvæmdastjóri</p>		

Hinn 16. nóvember 1998 varð sú breyting á yfirstjórn embættis ríkislögreglustjórans að Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn, færðist til lögreglunnar í Reykjavík. Í tengslum við þessa breytingu var skipuríti ríkislögreglustjórans breytt og tók nýtt skipurít formlega gildi 1. janúar 1999 en unnið var að mestu samkvæmt því frá 16. nóvember 1998. Þann dag komu tveir nýir yfirlögregluþjónar til embættisins, þeir Guðmundur Guðjónsson og Jónmundur Kjartansson, sem báðir höfðu verið yfirlögregluþjónar í Reykjavík. Verkefnum sem yfirlögregluþjónarnir Hörður og Jón höfðu með höndum, og nýjum verkefnum sem færð voru undir embætti ríkislögreglustjóra, var skipt niður í þrjú svið eins og fram kemur í nügildandi skipuriti.



## Þórir Oddsson vararíkislögreglustjóri

Fjárveitingar til embættisins árið 1997 námu 77,9 milljónum króna (ath. frá stofnun þess hinn 1. júlí 1997). Raunkostnaður við reksturinn á sama tíma nam 83,8 milljónum króna eða 5,9 milljónum umfram fjárheimildir. Sá halli var færður yfir á árið 1998 og dróst þá frá fjárheimildum. Fjárheimildir ársins 1998 námu samtals 225,3 milljónum króna. Raunkostnaður nam 216,4 milljónum króna, þannig að fjárheimildir umfram rekstrarkostnað eftir að halli ársins 1997 hafði verið greiddur, námu 3,0 milljónum, sem voru færðar yfir á árið 1999.

Í júlí 1997 fól dómsmálaráðuneytið ríkislögreglustjóranum að undirbúa og koma í gagnið nýju sekta- og punktakerfi vegna umferðarlagabrota. Sektakerfið var tekið í notkun 1. janúar 1998. Rekstrarkostnaður við sektakerfið nam á árinu 1998 13,9 milljónum króna, þ.e. daglegur rekstur, póstsending innheimtuseðla, ítrekana og birt-ingavottorða. Ekki var færður kostnaður við umsjón og eftirlit með kerfinu.

Eftir að embætti ríkislögreglustjórans tók til starfa hefur verkefnum og viðfangsefnum fjölgað jafnt og þétt umfram það sem varð séð fyrir við gildistöku lögreglulaganna. Má þar nefna sektakerfið, breytingar á áfengis- og skotvopnalöggjöf, sem höfðu í för með sér umfangsmikla útgáfu leyfa af ýmsu tagi, stofnun umferðardeildar og tilfærslu á for-ræði sérsveitar lögreglunnar frá lögreglustjóranum í Reykjavík til ríkislögreglustjórans. Má um þessi og önnur verkefni vísa til þess sem um þau segir annars staðar í skýrslu þessari.

### Gróf sundurliðun skráðra mála hjá ríkislögreglustjóranum árið 1998:

Afgreiðsla fyrirspurna og ýmissa smærri erinda	318	Rannsóknadeild	57
Alþjóðadeild	218	Starfsmannahald	173
Björgunarmál	6	Tæknirannsóknastofa	192
Efnahagsbrotadeild	76	Tölvumál	18
Fíkniefnamálefni	38	Umferðarmál	53
ID-mál	4	Öryggismál	46
Leyfaafgreiðslur	129	Annað	443
		<b>Samtals skráður málafjöldi</b>	<b>1.771</b>



Fjöldi starfsmanna í lok ársins 1998 var 42, þ.e. ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, saksóknari, 3 yfirlögregluþjónar, framkvæmdastjóri Útlendingaeftirlits, 2 lögfræðingar, 8 aðstoðaryfirlögregluþjónar, 17 lögreglumenn, 6 skrifstofumenn og 2 matráðskonur. Í frumvarpi til lögreglulaga var ráð fyrir því gert að við embættið störfuðu 27 starfsmenn. Ennfremur fluttust 6 starfsmenn með útlendingaeftirlitinu frá lögreglustjóranum í Reykjavík. Fjölgun hafði þannig orðið um 9 stöður á fyrsta eina og hálfu árinu.

### Rekstraryfirlit embættis ríkislögreglustjórans í rauntölum

	1997	1998
<b>Laun</b>	<b>60.431.000 kr.</b>	<b>150.192.000 kr.</b>
dagvinna	30.916.000 kr.	69.821.000 kr.
vaktaálag	4.895.000 kr.	12.620.000 kr.
aukagreiðslur	2.794.000 kr.	3.793.000 kr.
yfirvinna	15.416.000 kr.	40.271.000 kr.
launatengd gjöld	6.410.000 kr.	23.687.000 kr.
<b>Ferðir og fundir</b>	<b>5.359.000 kr.</b>	<b>12.688.000 kr.</b>
ferða- og dvalarkostnaður innanlands	479.000 kr.	2.678.000 kr.
ferða- og dvalarkostnaður erlendis	4.111.000 kr.	7.913.000 kr.
fundir, námskeið og risna	286.000 kr.	1.194.000 kr.
akstur	483.000 kr.	903.000 kr.
<b>Rekstrarvörur</b>	<b>1.987.000 kr.</b>	<b>6.570.000 kr.</b>
tímarit, blöð og bækur	281.000 kr.	722.000 kr.
skrifstofuvörur og áhöld	1.094.000 kr.	2.381.000 kr.
aðrar vörur	612.000 kr.	3.467.000 kr.
<b>Aðkeypt þjónusta</b>	<b>11.590.000 kr.</b>	<b>31.866.000 kr.</b>
tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	360.000 kr.	894.000 kr.
önnur sérfræðiþjónusta	8.518.000 kr.	11.616.000 kr.
sími og ýmis leigugjöld	1.652.000 kr.	5.188.000 kr.
prentun, póstur, auglýsingar, flutningar	1.060.000 kr.	14.168.000 kr.
<b>Húsnæði</b>	<b>2.902.000 kr.</b>	<b>6.132.000 kr.</b>
húsaleiga og aðkeypt ræsting	1.227.000 kr.	2.257.000 kr.
rafmagn og heitt vatn	836.000 kr.	1.341.000 kr.
verkkaup og byggingavörur	643.000 kr.	1.177.000 kr.
fasteignagjöld og tryggingar	196.000 kr.	1.357.000 kr.
<b>Bifreiðar og vélar</b>	<b>670.000 kr.</b>	<b>2.867.000 kr.</b>
verkstæði og varahlutir	275.000 kr.	1.240.000 kr.
eldsneyti og olía	351.000 kr.	1.147.000 kr.
<b>Vextir, bætur og skattar</b>	<b>9.000 kr.</b>	<b>104.000 kr.</b>
<b>Eignakaup</b>	<b>1.611.000 kr.</b>	<b>6.050.000 kr.</b>
<b>Rekstrarkostnaður alls</b>	<b>84.559.000 kr.</b>	<b>216.469.000 kr.</b>
<b>Sértekjur samtals</b>	<b>- 768.000 kr.</b>	<b>- 116.000 kr.</b>
<b>Gjöld umfram sértekjur</b>	<b>83.791.000 kr.</b>	<b>216.353.000 kr.</b>

## Alþjóðadeild

Við stofnun embættis ríkislögreglustjórans 1. júlí 1997 varð sú breyting á erlendum samskiptum lögreglu að þeir málaflokkar sem áður höfðu verið hjá Interpoldeild Rannsóknarlögreglu ríkisins fluttust til nýstofnaðrar alþjóðadeildar ríkislögreglustjórans. Auk þess bættust formlega við önnur verkefni þ.e. undirbúningur að stofnun landsskrifstofu vegna Schengen samningsins (SIRENE), Task Force on Organized Crime in the Baltic Sea Region (BALTCOM) og norrænt lögreglu- og tollsamtarf (PTN). Þar að auki er alþjóðadeildin landsskrifstofa fyrir Interpol. Starfsmönnum fjölgaði úr einum í tvo.

Samskipti við erlend lögregluyfirvöld hafa aukist til mikilla muna á undanfórnum árum. Fjölgun Íslendinga erlendis og útlendinga hér á landi hefur sjálfkrafa leitt til þess að veruleg aukning hefur orðið á ýmskonar fyrirspurnum í báðar áttir.

Segja má að samskiptaleiðir alþjóðadeildar við erlend yfirvöld séu í meginatriðum þrjár þ.e. við Interpol, PTN og beint samband við lögregluumdæmi á Norðurlöndum. Hin fjórða, þ.e. samstarf Eystrasaltsríkja þar sem Ísland er einnig þátttakandi, er að mestu áheyrnaraðild. Það samstarf heyrir undir forsætisráðuneytið en íslensk lögregla er ekki virkur þátttakandi.

Fjöldi skráðra mála til meðferðar í alþjóðadeild:

	1997	1998
Interpol	88	190
PTN	7	20
Baltcom	4	8

## INTERPOL



Flest þeirra verkefna sem koma til kasta alþjóðadeildar berast um samskiptakerfi Interpol. Hér er um að ræða svokallað X-400 tölvusamskiptakerfi sem nær til allra 177 aðildarríkjanna. Samskiptakerfi Interpol hefur sannað ágæti sitt við meðferð ýmissa mála hér og m.a. komið að notum við fyrirspurnir til Kína, Ástralíu, Kúbu og fleiri fjarlæggra landa, auk hinna hefðbundnu samskipta við Evrópulönd sem eru meginuppistaða samskiptanna.



## Mikilvæg ártöl í sögu alþjóðalögreglunnar INTERPOL

**1914** - Fyrsta alþjóðlega lögregluráðstefnan haldin í Monaco. Undirbúningur stofnunar alþjóðasamtaka hefst. Ekkert gerist frekar vegna fyrri heimsstyrjaldar.

**1923** - Önnur alþjóðlega lögregluráðstefnan haldin í Vín. Stofnað er International Criminal Police Commission (ICPC) með aðalstöðvar í Vín. Starfaði fram að seinni heimsstyrjöld. Nánast eingöngu Evrópu-samtök.

**1946** - Eftir síðari heimsstyrjöld var haldin ráðstefna í Brüssel til að endurskoða ICPC og alþjóðlega lögreglusamvinnu almennt. Höfuðstöðvar fluttar til Parísar og skammstöfunin INTERPOL notuð í fyrsta sinni.

**1956** - ICPC breytt í International Criminal Police Organization-Interpol, skammstafað ICPO-Interpol.

**1966** - Höfuðstövar Interpol fluttar til Saint Cloud utan við París.

**1971** - Ísland gerist aðili að ICPO-Interpol.

**1989** - Nýjar höfuðstöðvar Interpol vígðar í Lyon.

**1996** - Interpol veitt áheyrnaraðild að allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

**1997** - Fjöldi aðildarríkja 177. Öll þessi ríki tengjast lokuðu tölvuneti Interpol. Um netið fara um það bil tvær milljónir skeyta á ári.

Frá 1. júlí 1997 hafa fjölmörg mál borist til alþjóðadeildar um samskiptakerfi Interpol þar sem þörf var úrvinnslu af einhverju tagi; beiðnir um rannsókn, upplýsingar um sakaferil o.s.frv.

Á tímabilinu hafa einnig verið sendar út nokkrar eftirlýsingar þar sem óskað er eftir handtöku með framsal í huga. Dæmi eru um að slíkar eftirlýsingar hafi skilað árangri, og brotamenn verið handteknir og framseldir, jafnvel eftir umtalsverðan málarekstur.

Þess má geta að á degi hverjum berst mikill fjöldi mála á netinu sem þarfnast yfirlestrar og ákvörðunar um framhald. Árlegur málafjöldi á Interpolnetinu til yfirlestrar er u.þ.b. 25 þúsund.

Segja má að Interpol sé í raun einu alþjóðlegu lögreglusamtökin sem standa fyllilega undir því nafni.

## **PTN**

Norrænt samstarf tolls og lögreglu (PTN) felst m.a. í norrænum sambandsmönnum sem staðsettir eru víðsvegar í Evrópu en einnig í Asíu þ.e. Thailandi og Pakistan. Þeir starfa sem tengiliðir allra Norðurlanda við lögregluþyrirvöld á hverjum stað og annast ýmiskonar milligöngu við upplýsingaöflun og málarekstur.

Í fyrstu var ætlunin að sambandsmennirnir ynnu einungis að fíkniefnamálum en fljótlega breyttust viðhorfin og um margra ára skeið hafa þeir sinnt öllum málaflokkum.

Sambandsmönnum hefur fjölgað til mikilla muna á seinni árum og þá sérstaklega í fyrrverandi austantjaldsríkjum.

Ísland hefur enn sem komið er ekki lagt til sambandsmann, fyrst og fremst vegna mikils kostnaðar sem því fylgir.

Samstarf við norræna sambandsmenn bæði tolls og lögreglu hefur reynst afar gott og þeir oft veitt árangursríka aðstoð við upplýsingaöflun.

Langmest samskipti hafa verið við þá sambandsmenn sem eru í Þýskalandi enda fjöldi Íslendinga verið handtekinn þar í landi á undanförunum árum. Þá hafa talsverð samskipti verið við London en auk þess við Haag, París, Bangkok o. fl.

Um norrænt samstarf má nefna að talsvert er um erindi sem berast beint frá staðaryfirvöldum á hinum Norðurlöndunum, sérstaklega Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Er þar jafnt um að ræða formleg erindi þar sem farið er fram á yfirheyrslur í málum o.þ.h. eða óformleg erindi svo sem símtöl þar sem verið er að leita eftir upplýsingum um einstaklinga. Þessum óformlegu erindum, sem varða öflun og miðlun upplýsinga, hefur fjölgað mjög.

Tekin hefur verið upp sú stefna í alþjóðadeild að beiðnir sem fara héðan, t.d. um yfirheyrslur í málum, eru sendar beint til viðkomandi lögreglustjóra á Norðurlöndum. Þessi aðferð hefur reynst vel og er af henni augljós tímasparnaður.

## **BALTCOM**

Árið 1996 stofnuðu forsætisráðherrar Norðurlandanna og landanna sem liggja að Eystrasalti, samtök sem hafa það meginmarkmið að berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi.

Sérlegir fulltrúar forsætisráðherra aðildarlanda hittast reglulega og móta stefnu samtakanna. Hér á landi hefur forsætisráðuneytið veg og vanda af samskiptunum.

Fljótlega eftir stofnun var ákveðið að nota fjarskiptakerfi Interpol sem samskiptanet fyrir aðildarríki BALTCOM. Þar með varð alþjóðadeild ríkislögreglustjórans þátttakandi í samstarfinu.

Sett hefur verið á fót starfsnefnd sem skipuð er lögreglumönnum í þeim tilgangi að

sameina lögregluáðgerðir og ýmis átaksverkefni innan svæðisins. Til þessa hefur Ísland ekki tekið þátt í því starfi sökum kostnaðar og því vart hægt að segja að um virka þátttöku sé að ræða af okkar hálfu.

### Schengen



Eins og kunnugt er hefur Ísland samið um þátttöku í Schengen-samstarfinu ásamt Noregi og er gert ráð fyrir að samstarfið hefjist formlega í október árið 2000.

Ákveðið hefur verið að landsskrifstofa Schengen, svonefnd SIRENE (Supplementary Information Request at National Entry) verði hjá ríkislögreglustjóranum og er nú unnið að undirbúningi samstarfsins í samvinnu við dómismálaráðuneytið og önnur þau yfirvöld sem málið varðar, auk Skráningarstofu sem sér um uppsetningu og rekstur upplýsingakerfis Schengen. Viðbúið er að talsverð breyting verði á vinnubrögðum lögregluþyrvalda við gildistöku Schengen-samstarfsins og hefur m.a. verið ákveðið að allir lögreglumenn hér á landi fái grundvallarfræðslu um það. Hefur Lögregluskóla ríkisins verið falinn undirbúningur þess.

Þess má geta að frá 1. maí s.l. færðist Schengen-samstarfið formlega undir forræði Evrópusambandsins og hefur það haft breytingar í för með sér.



## Schengen-samningurinn

Schengen-samningurinn kom til framkvæmda þann 26. mars 1995 milli Belgíu, Hollands, Lúxemborgar, Frakklands, Portúgal, Spánnar og Þýskalands. Eftir það hafa Danmörk, Finnland og Svíþjóð, ásamt Austurríki, Grikklandi og Ítalíu, gengið inn í samninginn. Aðild að honum er aðeins heimil ríkjum innan Evrópusambandsins. Öll ríki þess eru nú aðilar, utan Stóra-Bretland og Írland. Jafnhliða því að önnur Norðurlönd gerðust aðilar að samningnum, gerðu Ísland og Noregur samstarfssamning við Schengen-ríkin um afnám persónueftirlits á sameiginlegum landamærum. Undirbúningur héraðs miðar að því að Schengensamningurinn komist að fullu í framkvæmd hér á landi í október árið 2000.

Jafnhliða því að persónueftirlit er aflagt á landamærum aðildarríkja Schengen-samningsins, koma til ákvæði í honum sem efla eiga samstarf ríkjanna um öryggis- og afbrotamál, svo sem: 1) um aukið samstarf lögreglu, 2) um réttaraðstoð, t.d. um framsal sakamanna, gagnkvæma hjálp í brotamálum o.s.frv., 3) um samræmdar reglur varðandi útgáfu vegabréfsáritunar og að áritun eins ríkis gildi á öllu svæðinu, 4) um samræmdan lista yfir þau ríki hvaðan krafist er vegabréfsáritunar og 6) um það hvaða ríki skuli hafa skyldu til að fjalla um beiðni um hæli.



### **Lagadeild**

Nokkuð er um fyrirspurnir frá erlendum stofnunum um löggjöf og skipulag lögreglu- mála hér á landi. Umsagnir um lagafrumvörp og lögreglusamþykktir eru allnokkrar á ári hverju og taka talsverðan tíma.

Úrskurðir vegna útlendinga sem hér leita hælís, eða af ýmsum ástæðum öðrum, hafa farið vaxandi og á árinu 1998 voru kveðnir upp átta úrskurðir. Fjórir þeirra voru kærðir til dómsmálaráðuneytisins.

Ýmis önnur erindi tengd setningu reglna af ýmsu tagi í starfsemi lögreglunnar berast lagadeild til umsagnar og álitsgerðar.

### **Menntunar- og fræðslumál**

Svo sem mælt er fyrir um í lögreglulögum er Lögregluskóli ríkisins sjálfstæð stofnun. Í greinargerð með lögnum og reglugerð nr. 490/1997 segir að hann heyri undir dómsmálaráðherra og sé í sömu tengslum við embætti ríkislögreglustjóra og lögreglu- embættin í landinu. Ríkislögreglustjóri eða fulltrúi hans skal vera formaður skólanefnd- ar og hefur vararíkislögreglustjóra verið falið að gegna því starfi. Skólanefnd skal vera ráðgefandi um starfsemi skólans og vettvangur skoðanaskipta um námsefni, þörf á að fella niður eða bæta við námsgreinum og skyld efni. Er þetta mjög áhugavert verkefni.



Jón Bjartmarz  
yfirlögrelupjónn

#### Öryggismáladeild

Öryggisgæsluverkefni, öryggismál vegna æðstu stjórnar ríkisins og erlendra sendiráða.

#### Sérsvait lögreglunnar

Yfirstjórn, skipulag og stefnumótun sérsvaitar lögreglu og annar vopnaður viðbúnaður lögreglu.

#### Leitar- og björgunarmáladeild

Hlutverk lögreglu í leit og björgun. Samræming á sviði björgunarmála. Samvinna við aðra aðila á sviði leitar og björgunar.

#### Umferðarmáladeild

Stefnumörkun og samræming umferðarlöggæslu. Skipulag umferðareftirlits og rekstur sérútbúinna bifreiða.

#### Áfengiseftirlits- og vopnalaga-deild

Leyfisveitingar. Skipulag og samræming eftirlits lögreglu. Skotvopnaskrá.

#### Tækja- og búnaðardeild

Öryggismál og búnaður lögreglu, ökutæki, fatnaður, fjarskiptamál.

#### Alþjóðleg lögreglustörf

Lögreglustörf á vegum alþjóðasamtaka (SP)

### Öryggismáladeild

Samkvæmt lögreglulögum nr. 90/1996, annast ríkislögreglustjórinn viðfangsefni sem eðli máls samkvæmt eða aðstæðna vegna kalla á miðstýringu eða samhæfingu á landsvísi eða samstarf við lögreglu í öðru landi. Hann starfrækir lögreglurannsóknadeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins.

Í almennum hegningarlögum nýtur æðsta stjórn ríkisins sérstakrar verndar. Á aðför gegn þeim sem veljast til æðstu starfa hjá þjóðinni, er litið sem aðför að þjóðinni allri. Frá stofnun embættis ríkislögreglustjóra hefur verið hugað sérstaklega að öryggismálum æðstu stjórnar ríkisins. Hefur þá verið haft að leiðarljósi að lögreglan skal gæta almannaöryggis og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins. Því hefur svo verið litið á að henni beri að sýna frumkvæði og sinna forvörnum á sviði öryggismála. Gerðar hafa verið úttektir á öryggi æðstu stjórnar ríkisins og fulltrúum annarra stofnana verið veitt leiðsögn á því sviði.

Að auki hefur ríkislögreglustjórinn haft með höndum öryggisþáttinn við undirbúning og skipulagningu vegna heimsókna erlendra fyrirmanna með það að markmiði að samræma störf lögregluliðanna sem að þeim koma. Er þá um að ræða viðfangsefni sem kalla á þátttöku lögreglustjóra og lögreglumanna úr fleiri en einu lögregluumdæmi, og á samhæfingu lögregluliða.

Meðal verkefna öryggismáladeildar er öryggi ríkisins, og viðbrögð vegna hugsanlegra hermdarverka, skipulegrar alþjóðlegrar brotastarfsemi og annarra afbrota sem beinast kunna gegn mikilvægum þjóðfélagshagsmunum.

### Sérsvait lögreglunnar

Árið 1979 voru 16 menn valdir úr lögregluliðinu í Reykjavík til að hljóta aukna líkams- og vopnaþjálfun. Aðdragandi þess voru nokkur tilvik sem upp höfðu komið og opnuðu augu stjórnenda löggæslumála fyrir því að lögreglan á Íslandi þyrfti sérstakan undirbúning til að geta tekist á við vopnað fólk og jafnvel alþjóðlega glæpa- og hryðjuverkastarfsemi. Í því sambandi er þess að minnast að árið 1976 lenti hér á landi flugvél með flugræningja innanborðs.

Haustið 1981 var stofnuð núverandi sérsvait í samvinnu lögreglunnar í Reykjavík og dómsmálaráðuneytisins. Sérsvaitin hefur verið

undir stjórn lögreglustjórans í Reykjavík en sú breyting verður á árinu 1999 að sveitin, stjórnendur hennar, rekstur og öll þjálfun færist til ríkislögreglustjórans. Aðrir starfsmenn hennar verða hins vegar sem fyrr við almenn lögreglustörf hjá sínu lögregluembætti þegar þeir eru ekki í sérsvaitarstörfum.



### Leitar- og björgunarmáladeild

Lögreglustjórar fara með yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða á landi, samkvæmt lögreglulögum. Lög um almannavarnir fela lögreglustjórum stjórn almannavarna, hverjum í sínu umdæmi.

Hjá embætti ríkislögreglustjórans hefur verið til athugunar hvernig samræma megi störf lögreglunnar á sviði björgunarmála og efla lögregluliðin í því starfi. Einnig með hvaða móti megi samræma störf lögreglunnar og annarra opinberra aðila og björgunarsveita svo að tryggja megi sem best hagsmuni þeirra sem eru í nauðum staddir hverju sinni.

Fulltrúi ríkislögreglustjórans hefur tekið þátt í skipulagningu og framkvæmd flugslysæfinga sem haldnar hafa verið af Flugmálastjórn í Vestmannaeyjum og á Akureyri. Fleiri slíkar æfingar eru fyrirhugaðar.

Í maí 1998 var skipaður starfshópur á vegum Almannavarna ríkisins, sem skal endurskoða vettvangsstjórnarskipulag almannavarna og er niðurstöðu að vænta árið 1999. Auk fulltrúa ríkislögreglustjórans og Almannavarna ríkisins, eiga þar sæti fulltrúar slökkviliða, sjúkráþjónustu og björgunarsveita.

## Umferðarmáladeild

### Hraðamyndavélar

Í október 1997 afhenti dómsmálaráðuneytið ríkislögreglustjóranum hraðamælingatæki með myndavél sem komið hafði verið fyrir í sérstakri bifreið. Tækið er af gerðinni Traffipax og framleitt í Þýskalandi. Því hafði verið komið fyrir í bifreiðinni undir umsjón starfsmanns framleiðanda.

Ætlunin var að hefja þegar notkun tækisins, sem almennt gengur undir nafninu hraðamyndavél. Þá kom í ljós að undirbúningi var áfátt og í stuttu máli lá ekki fyrir hvernig ætti að nota búnaðinn né eftir hvaða reglum. Hjá ríkislögreglustjóranum voru settar starfsreglur um þennan búnað og útbúin dagbók fyrir starfseminu, sem öll notkun tækisins er skráð í. Í framhaldi af þessu kom til landsins starfsmaður framleiðanda og hélt námskeið í byrjun desembermánaðar fyrir starfsmenn ríkislögreglustjórans og Lögregluskóla ríkisins. Fengu þeir sem sátu námskeiðið bæði notkunar- og kennsluréttindi á tækjabúnaðinn.

Í byrjun árs 1998 fékk ríkislögreglustjórinn að láni lögreglumann hjá embættinu í Kópavogi og starfrækti sá aðra hraðamyndavélina víða á höfuðborgarsvæðinu til reynslu. Hinni myndavélinni var komið fyrir í gamalli lögreglubifreið sem fyrirhugað var að endurnýja en fékk þarna nýtt hlutverk. Báðar vélarnar voru sendar til framleiðanda í mars 1998 þar sem ekki höfðu verið gerðar á þeim lokaprófanir áður en þær voru sendar til Íslands. Þannig prófanir skal gera árlega á vélunum hjá óháðri eftirlitsstofnun í Þýskalandi, sem í framhaldi af því innsiglar tækin og gefur út vottorð um áreiðanleika þeirra.

Opinber starfræksla beggja hraðamyndavélna hófst 26. maí 1998. Hefur hún verið með ágætum og hafa mál byggð á þeim verið rekin fyrir dómstólum og áreiðanleiki tækjanna lítt verið dreginn í efa.

### Öndunarmælar

Hinn 19. desember 1997 afhenti dómsmálaráðherra ríkislögreglustjóranum sérstakt mælitæki af gerðinni Intoxilyzer 5000N til notkunar við sönnunarfærslu í ölvunaraksturumálum. Afhendingin fór fram við athöfn í Kringlunni.

Tveir lögreglumenn frá lögreglunni í Reykjavík höfðu í marsmánuði 1997 farið til Svíþjóðar til að kynna sér þessi mælitæki, í kjölfar ákvörðunar dómsmálaráðuneytisins um kaup á þeim.

Tvö tæki þessarar gerðar komu til landsins sumarið 1997. Þegar ríkislögreglustjórinn hóf afskipti af þeim voru tækin bæði komin til landsins og annað hafði þegar verið sett upp á lögreglustöðinni í Reykjavík. Það hafði verið ákveðið að nota sama vinnulag við tækin hér og viðhaft er í Noregi, og þegar var búið að þýða á íslensku nokkuð af norsk-



Hraðamælingatækið Traffipax



um vinnugögnum. Reglur um töku öndunarsýna höfðu ekki verið settar og eftir var að skipuleggja þjálfun í notkun tækjanna.

Dómsmálaráðuneytið og rannsóknastofa Háskóla Íslands í lyfjafræði höfðu fram- lengt samstarfssamning árið 1996 þar sem m.a. var kveðið á um að hafa skyldi samstarf við rannsóknastofuna ef slík mælitæki yrðu tekin í notkun hér á landi. Þetta varð kveikjan að því að ríkislögreglustjórinn ritaði dómsmálaráðuneytinu bréf 27. október 1997 og fékk svar um að honum væri falið að hefja undirbúning að notkun þessara mælitækja hér á landi.

Um miðjan nóvember 1997 fóru tveir starfsmenn ríkislögreglustjórans og einn frá Lögregluskóla ríkisins til Osló og sátu námskeið hjá lögreglu í meðferð tækjanna ásamt því að afla sér réttinda til að mennta aðra til notkunar á búnaðinum. Yfirgripsmikil undirbúningsvinna fór þá af stað og var haft samráð við rannsóknastofu Háskólans.

Allur undirbúningur leiddi á endanum til þess að 26. maí 1998 hófst formleg taka öndunarsýna til sönnunarfærslu í ölvunarakstursmálum hér á landi. Þá hafði öðru mælitækkinu verið komið fyrir á lögreglustöðinni í Reykjavík en hinu í sérbúinni bifreið sem keypt var fyrir verkefnið. Haldin höfðu verið námskeið fyrir sýnatökumenn í samráði við Lögregluskólann, skipaðir eftirlitsmenn með fyrirkomulaginu og nefnd þriggja óháðra sérfræðinga til að fylgjast reglulega með stöðugleika og gæðum mælitækjanna. Jafnframt höfðu bæði mælitækin verið send til Statens kriminaltekniska laboratorium (SKL) í Svíþjóð til skoðunar og prófunar, sem ber að gera árlega. Gefur sú stofnun út vottorð um áreiðanleika tækjanna.

Taka öndunarsýna í ölvunarakstursmálum gekk í heild sinni vel og þeir sem að því unnu lögðu sig fram við að sinna verkefninu. Bifreiðin með mælitækið fór víða um land og var tækjabúnaðurinn kynntur lögreglumönnum, lögreglustjórum og fulltrúum þeirra. Mikið samstarf hefur verið við þá starfsmenn Utrykningspolitiet í Noregi sem hafa umsjón með öndunarsýnamælum norsku lögreglunnar og samstarfssamningur gerður um aðstoð þeirra.

Þessir sérhæfðu yfirumsjónarmenn norsku lögreglunnar komu hingað til lands í október 1998, fóru yfir tækjabúnaðinn og uppsetningu hans og könnuðu rækilega hvernig að töku öndunarsýna er staðið hér. Þeir gerðu engar athugasemdir þegar skoðun leiddi í ljós að hér var nákvæmlega farið að öllum reglum, en í byrjun var ákveðið að nota hér á landi sömu aðferðir og reglur og norska lögreglan notar við töku öndunarsýna í ölvunarakstursmálum.

#### *Önnur umferðarmál*

Hinn 15. ágúst 1997 kom út reglugerð um ökuskírteini nr. 501/1997 en samkvæmt henni er ríkislögreglustjórinn að forminu til útgefandi allra ökuskírteina. Tekin voru upp ný ökuskírteini með samræmdu evrópsku útliti og nýjum kóðum ökuréttinda. Talsverð vinna hefur fólgt í yfirfærslu ökuréttinda og útskýringum til almennings og starfsmanna lögregluembættanna.

Í júlímánuði 1998 setti dómsmálaráðherra á fót starfshóp til að kanna áhrif og afleiðingar símanotkunar ökumanna fyrir umferðaröryggi. Ríkislögreglustjórinn átti fulltrúa í hópnum, sem skilaði skýrslu til ráðherra í nóvember 1998. Niðurstaðan var sú að banna símanotkun við akstur ökutækja, nema með handfrjálsum búnaði en ákvæði þessa efnis hafa enn ekki verið lögfest.



## Notkun öndunarmæla á þátt í fækkun alvarlegra umferðarslysa

Á þeim tíma sem þessi skýrsla er unnin (mitt ár 1999) hafa nokkur ölvunarakstursmál farið fyrir dómstóla, þar sem öndunarsýni voru sönnunargögn. Í byrjun var eingöngu tekist á um bráðabirgðasviptingar ökuleyfa, sem alltaf eru gerðar þegar niðurstaða bendir til áfengismagns yfir mörkum. Nú liggja fyrir efnisdómar, þar á meðal frá Hæstarétti, þar sem öndunarsýni var ekki viðurkennt sönnunargagn og niðurstaðan sýknudómur.

Ríkissaksóknari sendi í ágúst mánuði 1998 bréf til lögregluembættanna þar sem hann lagði svo fyrir að sérlega yrði vandað til flutnings fyrstu málanna vegna fordæmisgildis þeirra, þar sem öndunarsýni væri beitt sem sönnunargagn. Þrátt fyrir það töpuðust mál og var því horfið til fyrri aðferða við greiningu alkóhóls í blóði ökumanna, þ.e. töku blóðsýnis. Áfram er unnið að málinu og fyrirséð að mælitækin verða tekin í notkun á ný að lokinni frekari gagnaöflun.

Þrátt fyrir þann stutta tíma sem tækin hafa verið í notkun, er ljóst að verulegur árangur náðist við fækkun alvarlegra umferðarslysa vegna ölvunaraksturs á árinu 1998. Það er í samræmi við markmið umferðaröryggisáætlunar Alþingis og reynslu annarra þjóða, þar sem öndunarsýnamælar hafa verið teknir í notkun við sönnunarfærslu í ölvunarakstursmálum.

Enn er ólokið málum vegna ölvunaraksturs sem byggja á öndunarsýnum og er þess vænst að dómstólar viðurkenni niðurstöðu öndunarsýna sem fullgilda sönnun fyrir ölvunarakstri með sama hætti og gert er í flestum nágrannalöndum okkar.

Ríkislögreglustjóranum berst fjöldi fyrirspurna frá lögregluembættunum um umferðarmál. Þá er talsvert um að almennir borgarar hringi og spyrjist fyrir eða kvarti um umferðarmál.

### Áfengiseftirlits- og vopnalagadeild

Með gildistöku áfengislaga nr. 75/1998 frá 1. júlí 1998 og vopnalaga nr. 16/1998 frá 1. september 1998 færðust umfangsmikil verkefni frá ráðuneytum dómsmála og fjármála til ríkislögreglustjórans, m.a. margskonar leyfaveitingar og samræming vinnubragða lögreglu í landinu. Áður en vopnalögin öðluðust gildi hafði ríkislögreglustjóranum verið falin afgreiðsla ýmissa mála, sem heyrðu samkvæmt eldri lögum undir dómsmálaráðuneytið og höfðu verið afgreidd þar. Við gildistöku nýju laganna var stofnuð sérstök áfengis- og vopnalagadeild við embættið.

Í tengslum við vopnalögin hafa vinnubrögð lögregluembættanna verið samræmd og unnið að skotvopnaskrá fyrir landið. Þetta hefur m.a. verið gert í samstarfi við tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins. Þá hefur verið tekið upp samstarf við embætti ríkisskattstjóra, ríkistollstjóra, ríkisbókhald, Hagstofu Íslands og fleiri aðila vegna útgáfu leyfa og eftirlits með framleiðslu, innflutningi og heildsölu áfengis.

Útbúinn hefur verið fjöldi umsóknareyðublaða og leyfisbréfa í tengslum við vopna-

og áfengislögin sem þegar er farið að nota. Forrit að landsskrá skotvopna er enn í undirbúningi og er ætlunin að bjóða gerð þess út. Mikið starf hefur verið unnið í gerð nýrra reglugerða um skotvopn, skotfæri o.fl., um sprengiefni, um flutning á hættulegum farni, um skotelda, og um framleiðslu, innflutning og heildsölu áfengis í atvinnuskyni.

Í samvinnu við dómsmálaráðuneytið hefur verið unnið að nýjum reglum um valdbeitingu lögreglumanna með valdbeitingartækjum og vopnum samkvæmt heimild í vopnalögum. Ætlunin er að endurskoða allar reglur sem til eru um þetta og hverjar þeirra falli úr gildi eftir að dómsmálaráðherra hefur staðfest þessar nýju reglur. Þessari vinnu var ekki lokið í árslok 1998.

Þá hefur verið unnið að reglum um vopnaburð lögreglu og flutning vopna um borð í loftförum annarra en opinberra aðila í samvinnu við Flugmálastjórn. Þessar reglur hafa verið staðfestar af ríkislögreglustjóra.

Til ársloka 1998 bárust embættinu umsóknir tengdar vopna- og áfengislögum sem hér segir:

Vopnalög	Samtals	Í vinnslu 31/12
Umsóknir um undanþáguleyfi vopna (mest v/ skotípróttu)	56	5
Umsóknir um innflutning skotvopna	30	1
Umsóknir um útflutning skotvopna (mest skammtímaútl.)	18	0
Umsóknir um verslun með skotvopn og skotfæri	5	3
Umsóknir um framleiðslu skotvopna og sprengiefna	2	1

Áfengislög	Samtals	Í vinnslu 31/12
Umsóknir um endurnýjun og ný leyfi vegna framleiðslu, innflutnings og heildsölu áfengis	18	18

(Umsóknir vegna áfengismála voru teknar til efnislegrar meðferðar og bráða-birgðaleyfi gefin út þegar lagaskilyrðum um leyfi var fullnægt, en formlegri leyfaútgáfu frestað vegna tafa á útgáfu reglugerðar með lögunum).

## Tækja- og búnaðardeild

### Ökutæki

Í desember 1997 skipaði ríkislögreglustjórnin nefnd til að yfirfara ökutækjamál lögreglunnar. Nefndarmenn voru Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjónn, formaður, Lárus Bjarnason, sýslumaður, Sólmundur Már Jónsson, þá fjármálastjóri dómsmálaráðuneytisins, Valgeir Guðmundsson, aðalvarðstjóri og Arinbjörn Snorrason, varðstjóri. Starfsmaður nefndarinnar var Guðmundur H. Jónsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn. Valgeir, Arinbjörn og Guðmundur fóru hringferð um landið á vegum nefndarinnar og skoðuðu ástand nær allra lögreglubifreiða og ræddu við heimamenn um þeirra hugmyndir varðandi tegundir og samsetningu bílafloata á hverjum stað. Hélt nefndin sjö vinnufundi og skilaði skýrslu til ríkislögreglustjórans 27. apríl 1998. Sú skýrsla fór til dómsmálaráðuneytisins og allra lögregluembættu.

Skýrslan lýsir ástandi ökutækjanna og leggur til hugmyndir að breyttum vinnubrögðum við rekstur og kaup ökutækja. Þá fylgdu skýrslunni drög að skilgreiningu



## Nýjar reglur um ökutæki lögreglunnar

Meginbreytingin fólst í nýjum lit á einkennisborðum og nýrri merkingu ökutækja ásamt því að skilgreining ökutækjanna var gefin út sem fylgiskjal. Einkennisborðarnir voru áður bláir, hvítir og svartir en svarta litnum var breytt í rauðan. Þá voru settir rauðgulir borðar framan og aftan á ökutækin og á hliðar-spegla. Allt var þetta gert til að gera ökutæk-in sýnilegri og auka þar með umferðaröryggi. Áður en þessar merkingar voru teknar upp höfðu farið fram prófanir á þeim á öku-tækjum lögreglunnar í Kópavogi og þóttu þær gefast svo vel að ákveðið var að festa þær í sessi.



ökutækja lögreglunnar þar sem þeim er skipt í flokka og búnaði ökutækjanna í hverjum flokki lýst. Á grundvelli vinnu nefndarinnar og heimildar dómsmálaráðuneytisins gaf ríkislögreglustjórinn út nýjar reglur um ökutæki lögreglunnar 20. maí 1998.

Við innkaup ökutækja lögreglunnar hefur þurft að fylgja fjárveitingum til verkefnisins og útboði hjá Ríkiskaupum. Fram til ársins 1999 voru kaupin bundin við lágsta verð í hverjum flokki útboðsins. Fjárveitingu til ökutækja lögreglu hefur verið skipt á fjárlögum, annars vegar fyrir ökutæki í Reykjavík og hins vegar ökutæki hjá lögreglulíðum úti á landi. Með síðarnefndu fjárveitinguna hafði dómsmálaráðuneytið að gera en verkefnið færðist til ríkislögreglustjórans. Ráðuneytið hafði ákveðið ökutækjakaupin árið 1997 áður en embætti ríkislögreglustjórans tók til starfa. Þannig að fyrstu ökutækjin sem ríkislögreglustjórinn annaðist kaup á komu til embættanna á árinu 1998.

Undanfarin ár hafa fjárveitingar til ökutækjakaupa fyrir embættin úti á landi staðið í stað en með nýjum hugmyndum að rekstri og þeirri staðreynd sem lýst var um ástand ökutækja lögreglunnar í skýrslu ökutækjanefndar fékkst hækkun í fjárlögum sem nam 100%. Það skipti auðvitað verulegu máli og ekki síður að viðræður milli ríkislögreglustjórans og Ríkiskaupa leiddu til þess að í útboði árið 1999 gafst kostur á að velja milli tveggja tegunda sem lágstar voru í útboðinu ef verðmunur nam minna en 5%.

Um áramótin 1998/1999 var tekin upp ný skipan í rekstri ökutækja á landsbyggðinni og á Keflavíkurlflugvelli. Í aðalatriðum er markmiðið að gera reksturinn hagkvæman og sýnilegan og nýta fjárveitingar sem best. Nú er sýnilegt hve mikið hver ekinn kílómetri kostar. Það sem aðallega vinnst með þessu fyrirkomulagi, til viðbótar því að fá

hækkaðar fjárveitingar í fjárlögum er að áhættu vegna tjóna og bilana er dreift á alla. Það verður því ekki eins og áður að embættin sitji uppi með eigin tjón og þurfi að greiða dýrar viðgerðir af rekstrarfé. Nú er unnið að því að taka ökutækin í Reykjavík inn í þetta fyrirkomulag og er ætlað að það muni verða um áramótin 1999/2000.

Segja má að aðalmarkmið hins nýja fyrirkomulags sé að ökutæki lögreglunnar verði að jafnaði ekki eldri en þriggja ára og aksturinn fari ekki fram úr 150 til 200 þúsund kílómetrum. Auðvitað munu einhver sérbúin ökutæki verða eldri. Þetta mun við óbreyttar aðstæður taka einhvern tíma en sá tími er brátt liðinn að almenn útrásarökutæki lögreglunnar séu jafnvel eldri en tíu ára og þeim hafi verið ekið yfir 500 þúsund kílómetra. Um leið dregur stórlega úr rekstrarkostnaði.

Samræming tækjabúnaðar í ökutækjum lögreglunnar er einnig mikilvæg og loks mun rofa til í því að sama vinnuumhverfi í ökutækjunum verði fyrir lögreglumenn hvarvetna á landinu. Þetta gerist þannig að þegar ökutæki er endurnýjað verður það afhent til embættanna fullbúið og hinu gamla skilað með þeim tækjum og tólum sem í því eru. Eins og kunnugt er hafa embættin lagt út fyrir ýmsum tækjabúnaði ökutækjanna og því hefur ekkert verið hugsað um samræmingu eða hún a.m.k. ekki náðst. Dæmi um þetta eru ljósabogarnir sem hafa jafnvel gengið þrjár kynslóðir ökutækja og ferðast yfir eina milljón kílómetra. Þetta þýðir í raun að þeir eru löngu ónýtir en vegna þess að þeir eru ekki beinlínis brotnir þá hafa þeir verið notaðir áfram.

Nýja rekstrarfyrirkomulagið mun í nánustu framtíð gera það að verkum að embættin geti tímabundið leigt sérstakar gerðir lögregluökutækja eftir árstíðabundnum verkefnum. Jafnframt er gert ráð fyrir því að færa til ökutæki eftir notkun og þegar ökutæki bila eða verða fyrir tjóni þá verði þeim einfaldlega skipt út og ný komi í staðinn. Með öðrum orðum hafi embættin framvegis eingöngu þau ökutæki sem nýtast dag frá degi til fyrirséðra verkefna en þegar eitthvað sérstakt kemur upp, er óskað eftir ökutækjum í lengri eða skemmri tíma.

Í þessu nýja fyrirkomulagi er áhættu dreift á alla en jafnframt þeirri kvöð komið á að embættin hafi rétta samsetningu ökutækja, og meðferð þeirra og umhirða verði eins og best verður á kosið. Annars nær fyrirkomulagið ekki að bæta það ástand sem var og aftur fer í sama horfið.

Ekki hafa verið settar sérstakar reglur varðandi kaup á tækjabúnaði eða viðgerðir á ökutækjum lögreglunnar aðrar en þær sem eru í reglum um ökutæki lögreglunnar, en það liggur í hlutarins eðli að ekki er ætlast til þess að embættin standi að kaupum tækjabúnaðar né taki ákvörðun um mikil fjárútlát vegna ökutækis nema að höfðu samráði við þá starfsmenn ríkislögreglustjórans sem hafa umsjón með rekstri og umsýslu ökutækjanna.

Enn á eftir að móta stefnu varðandi rekstur bifhjóla hjá lögreglunni. Bifhjólin á Akureyri, í Kópavogi, Hafnarfirði og Keflavík eru komin til ára sinna ásamt nokkrum bifhjólum í Reykjavík og rekstur þeirra því kostnaðarsamur. Skilgreina þarf notkun bifhjólanna og taka ákvörðun í framhaldi af því um hvar slík ökutæki skuli notuð við löggæslu. Með þannig greiningu er unnt að taka ákvörðun um fjölda og gerðir bifhjóla lögreglu.

#### *Einkennisfatnaður*

Hinn 9. september 1996 skipaði dómsmálaráðuneytið nefnd til að endurskoða ein-

kennisbúninga lögreglunnar. Í skipunarbréfi hennar segir: „Nefndinni er ætlað að endurskoða reglugerðina með tilliti til breyttra krafna um búnað og fatnað lögreglumanna og nýrra efna sem fram hafa komið á síðustu árum. Nefndin taki m.a. mið af niðurstöðum svokallaðrar tækjanefndar frá 1994 og fram komnum tillögum um lögregluskilríki“.

Nefnd þessi, sem gekk undir nafninu „fatanefndin“, fékk til liðs við sig fatahönnuð sem gerði teikningar að nýjum fatnaði. Nefndin lauk störfum og skilaði tillögum til ráðuneytisins í júní 1997. Á grundvelli þeirra gaf dómismálaráðherra út reglugerð nr. 528/1997 um einkennisbúninga, merki og búnað lögreglumanna með heimild í 40. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Reglugerðin tók gildi 1. janúar 1998 með nokkrum undanþágum sem gilda út árið 2000 og leysti af hólmi reglugerð um sama efni nr. 118/1993.

Í raun má segja að fatnaði lögreglunnar hafi verið breytt frá grunni. Að lokinni undirbúningsvinnu fór fram útboð á vegum dómismálaráðuneytisins með milligöngu Ríkiskaupa í lok árs 1997. Samið var við sjö framleiðendur um kaup á fatnaðinum og undirritaði ríkislögreglustjórinn samninga sem kaupandi fyrir hönd lögreglunnar. Allir samningsaðilar voru rækilega brýndir á því við undirritun samninga að nú væri verið að taka upp nýjan fatnað fyrir lögregluna og þeir hvattir til þess að sjá um hnökralausa afhendingu og sölu hans.

Hér verður ekki rakin sú raunasaga sem framleiðsla og sala á einkennisbúningum hefur verið eftir síðasta útboð og reyndar miklu lengur. Það fyrirkomulag sem verið hefur getur ekki gengið og því mun verða breytt. Á það bæði við um afhendingar og sölufyrirkomulag og ekki síður að fatnaður verður að henta öllum svo vel sé. Nú er unnið að því hjá ríkislögreglustjóranum, í samráði við Ríkiskaup, að taka upp nýtt fyrirkomulag. Enn hefur ekkert verið ákveðið en ýmsar hugmyndir verða skoðaðar, svo sem það fyrirkomulag sem notað er á hinum Norðurlöndunum. Hið eina sem beinlínis er ákveðið, er að við afhendingu einkennisfatnaðar lögreglunnar skal taka tillit til þess að hann henti jafnt konum sem körlum.

Þegar umsýsla einkennisfatnaðar var komin á hendi ríkislögreglustjórans var ljóst, þrátt fyrir ágæta vinnu fatanefndarinnar, að ýmiskonar nánari útfærslu var ólokið svo sem varðandi framleiðslu smeyga, armmerkja og einkenna lögreglustjóranna.

Þá komu fram hugmyndir í byrjun árs 1998 um að lögreglumenn yrðu almennt klæddir einkennisbúningum við störf sín og frávik frá því yrðu takmörkuð við sérstök lögregluverkefni. Af þessum ástæðum fór fram hjá ríkislögreglustjóranum athugun á reglugerð nr. 528/1997 sem leiddi til nokkurra breytinga á reglugerðinni með útgáfu reglugerðar nr. 603/1998 23. september 1998. Heitir reglugerðin nú reglugerð um einkennisbúninga, merki og búnað lögreglunnar.

Þessari reglugerðarbreytingu fylgdi ríkislögreglustjórinn úr hlaði með bréfi til lögreglustjóra og Lögregluskóla ríkisins um helstu nýmæli sem m.a. fólust í skilgreiningu á samsetningu og notkun einkennisbúninga, þar sem búningur af gerð 1 var festur í sessi sem hátíðarbúningur lögreglunnar. Í bréfinu setti ríkislögreglustjórinn þá grundvallarreglu að lögreglan starfi einkennisbúin. Var lagt fyrir lögreglustjórana að fylgja þeirri reglu eftir, en frávik frá henni heimil við einstök verkefni. Jafnframt var lagt svo fyrir að sérstaklega tilgreindir lögreglustjórar skuli vera einkennisklæddir við störf. Eins og í fyrri reglugerðum var kveðið á um að allir lögreglumenn skyldu eiga alla einkennisbúninga í nothæfu ástandi. Þótt þetta ákvæði hafi verið í öllum fyrri reglugerðum



## Úðavopn lögreglunnar

Í fjölmiðlum er þess af og til getið að lögregla hafi beitt úðavopnum í viðureign sinni við brotamenn.

Þessi tæki, sem ganga í daglegu tali undir nöfnum eins og „Mace“ og „pipargas“, falla undir vopnalöggjöf og er notkun þeirra óheimil öðrum en lögreglu.

Sérstakar og strangar reglur gilda jafnframt um beitingu úðans gegn fólki. Sömu reglur eiga við hann og um beitingu kylfu. Úðinn er mun heppilegra vopn en kylfa, þar sem að með réttri notkun má algerlega koma í veg fyrir líkamstjón um leið og brotamaður er gerður óvígur.

Ýmsar tegundir úðavopna eru framleiddar og eru þrjár algengastar, flokkað eftir efnasamsetningu; CN, CS og OC-gas. Íslensk lögregla hefur með endurnýjun úðavopnanna tekið í notkun síðastnefndu tegundina (Oleoresin Capsicum), sem er piparafurð. Áhrif úðans eru skammvinn blindi og brunatilfinning í öndunarvegi. Áhrifin geta varað frá nokkrum mínútum upp í um 2 klukkustundir. Þá er þess að geta að notkun OC-úðans fylgja engar skaðlegar aukaverkanir.



hefur því ekki verið fylgt eftir og af þeirri ástæðu voru sett rúm tímamörk, eða til 1. mars árið 2000.

Reglugerð nr. 528/1997 kom út sérprentuð og að tilhlutan dómsmálaráðuneytisins var hún send hverjum lögreglumanni. Ekki hefur enn verið gefin út ný sérprentun eftir breytingu. Ástæðan er einkum sú að enn þarf að breyta og því er að vænta nýrrar sérprentunar.

### *Annar búnaður*

Að hluta eru tæki og búnaður nokkuð samofin fatamálum, en um tækjabelti og búnað á þau er fjallað í fatareglugerð. Í júlí 1997 var talið að búíð væri að úthluta slíkum búnaði til allra embætta og viðbót þyrfti aðeins fyrir nýja lögreglumenn. Þetta reyndist ekki rétt, því að ekki höfðu allir starfandi lögreglumenn fengið búnaðinn og ekki hafði heldur verið tekin afstaða til þess hvort afleysingamenn og héraðslögreglumenn skyldu hafa tækjabelti með tilheyrandi búnaði. Nú liggur sú afstaða ríkislögreglustjórans fyrir að allir lögreglumenn skuli hafa tækjabelti með öllum fylgihlutum og er það verulega kostnaðarsöm framkvæmd.

Stefnt er að því að ríkislögreglustjórinn sjái lögregluembættunum fyrir öllum sam-

eiginlegum búnaði, svo sem kylfum, handjárnnum, úðavopnum og öðrum búnaði á tækjabeltin ásamt beltunum. Einnig einkennum svo sem smeygum og lögreglumerkjum.

Endurnýjun úðavopna lögreglunnar fór fram á árinu 1997 og fram á árið 1998. Jafnframt því var skipt um tegund efnis í úðavopnum og fengu lögreglumenn sérstakar leiðbeiningar í því sambandi bæði á myndbandi og skriflega. Var lagt svo fyrir að allir kynntu sér leiðbeiningarnar áður en þeir veittu nýju úðavopni viðtöku.

#### *TETRA fjarskiptakerfið*

Í september 1997 fól dómsmálaráðuneytið ríkislögreglustjóranum að athuga möguleika á samræmdu fjarskiptakerfi í samvinnu við aðra sem kynnu að hafa hag af slíku. Embættið hefur unnið að málinu með slökkviliðinu í Reykjavík.

Í ágúst 1998 skipaði dómsmálaráðuneytið starfshóp sem skyldi gera tillögur um fjarskiptamál og um þátttöku lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í rekstri Neyðarlínunnar. Fulltrúi ríkislögreglustjórans var formaður hópsins, en hann skipuðu einnig yfirlögregluþjónar frá lögreglunni í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og á Selfossi.

Hópurinn hefur sérstaklega gefið gaum svonefndu TETRA fjarskiptakerfi sem er þróað í samvinnu margra stærstu fjarskiptafyrirtækja heimsins. Kerfið er stafrænt og hefur því fjölda tæknilegra möguleika innbyggðan.

#### *Verklagsreglur um eftirfarir lögreglu og stöðvun ökutækja*

Ríkislögreglustjórinn kom í maímánuði 1998 á starfshópi sem hafði það verkefni að gera tillögur að samræmdum reglum um eftirför lögreglu og þeim úrræðum sem lögreglan getur gripið til við slíkar aðstæður. Óskaði hann tilnefninga í hópinn frá lögreglustjórunum í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavík, á Selfossi og Lögregluskóla ríkisins.

Starfshópurinn hefur unnið að tillögum um reglur um eftirfarir lögreglu og stöðvun ökutækja ásamt endurskoðun á reglum um neyðarakstur. Þá hefur hópurinn haft til skoðunar notkun á svokölluðum naglamottum sem notaðar eru af lögreglu í nágrennalöndunum til að stöðva för ökutækja þegar ökumenn sinna ekki stöðvunarkerkjum lögreglu. Er lokaskýrslu vinnuhópsins að vænta í byrjun ársins 1999.

#### *Eftirlitsmyndavélar í miðborg Reykjavíkur*

Í október 1997 fól dómsmálaráðuneytið fulltrúa ríkislögreglustjórans að taka þátt í verkefnisstjórn til undirbúnings útboði og uppsetningu öryggismyndavéla í miðborg Reykjavíkur. Mjög viðamikill undirbúningur fór fram vegna málsins og sendi ríkislögreglustjórinn samræmd fyrirmæli til allra lögreglustjóra í landinu um starfrækslu eftirlitsmynavéla á almannafæri. Fyrirmælin byggja á álitni tölvunefndar og voru borin undir nefndina til umsagnar, sem gerði ekki athugasemdir við þau. Eftirlitsmyndavélar voru síðan teknar í notkun í lok ársins 1998.

#### **Alþjóðleg lögreglustörf**

Árið 1997 ákvað ríkisstjórn Íslands að taka þátt í að treysta fjölþjóðlegt samstarf um uppbyggingu lögreglunnar í Bosnía-Herzegóvínu sem er liður í friðarferlinu þar og byggist á friðarsamningi sem jafnan er kenndur Dayton. Íslensk yfirvöld ákváðu að þrír



lögglumenn skuli að jafnaði vera við störf þar. Frá stofnun embættis ríkislögglu-  
stjórans hefur skipulag og umsjón með þátttöku Íslands verið hjá embættinu, fyrst í  
samvinnu við dómsmálaráðuneytið en síðan beint í tengslum við utanríkisráðuneytið.

Fyrstu lögreglumennirnir fóru til starfa í Bosníu-Herzegóvínu í október 1997 og  
dvöldu þar í sex mánuði. Næstu fóru í apríl 1998 og munu starfa í níu mánuði. Þeir  
sem veljast til þessara starfa sækja áður undirbúningsnámskeið hjá dönsku lögreglunni  
og starfa síðan innan vébanda dönsku lögreglusveitarinnar í Bosníu-Herzegóvínu.  
Fyrsti íslenski lögregluhópurinn starfaði í dönskum einkennisfatnaði en því hefur verið  
breytt og nota þeir nú íslensk einkennisföt.



Fyrstu íslensku lögreglumennirnir  
sem fóru til starfa í Bosníu-  
Herzegóvínu í október 1997, frá  
vinstri:

Gunnar Jóhannsson frá Akureyri,  
Guðmundur Ómar Þráinsson og  
Sveinn Guðni Guðnason úr  
Reykjavík.

Klæddir dönskum einkennisbúningi  
en með íslenskum einkennum.



#### Starfsmannadeild

Starfsmannamál lögreglu.

#### Tölvudeild

Notendapjónusta tölvubúnaðar.

Stefnumarkandi ákvörðun um landskerfi og aðgangsstýringu.

#### Forvarnir

Stefnumörkun og samræming forvarnastarfs lögreglu.

Samstarf við aðra um forvarnir.

#### Lögreglustöðvar

Stefnumörkun um skipulag lögreglustöðva og búnað þeirra. Eftirlit með lögreglustöðvum.

#### Vegabréfaútgáfa

Útgáfa vegabréfa. Vegabréfaskrá.

## Jónmundur Kjartansson yfirlögregluþjónn

### Starfsmannadeild


Verkefni starfsmannadeildar eru fyrst og fremst skipanir, setningar og ráðningar lögreglumanna á landsvísu, og samskipti við embættin í tengslum við það. Ríkislögreglustjórinn auglýsir allar lausar stöður. Lögreglustjórar taka við umsóknum og gera tillögur til ríkislögreglustjórans um hvern skuli skipa. Ríkislögreglustjórinn tekur síðan endanlega ákvörðun í málinu. Starfsmannadeild rekur gagnabanka þar sem allir lögreglumenn eru skráðir, starfssvæði, starfsheiti, ráðningarform o.s.frv. (sjá töflu um fjölda lögreglumanna, aftast í kaflanum).

### Tölvudeild

Tölvudeild hefur umsjón með netkerfi embættisins. Einnig landskerfum lögreglu, þar á meðal stefnumörkun, aðgangsstýringum og notendapjónustu, sem felur auk annars í sér kennslu í notkun landskerfanna. Á árunum 1997 og 1998 fór mikil vinna í hönnun og umsjón með nýju sektakerfi.

### Víðnet dómsmálaráðuneytisins

Haustið 1997 var ráðist í framkvæmd áætlunar tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytisins (TMD), en í henni er gert ráð fyrir að tengja öll lögregluembætti landsins við víðnet ráðuneytisins. Fram að því höfðu aðeins örfá embætti tengst víðnetinu. Með því að tengja öll embætti við víðnetið myndu skapast möguleikar á samræmdri úrvinnslu mála, því þau gætu þá nýtt sameiginlegan hugbúnað og gögn myndu skrást í sameiginlegan, miðlægan gagnagrunn. Hjá ríkislögreglustjóranum, sem þá um haustið tók við umsjón með tölvumálum lögreglunnar af dómsmálaráðuneytinu, var tekin sú ákvörðun að jafnhliða því að lögregluembættin tengdust víðnetinu, færi maður í heimsókn til embættanna og kenndi lögreglumönnum og öðru starfsfólki undirstöðuatriði í notkun




kerfanna og grunnreglur um hvað bæri að skrá í kerfin og hvað ekki.

Hlutverk tölvudeildar ríkislögreglustjórans er að annast tölvukerfin, þróun hugbúnaðar, eftirlit með gagnagrunnum og aðstoð við notendur. Þau kerfi sem deildin annast eru dagbók lögreglu, sem er eina kerfið sem ekki er byggt á miðlægum gagnagrunni, skýrslugerð lögreglu, málaskrá lögreglu, persónuupplýsingakerfi sem hefur að geyma myndir og upplýsingar um brotamenn, og ökuskírteinaskrá. Auk þess er um að ræða þjóðskrárkerfi, sem flettir upp í afriti af gögnum frá Hagstofu Íslands og bifreiðaskrá sem flettir upp í afriti af gögnum frá Skráningarstofu. Tölvudeild ríkislögreglustjórans heldur utan um þróun þessara kerfa í samstarfi við starfsmenn tölvudeildar Skráningarstofunnar hf, ber ábyrgð á gögnunum sem til verða við notkun kerfanna og sér um aðstoð við notendur kerfanna. Auk þess sér tölvudeildin um grunnmenntun lögreglumanna í notkun kerfanna í Lögregluskóla ríkisins, og heldur námskeið um þau fyrir lögreglumenn og starfsmenn lögreglu.

Tölvudeildin hefur unnið talsvert með starfsmönnum Umferðarráðs og Vegagerðar ríkisins við skipulagningu á samræmdri slysaskráningu. Þessi skráning er nú komin í framkvæmd og fá báðar þessar stofnanir allar skráðar upplýsingar lögreglunnar vélrænt úr gagnagrunnum hennar.

Þetta flytirá gefurlega fyrir skráningu hjá þessum stofnunum, dregur úr skekkjum sem kunna að verða vegna tvískráningar og gefur kost á því að nálgast upplýsingar um umferðarslys með áður ónotuðum möguleikum, sem aftur gefur kost á að beina umferðarlöggæslu markvisst að þeim svæðum þar sem þörfin er mest.

Umferðarráð greinir umferðaróhöpp nákvæmlega eftir tegundum óhappa og meiðsl-



um, og fylgist með þróun þeirra. Vegagerðin vinnur með sömu gögn og Umferðarráð fær til meðferðar, en les þau inn í kortagrunn og getur nú prentað út yfirlitskort yfir landssvæði, með upplýsingum um tegundir umferðaróhappa á tilteknum tímabilum á tilteknum landsvæðum. Þessar upplýsingar geta lögregluembættin nú nálgast hjá Vega-gerðinni og nýtt sér við skipulag umferðarlöggæslu.

### Sektakerfið

Með tengingu allra lögregluembætta við víðnet dómsmálaráðuneytisins opnuðust nýir möguleikar í úrvinnslu mála. Í lok ágúst 1997 fól dómsmálaráðuneytið ríkislög- reglustjóranum að sjá um greiningu á nýju sektakerfi, sem skyldi mæta kröfum nýrrar reglugerðar um sektir. Strax var ljóst að um stórt verkefni væri að ræða og að ekki yrði unnt að taka þetta nýja kerfi í notkun daginn sem reglugerðin átti að taka gildi, hinn 15. september sama ár. Gildistökkunni var því frestað til 1. janúar 1998.

Að greiningu kerfisins komu fjölmargir frá ríkislögglustjóranum, lögreglustjórunum í Hafnarfirði, Kópavogi og í Reykjavík, og Ríkisbókhaldi auk forritara frá Tölvumyndum hf. Ákveðið var að útbúa kerfi sem byggði á þeim gögnum sem þegar væri búið að skrá inn í málaskrá lögreglu, þannig að vinna við að útbúa sektaboð og sektagerðir yrði sem minnst. Ennfremur að álagning sektanna í tekjubókhaldi ríkisins yrði sjálfvirk, þ.e.a.s. að ekki þyrfti að færa álagninguna sérstaklega inn í tekjubókhaldið. Þar sem verkefnið var stórt og mikið umleikis, var stefnt að því að ljúka þeim hluta sektakerfisins, sem þyrfti til að geta útbúið sektir og senda álagningu sektanna til tekjubókhalds ríkisins. Öll úrvinnsla yrði að bíða þar til að þeim kæmi. Þessar áætlanir stóðust og hinn 1. janúar var kerfið tekið í notkun.

Vinna við kerfið hélt þó áfram af krafti, því ljúka þurfti þeim þáttum þess sem lutu að móttöku gagna um greiðslu frá tekjubókhaldinu, sjálfvirkri útprintun ítrekana o.s.frv. Þetta komst allt tímanlega í gagnid og enn er verið að vinna að fínþúsningu ýmissa liða í sektakerfinu, ekki síst því sem lýtur að tölfræðilegum úttektum og úrvinnslu.

Þegar reglugerðin um sektir tók gildi og nýja sektakerfið var tekið í notkun, var boðuð aukin áhersla lögreglunnar á umferðareftirlit og ríkislögreglustjórinn gaf út tilmæli um að sinna sérstaklega eftirliti með ölvunarakstri, hraðakstri og notkun öryggisbelta. Skemmst er frá að segja að fjöldi umferðarlagabrota sem lögreglan skráði og sektaði fyrir jókst um hartnær 100% á árinu 1998 frá árinu á undan. Upphæð sekta hjá tekjubókhaldi ríkisins nær tvöfaldaðist á sama tíma.

Mesta breytingin sem fylgdi gildistöku reglugerðarinnar og hinu nýja sektakerfi var ef til vill sú, að fram til ársins 1998 sá hvert lögregluembætti um sín sektamál og í raun voru 27 mismunandi sektakerfi rekin, en með þessu nýja fyrirkomulagi var komið á samræmingu. Fram til ársins 1998 sendi hvert embætti út greiðsluseðla vegna sekta og hin ýmsu form greiðsluseðla notuð, allt eftir því hvað hentaði á hverjum stað. Í nýja sektakerfinu eru öll gögn geymd á miðlægum gagnagrunni lögreglunnar og öll sekta-boð prentuð út á einum stað, hjá ríkislögreglustjóranum. Ítrekanir vegna sekta-boða, sem ekki hafa verið greidd eða þeim mótmælt, eru prentuð út á sama stað og birt viðkomandi af starfsmönnum Íslandspósts.

Þetta tryggði að alls staðar yrði tekið með sama hætti á umferðarlagabrotum og boðið upp á að ljúka máli með sömu sektarfjárhæð, sama hvar brotið átti sér stað. Þá voru öll mál áður send milli embætta og tekin fyrir í heimavarnarþingi þess kærða, en með nýja fyrirkomulaginu skyldi því hætt og sekta-boð send frá því embætti, þar sem brotið átti sér stað. Þetta hafði að sjálfsögðu þau áhrif að innheimtar sektir í sumum lögregluembættum hækkuðu margfalt milli árána 1997 og 1998.

Eins og áður hefur komið fram, var ekkert samræmt vinnuferli við álagningu og innheimtu sekta fram til 1. janúar 1998 og því er samanburður milli árána 1997 og 1998 ómarkviss og ekki unnt að gera jafn nákvæman samanburð milli ára og hægt er með tilkomu nýja sektakerfisins. Nú er hægt að gera samanburð á milli tímabila og sjá hver þróun hefur orðið á álagningu sekta, innheimtu þeirra o.fl. á ákveðnu tímabili og hægt er að skoða þróun varðandi þau brot sem um ræðir.



Árni Albertsson aðstoðaryfirlögregluþjónn í önn-um við nýtt sektakerfi.

### *Handtökukerfið*

Haustið 1997 hóf lögreglan í Reykjavík athugun á kostnaði við að láta endurskrifa hugbúnað fyrir fangageymslu embættisins, en sá hugbúnaður var orðinn gamall og ljóst að hann væri ekki aldamótahæfur. Tölvumyndir hf, sem skrifuðu gamla kerfið, gerðu lögreglunni í Reykjavík tilboð um að skrifa nýtt og endurbætt kerfi með nýju fyrirkomulagi. Fyrirtækið átti að hafa umsjón með nemendahópi úr Tölvuháskóla Verslunarskóla Íslands og hljóðaði tilboðið upp á endurgjaldslausu vinnu við hugbúnaðargerðina, en greiða þyrfti útlagðan kostnað fyrirtækisins vegna vinnunnar og vinnu eftirlitskennara með verkinu. Upp úr umræðu um þetta nýja kerfi spruttu hugmyndir um að láta skrifa nýtt kerfi, sem nýst gæti í öllum lögregluembættum landsins og ætti að halda utan um allar handtökur manna og vistun þeirra hjá lögreglu. Þar ætti að skrá allt sem reglugerð um meðferð handtekinna manna kveður á um.

Vinnan við kerfið gekk vel, en var þó ekki lokið að fullu þegar nemendur luku námi og því tafðist hugbúnaðargerðin til hausts 1998 að hún fór aftur af stað af fullum krafti. Safna þurfti saman teikningum af öllum fangageymslum lögreglunnar alls staðar á landinu, því í kerfinu er hægt að sjá myndrænt yfirlit yfir fangageymslurnar hjá hverju embætti, þ.e. fyrirkomulag þeirra, ástand og hvort klefar eru uppteknir eða ekki.

Kerfið var tekið í notkun snemma árs 1999. Þar eru nú skráðir allir þeir sem lögreglan handtekur og færir á lögreglustöð. Séu þeir vistaðir, er allt skráð niður sem fyrir þá er gert meðan á handtöku stendur og hvenær þeir eru látnir lausir. Prentuð er vistunarskýrsla vegna handtökunnar.

Kerfið býður upp á mikla tölfræðiúrvinnslu og kemur til með að spara mikla vinnu á því sviði. Nú er til að mynda hægt að fá yfirlit yfir fjölda þeirra sem handteknir eru fyrir tiltekin brot, hvenær þeir eru handteknir, á hvaða tíma sólarhringsins, aldursdreifingu, kyn, í hvaða ástandi þeir eru, hvort þeir eru látnir lausir strax eða vistaðir í framhaldi af handtökunni o.s.frv. Fjöldi fyrirspurna um handtökur berst árlega frá ýmsum stofnunum, bæði héraðs og erlendis og fram til þessa hefur mikil vinna farið í að svara þeim.

### **Forvarnadeild**

Forvarnadeild fer með stefnumörkun og samræmingu forvarnastarfs lögreglu og samstarf við aðra á sviði forvarna. Þessi þáttur er enn í mótun en góð samvinna hefur verið við forvarnadeild lögreglunnar í Reykjavík að ýmsum verkefnum.

### **Lögreglustöðvar**

Hér er fyrst og fremst um að ræða stefnumörkun um skipulag og búnað lögreglustöðva. Stefnt er að því að heimsækja embættin reglulega í þeim tilgangi að ræða við heimamenn um ýmis löggæslumálefni og treysta þannig samskiptin milli embættanna og ríkislögreglustjórans.

### **Vegabréfaútgáfa**

Með nýjum lögum um vegabréf, sem samþykkt voru á Alþingi í desember 1998 var gert ráð fyrir því að ríkislögreglustjórn myndi sjá um útgáfu vegabréfa á landsvísi og var ætlunin að yfirlögregluþjónn á sviði 3 myndi stýra þeirri vinnu. Verkið fór af stað en í desember 1998 var lögum um vegabréf breytt þannig, að ákveðið var að útlendingaeftirlitið sæi alfarið um þessa útgáfu.

**Heimilaður fjöldi stöðugilda lögreglumanna  
Þróun árunna 1985 - 1998**

Lögregluembætti	1985	1990	1995	1997	1998
Akranes	12	11	11	11	11
Akureyri	33	31	31	30	31
Blönduós	4	5	5	5	5
Bolungarvík	3	2	2	2	2
Borgarnes	5	7	7	7	7
Búðardalur	1	1	1	1	1
Eskifjörður	6	7	5	5	6
Hafnarfjörður	41	39	39	40	38
Hólmavík	1	1	1	1	1
Húsavík	9	9	9	9	9
Hvolsvöllur	5	4	4	4	4
Höfn	4	3	3	3	3
Ísafjörður	14	12	12	12	13
Keflavík	33	38	39	39	38
Keflavíkurflugvöllur	38	34	33	37	34
Kópavogur	23	24	24	24	25
Lögregluskóli ríkisins	1	6	4	4	4
Neskaupstaður	2	2	2	2	2
Ólafsfjörður	2	2	2	2	2
Patreksfjörður	5	4	4	4	4
Rannsóknarlögregla ríkisins	36	41	41	44	
Ríkislögreglustjórinn					28
Reykjavík	237	264	261	261	289
Sauðárkrókur	8	7	7	7	8
Selfoss	22	22	24	26	26
Seyðisfjörður	3	3	5	5	6
Siglufjörður	6	6	4	4	4
Stykkishólmur	9	9	9	9	9
Vestmannaeyjar	13	11	11	11	11
Vík	1	1	1	2	2
<b>Samtals</b>	<b>577</b>	<b>606</b>	<b>601</b>	<b>611</b>	<b>623</b>



#### Rannsóknadeild

Brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum. Aðstoð við lögreglustjóra vegna rannsókna. Önnur verkefni samkvæmt ákvörðun yfirstjórnar.

#### Tæknirannsóknastofa

Tæknilegar rannsóknir, aðstoð við vettvangsrannsóknir, samanburðarrannsóknir, fingrafara- og ljósmyndasafn, umsjón með eyðingu fíkniefna, ráðgjöf og leiðsögn.

#### ID-nefnd

Rannsóknanefnd til að bera kennsl á látna menn.

#### Upplýsingadeild

Söfnun, skráning og úrvinnsla upplýsinga. Fíkniefnastofa.

#### Eftirlit lögreglustjóra með útlendingum

Skipulag og samræming vegabréfaeftirlits.

#### Handbækur / Ársskýrsla / Tölfræði

Útgáfa lögregluhandboka og ársskýrslu ríkislögreglustjórans. Tölfræðiupplýsingar.

## Guðmundur Guðjónsson yfirlögregluþjónn

Haustið 1998 hófst mikil vinna við uppbyggingu sviðsins þannig að markmið breytinganna næðu sem best fram að ganga. Þetta á ekki hvað síst við í þeim þáttum sem snúa að fíkniefnamálum. Þar má t.d. nefna samstarfssamning við ríkistollstjóra, undirbúning að gagnagrunni vegna miðlægrar skráningar og söfnunar upplýsinga um fíkniefni sem hald hefur verið lagt á, og drög að reglum um meðferð og vörslu fíkniefna o.fl. Þá var hafist handa við öflun upplýsinga um framin afbrot. Lögregluembættunum var falið að taka saman upplýsingar um afbrot í hverju umdæmi fyrir sig og senda ríkislögreglustjóranum vegna væntanlegrar ársskýrslu. Ennfremur hófst vinna við úrvinnslu upplýsinga sem aflað hafði verið hjá lögregluembættunum á árunum 1997 og 1998 um fíkniefnamál.

#### Rannsóknadeild

Í 5. gr. lögreglulaga segir í 2. mgr. b-liðar að ríkislögreglustjóra beri að starfrækja lögreglurannsóknadeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og aðstoðar lögreglustjóra við rannsókn alvarlegra brota. Þannig hljóðar ákvæðið eftir að því var breytt með lögum nr. 29/1998. Eldra ákvæði lögreglulaga kvað á um að rannsóknadeildin hefði með höndum rannsókn kærumála á hendur lögreglumönnum vegna brota í starfi, en undir stjórn ríkissaksóknara sbr. 35. gr. laganna. Nú falla þessi kærumál að öllu leyti undir verksvið ríkissaksóknara sem þó leitar aðstoðar rannsóknadeildarinnar þegar svo ber við.

#### *Skráð verkefni rannsóknadeildar frá 1. júlí 1997 til 31. desember 1998*

Í reglugerð um stjórn lögreglurannsókna og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála, nr. 396/1997, er nánar vikið að störfum rannsóknadeildarinnar og með hvaða hætti henni er ætlað að styrkja lögreglustjórana. Deildin innir störf sín af hendi undir stjórn og á ábyrgð hlutaðeigandi lögreglustjóra, en yfirtekur ekki mál. Ríkislögreglustjórinn getur, þegar þannig stendur á, ákveðið að fela öðrum lögreglustjóra, t.d. í næsta umdæmi, lögreglustjórn í máli og getur hann leyst það af hendi með því lögregluliði sem undir hann heyrir.



Frá því að embætti ríkislögreglustjórans tók til starfa hafa því borist 73 beiðnir frá lögreglustjórum og ríkissaksóknara um aðstoð rannsóknadeildarinnar, eða 16 beiðnir á seinni helmingi ársins 1997 og 57 á árinu 1998. Beiðnir þessar fólu í sér mismunandi vinnuframlag, allt frá nokkrum klukkustundum til margra daga eða vikna.

Nokkur fjöldi mála sem ekki var lokið hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, þegar embættið var lagt niður, kom til kasta rannsóknadeildarinnar og má segja að fyrstu mánuðirnir hafi að miklu leyti farið í ljúka þessum málum.

Önnur viðfangsefni deildarinnar liggja meira á stjórnsýsluviðinu, en þó með því að teygja anga sína inn á svið brotamálanna. Má hér nefna ýmis samskipti við önnur lögregluembætti, nefndastörf, þátttöku í samráðs- og starfshópum og að koma fram fyrir hönd embættisins á fundum og ráðstefnum þar sem málefni lögreglunnar ber á góma.

### Tæknirannsóknastofa

Tæknirannsóknastofan hefur umsjón með og annast samanburðarrannsóknir á sönnunargögnum, veitir leiðsögn um vettvangsrannsóknir, töku sönnunargagna, meðferð þeirra o.þ.h. Ennfremur aðstoðar tæknirannsóknastofan lögreglulið við tæknirannsóknir og varðveitir og viðheldur fingrafara- og ljósmyndasafni. Tæknirannsóknastofan getur veitt aðstoð vegna umfangsmikilla og alvarlegra brota en að jafnaði mun tæknideild lögreglustjórans í Reykjavík koma lögregluembættunum til aðstoðar við vettvangsrannsóknir, sbr. 4. mgr., 8. gr. laga nr. 90/1996.

Tæknirannsóknastofan tekur við gögnum til úrvinnslu sem aflað er á vettvangi og kunna að varpa ljósi á atburðarásina.

Skjalarannsóknir eru snar þáttur í starfsemi tæknirannsóknastofunnar.

Skráð og flokkuð verkefni tæknirannsóknastofu frá 1. júlí 1997 til 31. desember 1998 voru samtals 294 sem sundurliðast þannig:

Skýring	Afgr.	Bið/Geymsla /Í vinnslu	Samtals
Aðstoð við útlendingaeftirlit	13	0	13
Aðstoð vegna brunarannsókna	10	1	11
Aðstoð vegna fingrafararannsókna	14	33	47
Aðstoð vegna samanburðarrannsókna	9	6	15
Fyrirspurnir frá Interpol	36	0	36
Aðstoð við leit í myndasafni, sak- og myndbending	7	0	7
Aðstoð við rannsókn á manndrápi	1	0	1
Aðstoð við rannsókn á kynferðisbroti	9	0	9
Aðstoð við rannsókn á skjólum	96	10	106
Ýmislegt	34	15	49
<b>Samtals</b>	<b>229</b>	<b>65</b>	<b>294</b>

### Viðamestu verkþættir 1997

Unnið var að undirbúningi reglna um vettvangs- og tæknirannsóknir, töku og vörslu fingrafara og ljósmynda. Einnig var unnið að endurskoðun og leiðréttingum á svo nefndu persónuupplýsingakerfi, sem heldur utan um upplýsingar um afbrotamenn.

Í októbermánuði fól dómsmálaráðuneytið ríkislögreglustjóranum að leita eftir samvinnu og samráði við Rannsóknastofu í lyfjafræði í tilefni af undirbúningi að fyrirkomulagi alkóhólsmælinga. Ráðuneytið fól ríkislögreglustjóranum að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að unnt yrði að hefja sem fyrst notkun viðeigandi tækja til mælingar á vínandamagni í útöndunarlofti til notkunar við sönnunarfærslu í ölvunar-akstursmálum.

Á árinu hófst umfangsmikil tæknirannsókn á fölsuðum málverkum.

#### Viðamestu verkþættir 1998

Á árinu var haldið áfram undirbúningi í tengslum við öndunarsýnatöku og nám-skeiðahald fyrir sýnatökumenn í tengslum við öndunarsýnamælitækið Intoxilyzer 5000N.

Á árinu var unnið í samnorrænu samstarfi að gerð handbókar fyrir sérfræðinga í brunarannsóknnum í „Nordisk arbeidsgruppe for koordinering av brannetterforskning“ (NGKB). Starfið hófst 1995 með fundi í Kaupmannahöfn og lýkur væntanlega á árinu 1999.


Á árinu var lokið við gerð reglna um vettvangs- og tæknirannsóknir, og um töku og vörslu fingrafara og ljósmynda. Ríkislögreglustjórinn gaf reglurnar út 16. júlí 1998 og lagði fyrir lögreglustjórana að kynna þær lögreglumönnum og yfirmönnum þeirra.

Unnið var áfram að endurskoðun á persónuupplýsingakerfinu. Eftir endurskoðun dómsmálaráðuneytisins á kerfinu var lögreglumönnum um land allt veittur aðgangur að því.

Þá var áfram unnið að tímafrekum tæknirannsóknnum í fyrrnefndu málverkafölsun-armáli.

#### Skjalarannsóknir

Skjalarannsóknir tæknirannsóknastofu eru með svipuðum hætti og var hjá Rann-



sóknarlögreglu ríkisins. Tölulega eru upplýsingar um skjalarannsóknir samanburðarhæfar við fyrri ár.

Skjalarannsóknur er almennt skipt í tvo megin flokka sem eru annars vegar rithandarrannsóknir og hinsvegar aðrar skjalarannsóknir. Rithandarrannsóknir varða eingöngu handskrift á skjali, svo sem hvort tiltekin rithönd stafi frá þeim manni sem hún vísar til en aðrar skjalarannsóknir varða hinsvegar gerð skjalsins, til dæmis hvort skjal hafi verið falsað með því að breyta því á einhvern hátt eða hvort það sé ósvikið.

Í þessari samantekt er ekki gerður greinarmunur á þessum tveimur flokkum en síðustu sex ár, eða frá því ítarleg skráning hófst, hafa rúmlega 86% skjalarannsóknna fallið undir fyrri flokkinn, það er rithandarrannsóknir.

Fjöldi skjalarannsóknamála hefur verið áþekkur á milli ára. Árið 1998 voru málin 64, 68 árið 1997 og 65 árið 1996. Hinsvegar hafa fjárhæðir í þessum málum farið hækkandi og árið 1997 var heildarfjárhæð mála í rannsókn tæpar 80 milljónir. Þess skal þó gætt, að það ár voru samanlagðar fjárhæðir í tveimur málum um það bil 45 milljónir á 37 skjölum.

Sundurliðun gagna og samanburður árána 1997 og 1998, er sem hér greinir:

Tegund gagna	1997	1998
Samtals gögn sem hafa gildi í peningum sem skiptast þannig:	162	114
<i>Tékkar</i>	44	64
<i>Skuldabréf</i>	24	11
<i>Víxlar</i>	14	17
<i>Greiðslukortanótur</i>	21	0
<i>Önnur gögn með verðgildi</i>	59	22
Gögn án nafngildis í peningum	71	39

Til glöggvunar skal á það bent, að skjöl sem hér eru tilgreind sem „gögn sem hafa gildi í peningum“ eru þau skjöl sem hafa peningalegt gildi fyrir viðkomandi, til dæmis tékkar, skuldabréf, víxlar og önnur verðbréf. Í þann flokk fara einnig skjöl eins og afsöl, úttektarheimildir og hverskyns kvittanir eða í stuttu máli öll þau skjöl sem tilgreina ákveðnar fjárhæðir. Í hinn flokkinn, eða þann sem nefndur er „gögn án nafngildis í peningum“, flokkast hótunarbréf, níðbréf, ýmiskonar umsóknir og tilkynningar.

Árið 1997 voru grunaðir í skjalafalsmálum 52 karlar og 10 konur og í þessum málum voru gefnar samtals 216 rannsóknaniðurstöður. Árið 1998 voru grunaðir 56 karlar og 6 konur og gefnar samtals 155 rannsóknaniðurstöður.

Á samanburði sést greinilega að skjalafals fer vaxandi með tilliti til fjárhæða falsaðra gagna. Þessari þróun er vert að gefa sérstakan gaum, því meðaltalsfjárhæð hvers falsaðs gagns hefur um það bil sexfaldast á árabílinu 1994 til 1998.

Ekki er ljóst hvað veldur, en hinsvegar er nærtæk sú skýring, að jafnhliða því að notkun tékka fór minnkandi og þar með aðgangur falsara að tékkaeyðublöðum, hafi fólsonin færst yfir á skjöl sem að jafnaði fela í sér hærri fjárhæðir.

## **ID-nefnd**

Reglugerð nr. 401/1997 um skipun og verkefni rannsóknarnefndar, er hefur það hlutverk að bera kennsl á látna menn, heyrir stjórnskipulega undir ríkislögrelustjóra. Hún hefur í stórum dráttum eftirfarandi hlutverk:

Að leitast við að bera kennsl á menn, er margir hafa týnt lífi í flugslysum, skriðuföllum, flóðum eða skiptöpum eða öðrum náttúruhamförum, eða þegar óþekkt lík eða líkamsleifar finnast.

Við störf sín skal nefndin tryggja að gögn, sem finnast og geta haft þýðingu við að varpa ljósi á orsakir óhapps eða ábyrgð á óhappi, verði varðveitt.

Nefndina skipa lögreglumaður af almennu sviði sem jafnframt er formaður, einn rannsóknarlögrelumaður af tæknisviði, réttarlæknir og réttartannlæknir. Fyrir hvern aðalmann eru tveir varamenn.

Almennt eru störf nefndarmanna við rannsókn fólgin í söfnun upplýsinga og annarra gagna, rannsókn vettvangs og rannsókn látinna manna.

Réttu ári eftir gildistöku reglugerðarinnar eða hinn 21. september 1989 voru nefndarmenn skipaðir til starfans til 30. september 1992.

Samkvæmt reglum skal rannsóknarstarfi ekki teljast lokið fyrr en nefndarmenn eru orðnir sammála um að frekari rannsókn geti ekki haft áhrif á niðurstöðu hennar. Þegar kennsl hafa verið borin á lík, skal skrá um það skýrslu, þar sem greint er frá því, á hvaða atriðum niðurstaða byggir.

Í reglugerðinni um ID-nefndina er kveðið á um að ríkissaksóknari geti gefið nánari fyrirmæli um störf nefndarinnar. Með bréfi dagsettu 14. apríl 1992 gaf ríkissaksóknari fyrirmæli í þessum efnum þar sem kveðið er á um hvenær einstök lögregluembætti skuli gera Rannsóknarlögreglu ríkisins viðvart um mál samkvæmt reglugerðinni og um samvinnu nefndarinnar og hlutaðeigandi lögrelustjóraembættis. Sama dag sendi ríkissaksóknari öllum lögrelustjórum umburðarbréf þar sem sú skylda var lögð þeim á herðar að tilkynna til Rannsóknarlögreglu ríkisins um horfna menn og fund óþekkra líka. Í bréfinu eru settar fram reglur um hvenær lögrelustjórar skuli hefjast handa um gagnasöfnun um horfna menn og hvenær þeir skuli senda Rannsóknarlögreglu ríkisins þau gögn er þeir hafa látið afla. Með bréfinu er jafnframt áréttað, að Rannsóknarlögreglu ríkisins hafi verið falið að halda landsskrá um alla þá sem tynast en skránni er ætlað að stuðla að því, að borin verði kennsl á óþekkt lík. Rannsóknarlögrelustjóri ríkisins gaf sama ár út vinnureglur fyrir nefndina þar sem rækilega er lýst verkefnum og skyldum einstakra nefndarmanna.

Þegar Rannsóknarlögregla ríkisins var lögð niður og embætti ríkislögrelustjóra stofnað, var reglugerðinni breytt að því er laut að forræði hennar. Ríkissaksóknari gerði með sama hætti breytingu á fyrirmælum sínum vegna starfa ID-nefndarinnar.

### *Störf nefndarinnar árið 1998*

Þær breytingar urðu undir lok ársins að formaður nefndarinnar, Hörður Jóhannesson, yfirlöggluþjónn hjá ríkislögrelustjóranum, fór til starfa við embætti löggluþjórans í Reykjavík og kom hann ekki að störfum nefndarinnar eftir það. Gísli Pálsson, aðstoðaryfirlöggluþjónn, gegndi starfi formanns í flestum málum sem upp komu á árinu.

Fyrri hluta ársins var gengið frá kaupum á sérstöku forriti til skráningar og úrvinnslu



## Stofnun íslenskrar ID-nefndar

Ekki hefur verið talinn vafi á því að sú skylda hvíli á lögregluyfirvöldum að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að kennsl verði borin á lík. Við stofnun Rannsóknarlögreglu ríkisins var talið að sú stofnun hefði frumkvæðisskyldu í þessum efnum og fulltrúar hennar tóku þátt í norrænu samstarfi ID-nefnda til að geta betur tekist á við þetta verkefni. Verkefni við greiningu líkamsleifa verður ekki leyst á fullnægjandi hátt nema til komi þátttaka réttarlækna og réttartannlækna og að störf þeirra séu unnin skipulega og á markvissan hátt. Það var því í ljósi þess sem yfirstjórn Rannsóknarlögreglu ríkisins lagði áherslu á að stofnuð yrði ID-nefnd hér á landi með formlegum hætti og vísaði í því sambandi til norsku nefndarinnar.

Hinn 6. september 1988 gaf dómsmálaráðherra út fyrstu reglugerðina um skipun og verkefni rannsóknarnefndar, er hefði það hlutverk að bera kennsl á látna menn. Reglugerðin var sett með heimild í þágildandi lögum um Rannsóknarlögreglu ríkisins, og var í meginatriðum sniðin eftir reglugerð um norsku ID-nefndina.

Í tengslum við gildistöku reglugerðarinnar komu tveir sérfræðingar úr norsku ID-nefndinni hingað til lands vorið 1989 til að kynna störf norsku nefndarinnar almennt og hvernig staðið væri að einstökum verkefnum.



Á myndinni eru fulltrúar ID-nefndar að störfum í Kosovo á árinu 1999; Gunnlaugur Geirsson, Bjarni J. Bogason og Svend Richter.

upplýsinga fyrir ID-nefndir en þegar hefur verið ákveðið að ID-nefndir allra Norðurlandanna taki það upp í framtíðinni. Forritið hefur verið kynnt á vettvangi Interpol og er almennt búist við því að fleiri lönd muni taka það í notkun enda eru staðaltungumálin í kerfinu Norðurlandamálin, auk ensku, þýsku, frönsku og spænsku. Ráðgert er að setja fleiri tungumál inn í kerfið. Auk þess að koma að notum við sjálfa greiningarvinnuna gefur kerfið möguleika á að halda skrá yfir horfna menn. Þá er í undirbúningi að setja inn í kerfið svokallað „katastrof-register“ sem auðveldar mjög allt starf þar sem stórslys verða og fjöldi manns slasast og/eða lætur lífið.

Á árinu 1998 komu 4 mál til kasta nefndarinnar og var um þau fjallað á 9 fundum. Af þeim 6 sem létust á árinu voru 4 erlendir ferðamenn. Reyndi því nokkuð á samstarf við lögreglu í öðrum löndum með aðstoð Interpol skrifstofunnar hér á landi. Auðkennistarf tókst í öllum tilvikum.

Á þeim áratug sem liðinn er frá stofnun ID-nefndarinnar hér á landi hefur á þriðja tug mála komið til kasta hennar. Nefndin hefur getað leyst þau með þeim hætti að greining tækist. Nefndin hefur þannig sannað tilverurétt sinn með ótvíræðum hætti og unnið sitt mikilvæga starf með miklum sóma.

### **Upplýsingadeild (fíkniefnastofa)**

Deildin hefur það hlutverk að annast kerfisbundna söfnun og úrvinnslu upplýsinga um afbrot og afbrotamenn. Þær upplýsingar má nota til afbrotagreiningar og miðlunar til lögreglustjóra í þágu löggæslunnar. Þessi þáttur snýst að verulegu leyti um fíkniefnamál. Þá berast deildinni fjölmargar fyrirspurnir um afbrotamál frá öðrum þjóðum, aðallega í samstarfi við Interpol.

### *Breyting á rekstri rannsóknadeildar og upplýsingadeildar*

Frá 1. júlí 1997 og fram til 1. janúar 1999 voru rannsóknadeild og fíkniefnastofa tvær aðskildar starfseiningar, hvor fyrir sig undir stjórn eins aðstoðaryfirlögrelupjóns. Í rannsóknadeildinni voru fjórir starfsmenn og tveir í fíkniefnastofu. Auk þeirrar breytingar sem varð á yfirstjórn ríkislögreglustjórans með tilkomu sérstakra sviðsstjóra var skipulagi rannsóknadeildarinnar og fíkniefnastofu gerbreytt og starfsemin sameinuð undir stjórn eins aðstoðaryfirlögrelupjóns. Þá var starfsemi fíkniefnastofu breytt á þann veg að söfnun og úrvinnsla upplýsinga tæki til fleiri mála en fíkniefnabrota. Starfsmannafjöldi í hinni nýju sameinuðu deild er sá sami og var í þeim báðum við stofnun embættisins árið 1997.

Markmið rannsókn- og upplýsingadeildar er að starfsemin sé skilvirk og veiti góða þjónustu, jafnframt því að skapa sterka umgjörð um rannsóknir afbrota og úrræði gegn þeim fyrir allt landið. Ennfremur að tryggja góða yfirsýn yfir stöðu afbrota og ástand afbrotamála á landinu og vinna að framþróun á hinum ýmsu sviðum þessara mála.

Þá er mikil uppbygging í undirbúningi við að efla og styrkja upplýsingadeildina. Í þessu skyni hefur rannsókn- og upplýsingadeildin m.a. hafið undirbúning að því að leita leiða við að draga úr framleiðslu, innflutningi, framboði og eftirspurn ólöglegra fíkniefna og draga almennt úr afbrotum.

### **Eftirlit lögreglustjóra með útlendingum**

Vegabréfaskoðun og eftirlit með útlendingum eru á verksviði lögreglu samkvæmt lögum um eftirlit með útlendingum nr. 45/1965, sbr. lög nr. 19/1991, lög nr. 133, 1993 og reglugerð nr. 148/1965. Utan Reykjavíkur eru sýslumenn tollstjórar hver í sínu umdæmi, sbr. 36. gr. tollalaga nr. 55, 1987. Þar er t.d. mælt fyrir um að þeir annast jafnframt hver í sínu tollumdæmi eftirlit með innflutningi, umflutningi og útflutningi á vörum til og frá landinu, og ferðum og flutningi fara og fólks til og frá landinu o.s.frv.

Orðalag þetta breytir í engu því að persónueftirlit er fyrst og fremst verkefni lögreglu þótt því sé hagað hér á landi með þeim hætti sem leiðir af þeirri skipan, að sýslumenn eru í senn lögreglustjórar og tollstjórar. Óhjákvæmilegt er því að störf þessi skarist með ýmsu móti. Í 26. gr. lögreglulaga og 37. gr. tollalaga er sérstaklega mælt fyrir um að heimilt sé að fela lögreglumönnum að gegna tollgæslu jafnframt öðrum löggæslustörfum og ennfremur í síðarnefndu lögnum, að tollstjórar geti falið tollvörðum að gegna almennum löggæslustörfum, hverjum í sínu umdæmi. Í 9. gr. lögreglulaga er tollvörðum fengið lögregluvald á sínu starfssviði þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu. Hið sama á við um starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands.

*Helstu verkefni lögreglu við eftirlit með útlendingum eru þessi:*

Vegabréfaskoðun og eftirlit með komum og brottförum í millilandaflugi (áætlunar-, einka- og ferjuflugi), eftirlit og vegabréfaskoðun við komur og brottfarir skipa í millilandasiglingum, svo og skemmtiferðaskipa, eftirlit með útlendingum sem starfa og/eða hafa búsetu á Íslandi, eftirlit með hótelskráningum, upplýsingaskráningu og önnur verkefni er varða útlendinga.

Augljóst er að þörf er mikillar og aukinnar samvinnu lögreglu, tolls og Landhelgisgæslu í tengslum við Schengen-samninginn, sem taka á gildi í október árið 2000. Fyrirsjáanlegt er að mikil breyting verður á landamæraeftirliti með tilkomu samningsins og mikið verk því framundan við undirbúning hjá rannsóknadeild og alþjóðadeild.



## Jón H. Snorrason saksóknari

### Rannsókn og saksókn efnahagsbrota

Rannsókn og saksókn alvarlegra fjármunabrota, þ.á.m. skattalagabrota og umhverfisbrota hvar sem er á landinu. Jafnframt tölvubrot sem tengjast efnahagsbrotum þ.m.t. innbrot í tölvukerfi.

### Önnur verkefni

Rannsókn og meðferð tilkynninga banka og peningastofnana vegna grunsemda um peningabætti samkvæmt

lögum um varnir gegn peningabætti nr. 80/1993. Alþjóðlegt samstarf við lögreglu og yfirvöld á sviði efnahagsbrota. Fræðslumál á sviði fjármuna- og efnahagsbrota. Sófnun, úrvinnsla og skráning upplýsinga um fjármuna- og efnahagsbrot.

### Sérverkefni

Eftir nánari ákvörðun ríkislögreglustjóra.

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans fer með rannsókn allra alvarlegru brota gegn tilteknum ákvæðum almennra hegningarlaga. Einnig fer deildin með rannsókn ákveðinna sérrefsilagabrota, þ.e. brota gegn skattalögum, tollalögum (tollsvik), lögum sem varða gjaldeyrismál, verðlagsmál, verðbréfa- og lánsviðskipti, umhverfisvernd, vinnuvernd og stjórn fiskveiða. Þá annast deildin rannsókn allra svokallaðra efnahagsbrota, en þau eru skilgreind sem refsiverð háttsemi í hagnaðarskyni, sem fer fram kerfisbundið og reglulega í annars löglegru atvinnustarfsemi lögaðila eða einstaklinga. Undir efnahagsbrot geta því fallið brot sem ekki falla undir skilgreiningu þá sem talin er upp undir fyrstu tveimur liðunum, einungis ef aðferðin við brotin og aðstæður við þau falla að framangreindri skilgreiningu efnahagsbrota.

Efnahagsbrotadeild fer með saksókn allra framangreindra fjármunabrota fyrir héraðsdómstólum landsins. Sérstaða deildarinnar felst m.a. í því að verkefni hennar eru á landsvísi, en ráðast ekki af landfræðilegum umdæmismörkum eins og verkefni lögreglustjóranna í héraði. Rannsókn og saksókn þessara mála geta verið flókin og sérhæfð og er markmiðið að hjá deildinni finnist sú þekking sem til þarf.

Í fyrirsvari fyrir efnahagsbrotadeild er saksóknari en hann annast meðferð mála í umboði ríkislögreglustjórans og fer með ákærvald og lögreglustjórn deildarinnar í umboði hans. Auk þess að saksóknari heyri undir boðvald ríkislögreglustjórans, þá getur ríkissaksóknari gefið saksóknara fyrirmæli um einstök mál, kveðið á um rannsókn máls, mælt fyrir um framkvæmd rannsókna og fylgst með henni. Þetta beina boðvald frá ríkissaksóknara til saksóknara í efnahagsbrotadeild undirstrikar vægi þeirra hagsmuna sem rannsóknir deildarinnar beinast gjarnan að.

Vafi getur verið á því hvort um er að ræða það alvarleg brot gegn framangreindum ákvæðum laga að þau beri að rannsaka og saksækja af efnahagsbrotadeild sem og hvort brot er þess eðlis að það teljist vera efnahagsbrot eða ekki og að það falli þar með undir verksvið deildarinnar. Þegar þannig háttar til er litið til þess í fyrsta lagi hvert er umfang máls og hversu margslungið það er, í öðru lagi er litið til þeirra verðmæta eða fjármuna, sem rannsókn lýtur að, í þriðja lagi hvort mál tengist öðru landi, í fjórða lagi hvort um er að ræða brotastarfsemi í atvinnurekstri eða aðra skipulagða brotastarfsemi



og í fimmta lagi hvort mál hefur grundvallarþýðingu ef tekið er mið af almannahagsmunum og hvort það hefur fordæmisgildi. Úrskurðarvald um það hvort mál verði rannsökuð af staðarlögreglu eða efnahagsbrotadeild liggur hjá saksóknaranum. Efnahagsbrotadeild getur tekið upp rannsókn á málum að eigin frumkvæði, hún getur að beiðni lögreglustjóra tekið yfir mál sem staðarlögregla hefur hafið rannsókn á og hún getur í samráði við lögreglustjóra skipað rannsóknarhóp með starfsmönnum frá deildinni og viðkomandi lögreglumdæmi til að rannsaka mál sem deildin hefur yfirtekið.

Árið 1998 bárust 55 kærur og voru skráðar sem mál deildarinnar. Þar að auki bárust deildinni 5 erlendar rannsóknarbeiðnir. Ennfremur var tekin yfir rannsókn eða saksókn 17 mála frá og í samráði við staðarlögreglu.

#### *Dómar í málum deildarinnar á árinu*

Á árinu voru gefnar út 76 ákærur af efnahagsbrotadeild í málum sem heyra beint undir verkefni deildarinnar. Einnig voru nokkur mál rannsökuð á árinu og ákært í þeim af málum sem tilheyrðu RLR og ekki hafði unnist tími til að ljúka fyrir niðurlagningu þess embættis. Af þeim málum sem ákæra var gefin út í á árinu, skiptist sakarefnið í grófum dráttum á eftirfarandi hátt;

Brotaflokkur	fjöldi
Skattalaga- og bókhaldsbrot	45
Fjármunabrot/skjalfals	23
Tollalagabrot	3
Mál sem varða vigtun sjávarafla	3
Umhverfisbrot	2
<b>Samtals:</b>	<b>76</b>

Á árinu gengu 48 dómar héraðsdóms í þeim málum sem ákært var út af á árinu. Aðeins var sýknað í einu þeirra. Dæmdar sektir í framangreindum málum námu rúmlega 52 milljónum króna.

#### **Fjármunabrot**

Í reglugerð nr. 406/1997 um rannsókn og saksókn efnahagsbrota segir að efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans annist rannsókn alvarlegra brota gegn 247.-250., 253., 254. gr. og XXVII. kafla almennra hegningarlaga. Á árinu voru teknar til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild 19 kærur sem vörðuðu stærri brot gegn framangreindum lagaákvæðum. Nokkuð var um að kærur bærust efnahagsbrotadeild beint sem voru þess eðlis eða vörðuðu ekki svo alvarleg brot að talin væri ástæða til að taka þau til rannsóknar hjá deildinni. Þessar kærur voru sendar til rannsóknar hjá hlutaðeigandi lögreglustjórum í héraði. Efnahagsbrotadeild tók við fjórum málum til rannsóknar og ákæru á árinu frá staðarlögreglu, en þau vörðuðu stærri brot gegn framangreindum ákvæðum. Voru þau send deildinni í samráði við staðarlögreglu.

Á árinu var ákært í 24 málum þar sem sakarefnið var fjármunabrot að öllu leyti eða að hluta. Einkum var um að ræða fjárrátt, eða í 15 tilfellum, en fjársvik í 10 tilfellum. Þess ber að gæta þegar þessar tölur eru skoðaðar að oft er ákært vegna fleiri en eins

fjármunabrots í einni og sömu ákærinni. Þá var í nokkrum tilfellum ákært fyrir fjárdrátt og fjársvik samhliða öðrum brotum, t.d. var í tveimur tilfellum ákært fyrir fjárdrátt á afdregnu iðgjaldi í lífeyrissjóð og afdregnum félagsgjöldum í stéttarfélög í tengslum við skattalagabrot.

### Skattalagabrot

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans annast opinbera rannsókn og saksókn allra skattalagabrota sem kærð eru til lögreglu. Opinber rannsókn og saksókn efnahagsbrotadeildar á skattalagabrotum er í öllum tilvikum að undangenginni rannsókn embættis Skattrannsóknastjóra ríkisins á skattskilum.

Á árinu bárust 26 kærur vegna ætlaðra brota gegn skattalögum. Þá voru deildinni send 2 mál frá staðarlögreglu sem vörðuð meint skattalagabrot. Rannsókn lauk með útgáfu ákæru í 45 málum sem hafa verið til rannsóknar á undangengnu ári og gengu 28 dómar vegna þessara mála á árinu.

Í málum sem ákæru voru gefnar út í skiptist fjöldi mála eftir atvinnugreinum eða atvinnusviðum með eftirfarandi hætti:

Atvinnugrein / -svið	Fjöldi ákæra
Bygginga- og verktakastarfsemi	24
Fiskvinnsla og veiðar	5
Verslun og þjónusta	8
Veitingastarfsemi	3
Útgáfustarfsemi	2
Iðnaður	3
<b>Samtals:</b>	<b>45</b>

### Tollalagabrot

Eitt af verkefnum efnahagsbrotadeildar eru rannsóknir á brotum gegn tollalögum. Einkum er þar um að ræða svokölluð tollsvik þar sem hinir brotlegu hafa með svikum komið sér undan greiðslu aðflutningsgjalda. Tvö slík mál voru kærð til deildarinnar á þessu ári auk þess sem tvö slík mál voru send deildinni frá staðarlögreglu.

Til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans hefur verið fjöldi tilvika þar sem grunur leikur á að notaðir og nýir bílar hafi verið fluttir inn og fengist tollafgreiddir á grundvelli vörureikninga frá viðkomandi landi, sem taldir eru falsaðir. Falsanir þessar hafa verið framkvæmdar þannig að kaupverð er tilgreint mun lægra en raunverulega var, með það að markmiði að komast hjá greiðslu verulegs hluta aðflutningsgjalda. Rannsókn beindist að innflutningi á milli 100 og 200 bifreiða. Rannsóknin leiddi í ljós að á hinum fölsuðu reikningum er kaupverð bifreiða sagt allt að 50% lægra en raunverulega var. Tollafgreiðsla og álagning aðflutningsgjalda hvefrrar bifreiðar hefur reynst vera frá 100.000 til 1.000.000 krónum of lág vegna þessara fölsunarbrota.

Á árinu gekk dómur í einu máli, sem höfðað var með ákæru í mars 1998. Í því máli voru tveir menn ákærðir fyrir skjalafals og tollsvik vegna innflutnings 25 bifreiða þar sem talið var að þeir hefðu komist undan greiðslu 28 milljóna króna í aðflutningsgjöldum. Mennirnir voru jafnframt ákærðir fyrir stórfelld bókhaldsbrot. Í héraðsdómi

voru báðir mennirnir dæmdir fyrir bókhaldsbrot, en aðeins annar þeirra sakfelldur fyrir skjalafals og tollsvik, og fékk hann 12 mánaða fangelsi. Þessum dómi hefur verið áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar og sakfellingar yfir báðum mönnum vegna skjalafals, bókhaldsbrot og tollsvika. Ekki þóttu í málinu leiddar í ljós óyggjandi sannanir fyrir þeirri fjárhæð sem ákærðu hefðu komið sér hjá því að greiða í aðflutningsgjöld og var þeim því ekki jafnframt gerð sekt.

Einnig var á árinu gefin út ákæra á hendur framkvæmdastjóra innflutningsfyrirtækis sem selur búnað til sjónvarps- og útvarpssendinga. Framkvæmdastjórinn hafði frá árinu 1994 til ársloka 1996 fasað beiðnir frá réttihöfum sjónvarps- og útvarpssendinga um kaup á búnaði sem undanþeginn er greiðslu aðflutningsgjalda. Dómur gekk í þessu máli þann 6. janúar 1999 og var framkvæmdastjórinn dæmdur í 12 mánaða fangelsi, þar af voru 9 mánuðir skilorðsbundnir, og 7,5 milljóna króna sekt.

Hinn 9. október 1998 var gefin út ákæra á hendur þremur fyrirsvarsmönnum útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækis. Var þeim gefið að sök að hafa í níu skipti á tímabilinu frá október 1994 til mars 1995 tilgreint Ísland ranglega sem upprunaland tvífrýstra fiskafurða við útflytning til Englands. Fiskafurðir þessar, sem voru úr rússnesku hráefni, keyptu af þarlandum fiskiskipum, voru ranglega tilgreindar íslenskar á útflytningsspárum, svo þær nytu tollafríðinda samkvæmt EES-samningnum við tollafgreiðslu. Þetta mál mun vera það fyrsta sinnar tegundar sem ákært er í hér á landi. Þegar þetta er ritað er dómsmeðferð málsins ekki lokið.

## Tölvubrot

Tölvubrot er samheiti brota sem tengjast tölvum. Í þeirri merkingu er talað um tölvubrot þegar brot eru framin í tölvu, eins og t.d. bókhaldsbrot eða þegar hugbúnaði er breytt eða hann eyðilagður í tölvu annars aðila, sem brotamaður hefur tengingu við frá sinni tölvu. Sífellt stærra hlutfall hinna venjulegu auðgunarbrot, fölsunarbrot og brota í opinberu starfi, svo dæmi séu tekin, eru framin í tölvum eða tölvubúnaði.

Í daglegu tali og í almennri umræðu er orðið tölvubrot líklega oftast notað um innbrot í tölvukerfi og þá eyðileggingu sem af því hlýst. Á ensku kallast þessi brot „hacking“. Brotum þessum hefur fjölgað, eða réttara sagt, eru ný af nálinni sem viðfangsefni lögreglu. Á árinu 1998 voru sjö kærur vegna tölvuinnbrot tekinn til meðferðar hjá efna-hagsbrotadeildinni auk þess sem rannsókn slíks máls frá 1997 lauk á árinu. Tvö málanna frá 1998 eru enn í rannsókn. Öll þessi mál hafa fengið afgreiðslu nema tvö þeirra, sem eru óupplýst. Fjögur upplýstust án þess að grundvöllur væri til ákæru í þeim. Skýring þeirra málaloka er að sakborningar voru yngri en 15 ára og því ósakhæfir. Í öðrum tilvikum var ekki upplýst um aðra háttsemi en þá að farið var í tölvupóst eða upplýsingar sem vistaðar voru í tölvu, án þess að af því hlytist eyðilegging. Þau mál tengjast friðhelgi einkalífs, og eru samkvæmt íslenskri löggjöf einkarefsimál sem lögregla rannsakar ekki.

Athygli vekur að í þessum málum eru brotamenn á aldrinum 13 til 17 ára. Þrátt fyrir að þessir unglingar hafi fengið kennslu og leiðbeiningu til þess að nota tölvur hefur þeim ekki verið gert ljóst að notkun tölvunnar getur leitt af sér óþægindi fyrir aðra og jafnvel tjóni þegar boðsendingar valda breytingum eða eyðileggingu í tölvum eða tölvukerfum annarra.

Þetta vandamál er vel þekkt víðast um heim þar sem tölvueign og notkun er mikil



Jón H. Snorrason, saksóknari og Arnar Jenson, aðstoðaryfirlögregluþjónn, ásamt Helga Magnúsi Gunnarssyni og Barböru Björnsdóttur lögfræðingum efnahagsbrotadeildar að skoða dómsniðurstöðu í fölsunarmáli.

*Ljósmynd: Morgunblaðið/Kristinn*

og almenn. Í flestum tilvikum hefur þessi notkun tölvu, sem leiðir til óþæginda eða eyðileggingar, ekki annan tilgang en að notandi er að reyna hæfni sína með því að komast lengra inn í tölvukerfi annarra en ætlast er til. Þekkt er að þessir einstaklingar, sem í flestum tilvikum eru unglingar eða ungt fólk, hafa samband sín á milli, t.d. á Internetinu, þar sem þeir metast á um þessi afrek og skiptast á lykilorðum að tölvum eða tölvukerfum sem þeir hafa komist yfir með ólöglegum hætti.

### **Umhverfisbrot**

Umhverfisbrot eru öll refsiverð brot sem beinast gegn umhverfinu, hvort sem er gegn lofti, láði eða legi, dýralífi eða gróðri.

Löggjöf á þessu sviði er nokkuð víðfeðm, þ.e. ákvæði um umhverfisvernd og refsíákvæði eru í nokkrum lagabálkum, svo sem náttúruverndarlögum, lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, lögum um mengun lands og lofts, og lögum um mengun sjávar. Einnig lögum um skipulags- og byggingamál, svo og í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, mengunarvarnareglugerð og víðar.

Þessum málaflokki hefur á síðustu árum og áratugum verið gefið aukið vægi með því að athygli hefur í ríkum mæli beinst að mengun og afleiðingum hennar. Þetta á ekki aðeins við um Ísland heldur einnig allan hinn vestræna heim þar sem þessi mál hafa forgang. Háttsemi sem áður hefur verið látin átölulaus, svo sem losun úrgangsefna hvar sem er út í náttúruna, er nú óheimil og kveðið á um með reglum með hvaða hætti skal standa að losun úrgangsefna og þá sérstaklega hættulegra efna.

Árið 1998 fékk efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans til meðferðar tvö mál sem

falla undir brotaflokkinn umhverfisbrot. Í öðru tilvikinu var um að ræða mengun sjávar vegna þess að skipsskrokki var sökkt í sjó og í hinu tilvikinu förgun úrgangs sem án leyfis og andstætt lögum var grafinn í jörð nærri þéttbýli. Í báðum málunum voru gefnar út ákætur og gekk dómur í öðru málinu á árinu.

Í tilviki þar sem um var að ræða mengun sjávar háttaði svo til að staðaryfirvöld höfðu byrjað aðgerðir til þess að eyða skipsskrokki, sem staðið hafði í nokkur ár í fjöru á hafnarvæðinu í þorpinu, í óþökk yfirvalda. Fyrir lá að búta skipið niður í brotajárn og fjarlægja það á kostnað eiganda. Var kostnaður áætlaður á bilinu 1-2 milljónir króna. Skömmu áður en að því kom hvarf skipsskrokurinn úr fjörunni. Við umfangsmikla rannsókn staðarlögreglu, sem naut aðstoðar Landhelgisgæslunnar, var leitt í ljós, að eigandi skipsskrokksins og skipstjóri á staðnum höfðu, að kvöldlagi í nóvember 1997, dregið skipsskrokkin út fyrir höfnina og losað sig við hann í sjó. Af hálfu efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjórans var gefin út ákæra á hendur mönnunum fyrir brot á lögum nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar. Báðir mennirnir voru sakfelldir samkvæmt ákæru og dæmdir til sektargreiðslu í ríkissjóð. Eigandi skipsskrokksins hlaut 3 milljóna króna sekt en skipstjóri dráttarskipsins 500.000 króna sekt, en hann var auk þess sakfelldur fyrir að hafa ekki látið lögskrá á dráttarskipið.

Í því máli sem varðar urðun sorps var framkvæmdastjóri sorpflokkunarstöðvar í Straumsvík í Hafnarfirði ákærður fyrir að hafa, á tímabilinu frá 28. nóvember 1996 til desember 1997, látið urða rúmlega 1.600 rúmmetra af timbri og öðrum úrgangi sem féll til við flokkun leifa af 146 húseiningum sem staðið höfðu á athafnasvæði hers Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli. Fyrirtækið hafði tekið að sér að flokka og kosta förgun á þessum úrgangi fyrir stórt verktakafyrirtæki. Sorpflokkunarstöðin hafði starfsleyfi til flokkunar sorps en ekki til eyðingar þess eða urðunar. Hún hefði því þurft að fela öðrum fyrirtækjum förgun þessa sorps gegn greiðslu. Framkvæmdastjórinn urðaði eða lét urða timbrið og úrganginn á lóð fyrirtækisins í Straumsvík án tilskilinna leyfa. Eldur kviknaði í sorpinu og logaði í því í margar vikur, þrátt fyrir slökkvistarf.

### **Brot framin í tengslum við fiskveiðar og / eða fiskvinnslu**

Brot sem framin eru í sjávarútvegi og vinnslu eru margvísleg, enda gildir fjölbreytt löggjöf um þennan atvinnuveg. Af athyglisverðum málum sem til meðferðar hafa verið hjá efnahagsbrotadeild má nefna svonefnt „kvótamál“, sem varðar ætluð brot á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, sem framin eru með þátttöku þeirra í kaupum á kvóta. Þá má nefna „vigtarmál“ þar sem fiski er komið framhjá skráningu og / eða vigtun til þess að komast hjá því að veiddur afli sé dreginn frá aflaheimildum skips. Loks eru mál sem gert er grein fyrir í kafla um tolla-lagabrot og varðar rangfærslu útflutningsskýrslna þegar svonefndur „Rússafiskur“ sem keyptur var úr rússneskum togurum var pakkaður, fluttur úr landi og seldur sem íslenskur.

### **Kvótamál**

Í byrjun ársins voru fyrirsvarsmenn útgerðar á Suðurnesjum og fiskmarkaðar ákærðir og dæmdir fyrir brot á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins og lögum um bókhald. Ákærðu voru allir sakfelldir í héraði og dæmdir til refsinga. Tveir fyrirsvarsmenn fiskmarkaðarins voru dæmdir til greiðslu

einnar milljónar króna sektar, einn í 500.000 króna sekt og útgerðarmaður skipsins í 500.000 króna sekt.

### Vigtarmál

Á árinu voru gefnar út þrjár ákærur í málum sem vörðuð brot gegn lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Brot þessi voru framin með því að sjávarafla var landað án þess að aflinn væri veginn á hafnarvog lögum samkvæmt. Þá var þorski landað sem ufsa í einu málinu með því að þoskur var hulinn með ufsa, að því er virtist til að blekkja vigtarmann. Dómar gengu í tveimur þessara mála á árinu og var sakfelld í þeim báðum. Þeim málum lauk með sektum. Þess má geta að lágmarks-sekt vegna slíkra brota, ef sannast, er 400.000 krónur, óháð aðstæðum.

### Bókhald

Brot gegn bókhaldslögum og lögum um ársreikninga tengjast gjarnan öðrum brotum, oftast skattabrotum, enda eru bókhaldsbrot oft samfara óreiðu í skattskilum og skilum á afdreginni staðgreiðslu og innheimtum virðisaukaskatti. Hjá efnahagsbrotadeild komu bókhaldsbrot sjaldan til rannsóknar sem sjálfstæð brot. Þá hófst rannsókn á árinu á þremur kærnum sem bárust vegna brota gegn lögum um ársreikninga, þar sem þrjár aðilar voru kærðir fyrir að skila ekki ársreikningum til félagaskrár í samræmi við lög.

Hinn 1. janúar 1995 gengu í gildi ný lög um ársreikninga, sem eru nr. 144/1994, og sama dag gengu einnig í gildi ný lög um bókhald, sem eru nr. 145/1994. Þessi nýju lög leysa af hólmi lög nr. 51/1968. Með þeim eru refsingar fyrir þessi brot þyngdar til muna. Má þess vegna búast við því að rannsóknum og ákærum vegna bókhaldsbrotu muni fjölga á næstu árum.

Tengsl bókhaldsbrotu við ýmis önnur brot sem efnahagsbrotadeild ákærði í á árinu eru sem hér segir:

Brotaflokkur	fjöldi brota
Skattalagabrot	11
Refsiverð og ólöglegt notkun á einkamerki og fjársvik	1
Stjórn fiskveiða	1
Tollsvik	1
<b>Samtals:</b>	<b>14</b>

Af framangreindum 14 brotum eru einungis 4 sem að hluta eða öllu leyti voru framin í tíð laga nr. 144/1994 og laga nr. 145/1994.

### Peningapvætti

Ísland hefur tekið þátt í starfi Evrópuþjóða, Bandaríkjanna og Kanada, sem hófst í byrjun þessa áratugar, gegn því að glæpasamtök og afbrotamenn noti banka- og fjármálakerfið til þess að geyma eða flytja ágóða eða afrakstur glæpastarfsemi, sem tengist brotum gegn lögum um ávana- og fíkniefni og hegningarlögum. Með lögum nr. 80/1993 er bönkum og peningastofnunum skylt að tilkynna um öll viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til brots á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni.

Með slíkar tilkynningar er ekki farið sem kærur en úr þeim er unnið hjá efnahagsbrotadeildinni í samstarfi við einstök lögregluembætti eftir því sem við getur átt. Ef í ljós kemur við athugun slíkra tilkynninga að rekja má færslurnar eða peningana til brota, hefst lögreglurannsókn.

Á árinu 1998 bárust 25 slíkar tilkynningar til efnahagsbrotadeildar. Á árinu 1997 voru þær 11. Engar þessara tilkynninga hafa leitt til útgáfu ákæru einar sér. Nokkrar þeirra hafa þó varðað mál sem þegar voru til rannsóknar hjá deildinni og hafa sem slíkar komið að notum.



Jóhann Jóhannsson  
framkvæmdastjóri

### Eftirlit með útlendingum

Afgreiðsla dvalar- og atvinnuleyfa.  
Afgreiðsla vegabréfsáritana.

Útgáfa vegabréfa fyrir útlendinga og ferðaskilríkja fyrir flóttamenn.  
Heildarskrá yfir útlendinga hér á landi og rekstur tölvukerfis vegna þess.

Erlend samskipti, þátttaka í ýmsum nefndum og vinnuhópum, t.d. vegna undirbúnings að Schengen-samstarfinu.

Meðferð umsókna um hæli hér á landi.  
Brottvísanir úr landi - ákvörðun og framkvæmd.

Ein af þeim breytingum sem urðu við setningu lögreglulaganna nr 90/1996 er um Útlendingaeftirlitið og fólst í 10. tl. 43. gr laganna sem hljóðar svo: „Í stað orðanna lögreglustjórinn í Reykjavík kemur ríkislögreglustjóri“.

Þessi stutti töluliður segir að sjálfsgöðu hvorki mikið um stöðu útlendingaeftirlitsins né um þær breytingar sem urðu við gildistöku laganna. Í greinargerð með lögnum er breytingin skýrð í stuttu máli, en engan veginn þó tæmandi, en í greinargerðinni segir:

„Í 10. tölul. er gert ráð fyrir að lögreglustjórinn í Reykjavík fari ekki lengur með yfirstjórn þeirrar borgaralegu stofnunar sem útlendingaeftirlitið er. Útlendingaeftirlitið var gert að sjálfstæðri stofnun með lögum um eftirlit með útlendingum, 133/1993 sem breyttu lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965. Lögreglustjórar fara með útlendingaeftirlit, hver í sínu umdæmi, með aðstoð löggæslumanna samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laganna. Lögsaga útlendingaeftirlitsins nær hins vegar til landsins alls og því er m.a. ætlað að veita þau leyfi sem þarf til landgöngu og dvalar samkvæmt lögnum og úrskurða um hvort meina eigi útlendingi landgöngu. Ríkislögreglustjóri hefur umboð á landsvísu en ekki daglega stjórn lögregluliðs sem fæst við eftirlit með útlendingum og þykir því heppilegt að hann veiti Útlendingaeftirlitinu forstöðu og að stofnunin verði rekin í tengslum við embætti hans.“

Í samræmi við þessa lagabreytingu færðist útlendingaeftirlitið undir stjórn ríkislögreglustjórans og flutti starfsemi sína í Auðbrekku 6 hinn 22. september 1997.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því að útlendingaeftirlitið flutti hefur orðið geysimikil aukning á málum sem borist hafa því til afgreiðslu, sérstaklega erindi vegna atvinnu- og dvalarleyfa og vegna vegabréfsáritana. Þá hefur fjöldi þeirra sem leita eftir hæli hér á landi sem flóttamenn aukist mikið en þeir voru 25 á árinu 1998, en höfðu verið 4-6 á ári nokkur undangengin ár.




## TÖLULEGT YFIRLIT um afbrot árið 1998

### Afbrotatíðni

Í alþjóðlegum samanburði á tíðni afbrota, er jafnan miðað við fjölda brota á hverja 100.000 íbúa. Sú viðmiðun er því jafnframt heppileg þegar verið er að skoða þróun afbrota innanlands.

Fjöldi brota á hverja 100.000 íbúa 1998:			
Brotaflokkur	Landið allt	Reykjavík	Landsbyggðin
Ofbeldisbrot	568	780	429
Auðgunarbrot	2944	4776	1749
Fíkniefnabrot	259	358	194
Brot gegn valdstjórninni	50	71	37
Ærumeiðingar, friðhelgi einkalífs	198	326	114
Ýmis brot er varða fjárréttindi	1656	2311	1229
Umferðarlög	8185	8108	8235
Áfengislög	940	1498	576

Niðurstöður töflunnar eru færðar í súluritið hér að neðan, svo betur megi sjá innbyrðis vægi málaflokka.



Taflan á næstu síðu sýnir rauntölur um fjölda helstu brota. Upplýsingar um afbrotatíðni hér að ofan eru byggðar á þeim tölum. Upplýsingar um fjölda brota og magn haldlagðra fíkniefna, sem birtast hér í ársskýrslunni, voru teknar saman hjá viðkomandi lögregluembættum. Sjá enn fremur upplýsingar vegna skatta- og efnahagsbrota undir sviði 5 í ársskýrslunni.


Athuga ber að í tölulegum yfirlitum eru tilgreind umdæmi lögreglustjóranna en ekki einstök bæjarfélög. Þannig eru t.d. afbrot á Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ skráð undir Reykjavík.

Brotaflokkar	Landið allt	Akranes	Akureyri	Blönduós	Bolungarv.	Borgarnes	Búðardalur	Eskifj.	Hafnarfj.	Hólmavík	Húsavík	Hvolsv.	Höfn	Ísafjörður	Keflavík	Keflflugv.	Kópav.	Nesk.st.	Ólafsfj.	Patreksfj.	Reykjavík	Sauðárkr.	Selfoss	Seyðisfj.	Siglufj.	Stykkish.	Vestm.e.	Vík	
<b>Ofbeldisbrot</b>																													
1401 - Kynferðisbr. nauðgun	44		1						5			1			2		3				30			1			1		
1402 - Kynferðisbr. ólögm. nauðgun	1								1																				
1410 - Kynferðisbr. misneyting	14		2						1								2				7	1						1	
1501 - Manndráp	0																												
1506 - Likamsmeiðingar (217 gr.)	1111	16	70	8	11	3	11	19		2	9	11	8	106	2	52	1	4	3		673	8	22	5	4	22	40	1	
1507 - Likamsárás - meiðingar minni	219	2	23	1	4		4	40	3	4	9	4	6	11		3		1			58	7	17	7		7	8		
1508 - Likamsárás - meiðingar meiri	44		7				1		3	1		1			2	1	2				13	9	1		2	1			
1509 - Likamsárás - meiðingar gáleysi	8		2						2								1				1		1		1				
1551 - Manndráp - tilraun	0																												
Önnur ofbeldis- og kynferðisbrot	122	1	12	1		1		1	8		2	1	3	3	4	1	7	1		1	66	1	2	1	2			3	
<b>Samtals</b>	<b>1563</b>	<b>19</b>	<b>117</b>	<b>10</b>	<b>0</b>	<b>17</b>	<b>3</b>	<b>16</b>	<b>79</b>	<b>4</b>	<b>8</b>	<b>21</b>	<b>18</b>	<b>17</b>	<b>125</b>	<b>4</b>	<b>70</b>	<b>2</b>	<b>5</b>	<b>4</b>	<b>848</b>	<b>17</b>	<b>50</b>	<b>16</b>	<b>6</b>	<b>32</b>	<b>53</b>	<b>2</b>	
<b>Auðgunarbrot</b>																													
1801 - Innbrot	2111	8	53	6	3	15	1	16	176	3	9	23	6	25	76	4	155	5	10	10	1394	11	62	9	3	3	23	2	
1851 - Þjófnaður	5445	94	330	4	3	30	2	16	515	5	21	13	16	33	285	12	342	8	18	9	3425	17	93	13	5	17	115	4	
1901 - Gripdeild	37								1						1	1					30	2	1					1	
1911 - Fundið fé, ólögleg meðferð	5								1								1				3								
1921 - Fjárdráttur - munir	16													1		2					11				1	1			
1922 - Fjárdráttur - peningar	63		3	1				3	3					2		7	1				39	1	1					2	
1971 - Rán	19															1					18								
Fjársvik - allir brotaflokkar	304	6	32	2		4			11		1	5	1		7	15					201	2	6	3		5	1	2	
Önnur auðgunarbrot	103		5			1			2		5	2		2	8	3	1				69	1	1			3		0	
<b>Samtals</b>	<b>8103</b>	<b>108</b>	<b>423</b>	<b>13</b>	<b>6</b>	<b>50</b>	<b>3</b>	<b>35</b>	<b>709</b>	<b>8</b>	<b>36</b>	<b>43</b>	<b>23</b>	<b>63</b>	<b>377</b>	<b>17</b>	<b>526</b>	<b>15</b>	<b>28</b>	<b>19</b>	<b>5190</b>	<b>34</b>	<b>164</b>	<b>25</b>	<b>9</b>	<b>29</b>	<b>141</b>	<b>9</b>	
<b>Fíkniefnabrot</b>																													
3851 - Fíkniefni, dreifing - sala	57	1	2		1	1		2	3		2			3			1			1	32	2	4			1	1		
3852 - Fíkniefni, innflutningur	45		1			1			1						1	6					34		1						
3853 - Fíkniefni, varsla - neysla	493	7	31			3	1	42		4	1	3	14	20	2	23	2		1	276	6	19	3	3	8	24			
3854 - Fíkniefni, framleiðsla	8	1												1						3	3								
3879 - Fíkniefni, ýmis fíkniefnabrot	110	3	10	1					13		2		4	5	5	5	1	3	1		44	4	1		1	7			
<b>Samtals</b>	<b>713</b>	<b>12</b>	<b>44</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>5</b>	<b>0</b>	<b>3</b>	<b>59</b>	<b>0</b>	<b>8</b>	<b>1</b>	<b>7</b>	<b>23</b>	<b>26</b>	<b>13</b>	<b>25</b>	<b>5</b>	<b>1</b>	<b>5</b>	<b>389</b>	<b>8</b>	<b>28</b>	<b>4</b>	<b>3</b>	<b>10</b>	<b>32</b>	<b>0</b>	
<b>Brot gegn valdstjórninni</b>																													
301 - Lögreglumenn, ofbeldi. (106-107)	111		10						2		2			2	12	2	1		1		69		1			2	7		
302 - Opinber starfsmaður, ofbeldi. Annað	7		1	1											1	1					3								
<b>Samtals</b>	<b>139</b>	<b>0</b>	<b>14</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>14</b>	<b>3</b>	<b>3</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>5</b>	<b>77</b>	<b>3</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>9</b>	<b>0</b>	
<b>Ærumeiðingar, friðhelgi einkalífs</b>																													
1701 - Húsbrot	145	3	6			2	1	5		2		1		13		10			1	87	1	2		1	2	8			
1702 - Ófösknir (áminning)	18														2	2	1			11	1			1					
1703 - Hótanir	254	4	5	1	2	1		3	11	2	2	1	2		8	1	8	1		191	1		1	1	1	7	1		
1704 - Ærumeiðingar	19							1	1					2	8					5	1				1				
1799 - Friðhelgi, ýmislegt.	108	4	19	1		1	1	1	2				1			4	2	1	2	60	1				1	6	1		
<b>Samtals</b>	<b>544</b>	<b>11</b>	<b>30</b>	<b>2</b>	<b>2</b>	<b>4</b>	<b>1</b>	<b>6</b>	<b>19</b>	<b>2</b>	<b>4</b>	<b>1</b>	<b>4</b>	<b>2</b>	<b>31</b>	<b>5</b>	<b>22</b>	<b>3</b>	<b>0</b>	<b>3</b>	<b>354</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>0</b>	<b>3</b>	<b>5</b>	<b>21</b>	<b>2</b>	
<b>Ýmis brot er varða fjárréttindi</b>																													
2101 - Eignaspjöll (Minni skemmdarverk 257,1)	4108	77	241	17	3	28	3	34	276		27	17	17	48	317	5	309	10	33	7	2266	56	113	26	12	22	141	3	
2102 - Eignaspjöll (Meiri skemmdarverk 257,2)	92	2	4		1	3		2	16		1	1	2	3	13	1	2	1	2	1	27	3	5			1	1		
2103 - Nytjastuldur vélknúinna farartækja (259,1)	322	2	9	1	1	2		3	18		2	3	1	4	30	2	12	3		210	4	4	1		4	5	1		
2104 - Nytjastuldur - annað (259,2)	37	6	5			3			2						3		2		2	9	1	1	1	1	1		1		
<b>Samtals</b>	<b>4559</b>	<b>87</b>	<b>259</b>	<b>18</b>	<b>5</b>	<b>36</b>	<b>3</b>	<b>39</b>	<b>312</b>	<b>0</b>	<b>30</b>	<b>21</b>	<b>20</b>	<b>55</b>	<b>363</b>	<b>8</b>	<b>325</b>	<b>14</b>	<b>37</b>	<b>8</b>	<b>2512</b>	<b>64</b>	<b>123</b>	<b>28</b>	<b>13</b>	<b>27</b>	<b>148</b>	<b>4</b>	
<b>Umferðarlög</b>																													
7015 - Akstur gegn rauðu ljósi	1158	4	45			1			127						20		58				896		1				6		
7023 - Stöðvunarskylda ekki virt	597	1	14											3	25	3	3				545		2				1		
7303 - Of hraður akstur	18664	188	1583	1182	15	642		138	1493	128	246	371	94	467	910	21	2090	16	51	5	6356	352	1235	74	15	770	76	146	
7410 - Ölvun við akstur	2111	31	157	14	2	49	4	10	169	4	28	20	24	44	120	47	107	10	5	16	1014	12	132	25	6	31	28	2	
<b>Samtals</b>	<b>22530</b>	<b>224</b>	<b>1799</b>	<b>1196</b>	<b>17</b>	<b>692</b>	<b>4</b>	<b>148</b>	<b>1789</b>	<b>132</b>	<b>274</b>	<b>391</b>	<b>118</b>	<b>514</b>	<b>1075</b>	<b>71</b>	<b>2258</b>	<b>26</b>	<b>56</b>	<b>21</b>	<b>8811</b>	<b>364</b>	<b>1370</b>	<b>99</b>	<b>21</b>	<b>808</b>	<b>104</b>	<b>148</b>	
<b>Áfengislög</b>																													
6651 - Áfengislög, Ólölegur tilbúningur áfengis	49		1		1	3			7		1			2	1		1				21	1	2			6	1	1	
6652 - Áfengislög, ólögleg sala áfengis	42	1	1			3	1		2						2					1	2	25	3			1			
6657 - Áfengislög, ölvun á almannafæri (21 gr.)	2199	21	280	1		16	1	6	53	3	20	7	9	26		5	41	3	7	10	1524	15	43	23	15	19	45	6	
Áfengislög - annað	298	6	65	1	1	5			21		3	4		12	58	2	8	1		1	58	6	3	4	8	2	29		
<b>Samtals</b>	<b>2588</b>	<b>28</b>	<b>347</b>	<b>2</b>	<b>2</b>	<b>27</b>	<b>2</b>	<b>6</b>	<b>83</b>	<b>3</b>	<b>24</b>	<b>11</b>	<b>9</b>	<b>40</b>	<b>61</b>	<b>7</b>	<b>50</b>	<b>4</b>	<b>8</b>	<b>13</b>	<b>1628</b>	<b>25</b>	<b>48</b>	<b>27</b>	<b>23</b>	<b>28</b>	<b>75</b>	<b>7</b>	



## VIÐAUKI

Sögulegt yfirlit um upphaf og þróun fíkniefnamála á Íslandi og nokkur áhersluatriði um auknar aðgerðir lögreglu gegn fíkniefnavánni



PET-myndgreining sem sýnir heila þess, sem hefur neytt MDMA (e-töflunnar), samanborið við þann, sem ekki hefur gert það. - PET-myndgreining birt með leyfi George A. Ricaurte, M.D., Ph.D. Sjá nánar grein um e-töfluna á blaðsíðum 63 - 65.

## Ópíumlögin

Fyrstu íslensku fíkniefnalögin eru sett árið 1923 og taka til tilbúnings og verslunar með ópíum. Þau eru að mestu leyti byggð á svonefndri Haag-samþykkt frá 23. janúar 1912. Gildistaka samþykktarinnar frestaðist hér á landi vegna fyrri heimsstyrjaldarinnar, en Ísland varð fullgildur aðili hennar árið 1921. Árin 1968 og 1970 voru gerðar breytingar á lögunum, sem miðuðu að því að auka svigrúm dómsmálaráðuneytisins til að mæla fyrir um hvaða efni skyldu lúta lögunum. Hvers kyns meðhöndlun fíkniefna var gerð refsiverð, viðurlög þyngd og tekin upp ákvæði um eignaupptöku.

## Lög um ávana- og fíkniefni

Ópíumlögin voru felld úr gildi með lögum um ávana- og fíkniefni, sem sett voru árið 1974. Efni laganna voru sniðin að fíkniefnasamningum Sameinuðu þjóðanna frá árunum 1961 og 1971. Lögunum hefur nokkrum sinnum verið breytt, síðast árið 1997. Flestar breytingar varða refsiramma og mörk sektarfjárhæða.

Að auki hefur verið bætt greinum í almenn hegningarlög þar sem refsirammami vegna fíkniefnabrot er 10 ára fangelsi vegna stórfelldra brota. Ákvæðin taka til sérlegra saknæmrar meðhöndlunar fíkniefna og meðhöndlunar ávinnings af stórfelldum fíkniefnabrotum.

Einnig er í gildi reglugerð nr. 16/1986 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

## Landsyfirlit um upphafsþróun fíkniefnamála

Eins og sést af yfirlitinu hér á eftir, fer að bera á fíkniefnamálum hjá lögreglu á árunum fyrir 1970, eftir setningu fíkniefnalöggjafar sem bannaði inn- og útflutning, sölu og dreifingu hinna skaðlegu efna. Þó ýmis fíkniefni hafi verið þekkt héraendis og löglega á markaði um áratugi, svo sem amfetamín, voru í ýmsum tilfellum í fyrstunni ekki ljós skaðleg áhrif þeirra fyrr en með síðari tíma rannsóknum. Fíkniefni komu fyrst einkum á borð lögreglu í Keflavík en einnig á Reykjavíkursvæðinu og víðar. Löggæslustofnanir á Suðvesturlandi tóku snemma höndum saman um uppljóstran fíkniefnabrot.

Samkvæmt skráum lögreglu virðist sem nokkur tími hafi liðið áður en tók að bera á ólöglegum fíkniefnum víða úti um land, sérstaklega í fámennari byggðarlögum. Á áttunda áratugnum er að sjá sem fíkniefni hafi dreifst frá Reykjavík, til að mynda með farandverkafólki til sjávarþorpa, þar sem þeirra hafði ekki fyrr orðið vart.



## Brot á fíkniefnalöggjöfni

Fíkniefnamisferli, sem er samheiti hvers konar brota á fíkniefnalöggjöfni, er háttsemi án tillits til afleiðinganna og beinast fremur gegn ótiltekn- um hópi manna eða þjóðfélaginu í heild, en einstaklingum. Fíkniefnalöggjöfni er beint gegn hvers konar útbreiðslu ávana- og fíkniefna í samfélagi manna, og verknaðarlýsingu laganna er ætlað að taka til hvers konar meðhöndlunar fíkniefna að frátöldum lögheimiluðum undantekningum. Löggjöf um ávana- og fíkniefni er fyrst og fremst ætlað að vernda almannahagsmuni, líf og heilsu manna. Þau sjónarmið sem búa að baki lögunum eru þjóðfélagsleg hættusjónarmið auk heilbrigðis- og félagslegra verndarsjónarmiða.

*Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar frá viðkomandi lögregluembættum og taka til umdæma viðkomandi lögreglustjóra.*

### Akranes

Ekki er hægt að segja nákvæmlega til um upphaf fíkniefnamála sem löggæsluverkefni í umdæminu. Fyrst var unnið skipulega að málaflokknum árið 1988, en þá fór lögreglan gegn hópi sem vitað var að stæði í fíkniefnaneyslu. Áður hafði eitt og eitt mál rekið á fjórum lögreglunnar á Akranesi. Mál þessi vörðuð flest neyslu kannabisefna og ekki augljós tengsl við aðra brotastarfsemi.

### Akureyri

Fyrsta fíkniefnamálið á Akureyri mun hafa komið upp á áttunda áratugnum er maður var handtekinn með smávegis af hassi. Næstu ár á eftir komu upp einstaka fíkniefnamál. Árið 1983 fékk rannsóknadeild lögreglunnar á Akureyri upplýsingar um fíkniefnasendingu sem kom með flugi frá Reykjavík. Reyndust þetta vera um 21 gramm af hassi sem 8 manns höfðu sameinast um að kaupa. Í kjölfar þessarar sendingar var farið að vinna með markvissari hætti að fíkniefnamálum. Farið var að skrá niður upplýsingar er lögreglunni bárust um fólk sem var í fíkniefnaneyslu og reynt að fylgjast með því eftir mætti. Leitast var við að koma upp tengiliðum og upplýsingaaðilum.

### Blönduós

Upphaf fíkniefnamála í umdæminu, sem komu til kasta lögreglu, tengist samkomum sem haldnar voru í Húnaveri um verslunarmannahelgar árin 1989 til 1991. Á fyrstu hátíðinni var lagt hald á töluvert magn af fíkniefnum og virtist vera talsvert af efnum í umferð á samkomunni. Efna varð vart í mun minna mæli árið 1990 og 1991. Þarna kynntust lögreglumenn þessum málum fyrst að verulegu marki auk þess sem þeir kynntust verklagi hjá lögreglumönnum sem komu frá fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík til löggæslu á samkomunum.



### Fíkniefni í Evrópu -stutt yfirlit

Mest aukning fíkniefna hér á landi hefur verið á svokölluðum tilbúnum fíkniefnum. Þó svo að flokkar þessara efna séu margir þá eru þrjú fíkniefni mest áberandi og sem við þurfum að hafa mestar áhyggjur af. Hér er um að ræða amfetamín, e-töflur og LSD. Neysluhópur þessara efna í Evrópu telur milljónir og kemur næst á eftir kannabis sem hefur stærsta neysluhópinn. Neysla efnanna hefur aukist á síðasta áratug og neysluhópurinn er að stórum hluta til á aldrinum 14 - 25 ára. Í Evrópu eru efnin víða orðin hluti af lífsstíl ásamt tísku, tónlist og fleiru. Þannig hefur útbreiðslan aukist til muna og orðið lögreglu, og öðrum sem berjast gegn þessari vá, erfiðari.

Í sumum Evrópulöndum er mikil framleiðsla amfetamíns og skyldra efna, svo sem e-taflna. Því má segja að þessi efni séu við bæjardyrnar hjá okkur. Amfetamín sem er á markaði í Evrópu kemur að mestu frá Hollandi, Belgíu, Spáni, Þýskalandi, Póllandi og Bretlandi.

Talið er að e-töflur á markaði í Evrópu séu í mörgum tilvikum framleiddar í Hollandi. Hollendingar hafa brugðist við þessu með því að setja á laggirnar sérstaka lögregludeild til að taka á vandanum. Árangur þeirra aðgerða hefur þegar skilað sér í aukningu á upptöku á e-töflum og efnum til að framleiða þær.

### **Bolungarvík**

Ekki liggja fyrir upplýsingar um upphaf fíkniefnalöggæslu í umdæmi lögreglustjórans í Bolungarvík.

### **Borgarnes**

Upphaf fíkniefnamála hjá lögreglunni í Borgarnesi er á árunum í kringum 1978, samkvæmt skrá. Fyrr hafði ekki borið á fíkniefnum í umdæminu svo vitað sé.

### **Búðardalur**

Engin verkefni á sviði fíkniefna hafa hingað til komið til kasta lögreglunnar.

### **Eskifjörður**

Árið 1983 var fyrst tekið á þessum málaflokki. Þá var mikið verbúðalíf á Eskifirði og eitt mál kom til rannsóknar. Mál þetta varðaði neyslu á hassi í verbúðum á Eskifirði. Ekki virðist hafa verið um dreifingu að ræða og engin tengsl voru á þeim tíma við annars konar brotastarfsemi. Málsaðilar voru farandverkafólk frá Reykjavíkursvæðinu sem kom með efnin með sér. Um var að ræða 6 grömm og 6 einstaklingar tengdust málinu.

### **Hafnarfjörður**

Lögreglan varð fyrst vör við fíkniefni í umdæminu rétt fyrir og um 1970, líkt og annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Fíkniefnabrot voru ekki fyrirferðarmikil í störfum lögreglunnar fyrstu árin. Eitt fyrsta málið kom upp í febrúar 1971. Fimm piltar á aldrinum 17-19 ára smygluðu LSD, hassi og meskalíni inn í landið í klæðum sínum. Þeir játuðu neyslu á efnunum og sölu til félaga sinna. Ekki verður séð að í upphafi hafi verið um að ræða skipulagða brotastarfsemi í þeim tilgangi að fjármagna kaup á fíkniefnum.

### **Hólmavík**

Fíkniefnamál hafa verið fátíð í umdæmi lögreglunnar á Hólmavík en fóru að koma upp um 1990.

### **Húsavík**

Varla er unnt að tala um fíkniefnamál sem sjálfstæð lögregluverkefni í umdæmi lögreglunnar á Húsavík fyrr en á síðustu 3-4 árum. Þessi mál eru ekki tengd öðrum brotamálum og upplýstust vegna aukins frumkvæðis lögreglunnar í fíkniefnavörnum. Einnig er það mat lögreglunnar að fíkniefnaneysla hafi verið fremur lítil framan af, en vaxið nokkuð 2-3 síðastliðin ár.

### **Hvolsvöllur**

Ekki liggja fyrir upplýsingar um upphaf fíkniefnamála í umdæmi lögreglunnar á Hvolsvelli, en gera má ráð fyrir að það hafi verið á síðasta áratug. Eingöngu hefur verið um að ræða mál vegna neyslu fíkniefna og nánast alltaf hafa slík mál uppgötvast í tengslum við önnur brot, svo sem umferðarlagabrot eða þjófnaði.

### **Höfn í Hornafirði**

Fíkniefnamál hafa þekkt í nokkrum mæli allt frá því um 1970. Aðallega hefur verið um að ræða neyslu á hassi og hún ekki talin tengd annarri brotastarfsemi.

## Ísafjörður

Segja má að stofnun rannsóknadeildar lögreglunnar á Ísafirði árið 1981 hafi markað upphaf að rannsóknum fíkniefnamála í umdæminu. Fyrstu árin komu mjög fá mál til rannsókna. Flest þeirra voru smávægileg og vörðuðu nánast öll neyslu á kannabisefnum. Seinni árin eða frá árinu 1989 fór að bera á stærri málum þar sem innflutningur, ætluð sala og neysla amfetamíns kom meðal annars til sögunnar.

## Keflavík

Umræður um fíkniefnabrot komu fyrst upp á Íslandi í kringum 1968. Keflavík varð strax nafntogaðasta svæðið í þessum málum. Umræðan um neyslu fíkniefna tengdist þá gjarnan hljómsveitum og áhangendum þeirra. Kom þar einnig til nálægðin við milli-landaflugið og herstöðina, en nokkuð var um að menn fengju fíkniefni hjá hermönnum. Neyslan fór yfirleitt fram í lokuðum samkvæmum. Efnin sem þá voru í umferð voru nær eingöngu kannabisefni og LSD. Fíkniefnakaupin fóru oftast þannig fram að menn slógu saman í gjaldeyri og einn var síðan sendur utan til þess að kaupa efni. Síðan var þeim dreift innan hópsins. Fljótlega fór þó að bera á einstaklingum sem eygðu þarna von um skjótfenginn gróða. Á þessum árum voru gjaldeyrishöft á Íslandi en vegna tilvistar herstöðvarinnar átti fólk auðveldara með að ná sér í gjaldeyri til fíkniefnakaupa erlendis. Á þessum tíma tengdust fíkniefnabrot ekki öðrum brotum en gjaldeyrisbraski.

## Keflavíkurflugvöllur

Árið 1972 fór að örla á innflutningi á fíkniefnum um gömlu flugstöðina sem þá þjónaði bæði herflugi og borgaralegu flugi. Um líkt leyti fóru varnarliðsmenn og Íslendingar að höndla með fíkniefni.

## Kópavogur

Upphaf fíkniefnamála sem löggæsluverkefni í Kópavogi má rekja allt aftur til áranna 1973-74 en þá kom upp fyrsta fíkniefnamálið í lögsagnarumdæminu. Rannsókn þessa máls var mjög umfangsmikil, kveðnir voru upp allmargir gæsluvarðhaldsúrskurðir og rannsókn leiddi til þess að allmargir einstaklingar voru ákærðir. Málið varðaði innflutning, dreifingu og neyslu og var unnið í samvinnu nokkurra lögregluembætta og sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum.

## Neskaupstaður

Þessi málaflokkur mun fyrst hafa komið til raunhæfrar athugunar í Neskaupstað um 1975, en um það leyti fór að spyrjast út að farandverkafólk hefði fíkniefni undir höndum. Fyrir þennan tíma varð lögregla ekki vör við fíkniefni í bænum þrátt fyrir að hafa haft þennan málaflokk í huga við löggæslu.

## Ólafsfjörður

Ekki er hægt að segja nákvæmlega til um það hvenær upphaf fíkniefnamála var í umdæminu en það hefur trúlega verið seinni hluta áttunda áratugarins þegar upp kom eitt neyslumál.



## Patreksfjörður

Ekki liggja fyrir upplýsingar um upphaf fíkniefnalöggæslu í umdæmi lögreglustjórans á Patreksfirði.

## Reykjavík

Á árinu 1970 var orðin mikil umræða um fíkniefnaneyslu í Reykjavík. Um haustið það ár fóru yfirmenn lögreglu og tollgæslu í kynnisferð til nágrannalandanna til að kynna sér hvernig þar væri tekið á málefnum varðandi ólögleg fíkniefni. Í febrúar 1971 hóf sérstakur samstarfshópur lögreglu og tollýfirvalda í fíkniefnamálum störf. Má segja að þarna hafi komið fyrsti vísirinn að sérstakri fíkniefnadeild. Árangurinn lét ekki á sér standa og var fljótlega lagt hald á fyrstu fíkniefnin. Hópurinn lagðist af um ári síðar en í kjölfarið var stofnuð sérstök ávana- og fíkniefnadeild hjá lögreglunni í Reykjavík.

## Sauðárkrókur

Fyrsta fíkniefnamálið á Sauðárkróki kom upp árið 1984 og komu alls þrjú mál til kasta lögreglu frá þeim tíma til ársins 1992. Málin vörðuðu neyslu fíkniefna í óverulegu magni. Þó náðist í um 400 grömm af hassi snemma árs 1985, sem ungir piltar úr Reykjavík hugðust selja á Sauðárkróki og á Siglufirði.

## Selfoss

Ekki eru fyrirliggjandi gögn um upphaf fíkniefnamála í umdæmi lögreglunnar á Selfossi, en eitthvað mun hafa farið að bera á fíkniefnabrotum í umdæminu um miðjan áttunda áratuginn.

## Seyðisfjörður

Ekki er nákvæmlega hægt að tíma-setja upphaf fíkniefnamála sem löggæsluverkefni hjá lögreglustjóranum á Seyðisfirði. Þó má hugsanlega segja að það hafi orðið ákveðinn vendipunktur þegar lögreglan á Egilsstöðum tók í notkun símsvara til móttöku á upplýsingum árinu 1996 en númerið var vel auglýst í landsfjórðungnum.

## Siglufjörður

Upphaf fíkniefnamála virðist vera á níunda áratugnum. Mál þessi snertu aðeins neyslu fíkniefna en ekki dreifingu, sölu eða önnur brot.



## Neysla á fíkniefnum er kostnaðarsöm

Fíkniefnaneytandinn myndar þol gagnvart mörgum þeirra efna sem neytt er. Þá þarf meira magn efnis til að ná sömu áhrifum, sem eykur kostnað neytandans sem því nemur.

Sá sem reykir kannabisefni daglega, eyðir í það um 50.000 krónum á mánuði.

Fjórar e-töflur um helgar kosta neytandann um 50.000 krónur á mánuði.

Sá sem notar vikulega 1 gramm af kókaíni, t.d. um helgar, greiðir fyrir það um 50.000 krónur á mánuði.

Neysla fíkniefna leiðir því auðveldlega af sér fleiri og alvarlegri afbrot.

## Stykkishólmur

Ekki er vitað hvert var upphaf fíkniefnamála sem löggæsluverkefni í Stykkishólmi.

Töluverð neysla á kannabisefnunum var í Grundarfirði á árunum 1975 til 1979 og þá aðallega hjá vertíðarfólki, innlendu og erlendu. Um 1979 dró úr veru vertíðarfólks á staðnum og þá minnkaði neysla kannabisefna að sama skapi.

Svo virðist að fyrst verði vart fíkniefna í Ólafsvík upp úr 1980 og er fyrsta lögregluskýrslan um slíkt mál frá því árinu 1983. Þar var um að ræða neytanda sem viðurkenndi neyslu á hassi og að hafa flutt 4 grömm af efninu til Ólafsvíkur og neytt þess sjálfur. Ekkert efni fannst.

## Vestmannaeyjar

Fíkniefni komu fyrst við sögu lögreglunnar í Vestmannaeyjum svo vitað sé á árunum 1983 til 1984 og þá í tengslum við fólk sem dvaldist í verbúðum fiskvinnslustöðvanna. Þarna var aðallega um neyslu að ræða en líklega hefur einnig einhver dreifing og sala átt sér stað. Ekki er vitneskja um tengsl fíkniefnaneytenda við önnur afbrot á þessum tíma.

## Vík í Mýrdal

Í raun má segja að hrein fíkniefnamál hafi ekki komið upp nema í sambandi við útihátíðina UXA 95 á Kirkjubæjarklaustri, og voru það allt neyslumál. Alls fundust fíkniefni á 25 aðilum. Fíkniefnamál í umdæminu bera mark fámennis, þannig að ungmenni fara í burtu að mestu yfir vetrartímann í skóla eða vinnu annarsstaðar. Þeir sem lenda í vandræðum hrekjast burtu í „fíkniefnavænna“ samfélag því almenningsálitid er þeim mjög mótsnúið og dreifbýlið og nálægð manna það mikil að ekki er hægt að stunda þennan löst óareitt.



## Verð á fíkniefnum í götusölu

Verð á fíkniefnum tekur mið af ýmsu. Þar má t.d. nefna:

- Styrk og gæði efnisins.
- Markaðslögmál - eftir því sem eftirspurnin eykst hækkar verðið.
- Áhættuna við að flytja efnið til landsins og dreifa því.
- Kaupverð efnisins erlendis og kostnaður við að koma því til landsins.

Á síðustu tíu árum hafa flest fíkniefni lækkað verulega í verði í götusölu í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum. Kókaín hefur þannig á tímabilinu fallið í verði um 45-50%.

Verð á kannabisefnunum, amfetamíni og kókaíni í götusölu á Íslandi er nú svipað í krónum talið og það var fyrir tíu árum. LSD hefur á tímabilinu lækkað um þriðjung. Lækkun efna í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum hefur þannig kannski ekki skilað sér að sama skapi í lægra verði til neytenda hér á landi.

Hér á landi var verð hæst á hassi árið 1994, en þá var það um fjórðungi hærra en það er nú. Hæst verð á kókaíni var á árunum 1994-1997 en það var þá um þriðjungu hærra en það er nú. E-taflan var dýrust í upphafi, þ.e. árið 1992, en lækkaði mikið á árinu 1996. Götuverð hennar hækkaði síðan á ný um þriðjung á árunum 1997 og 1998, trúlega vegna hertra aðgerða lögreglu og þungra dóma sem kveðnir voru upp þessi ár í e-töflumálum.

## Aðgerðir og þróun á undanförunum árum

**1962** Yfirlæknir slyssavarðstofunnar í Reykjavík lýsir opinberlega yfir áhyggjum sínum vegna deyfilyfjamisnotkunar. Starfsmenn rannsóknarlögreglunnar taka undir þetta og segja lækna ávísa of miklu af örvandi og róandi lyfjum og segja sífellt yngra fólk vera farið að neyta deyfilyfja.

**1968** Fíkniefnaneysla verður hluti af tískubylgju hippatímabilsins og þeirri samfélagsbreytingu sem henni fylgir.

**1969** Deildarstjóri tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli gerir lauslega könnun á ávana- og fíkniefnaneyslu í Reykjavík og á Suðurnesjum. Könnunin leiðir í ljós að allstór hópur ungmenna neytir kannabisefna og LSD, sérstaklega þau sem dvalið hafa í Danmörku, Englandi og Bandaríkjunum.

**1970** Samstarfshópur embættismanna skilar dómsmálaráðherra álitserð þar sem fram kemur að fíkniefnaneysla sé að verða vandamál á Íslandi. Efla þurfi toll- og lög-gæslu.

Amfetamín kemur inn á fíkniefnamarkað. Það var í fyrstu talið skaðlítið efni og voru dæmi þess að nemendur sem vildu örva sig upp í próflestri neyttu þess. Í nágrannalöndunum mátti víða fá það í apótekum án lyfseðils og segja má að fyrstu umtalsverðu tilbúðir til fíkniefnasmygls á Íslandi hafi verið smygl sjómanna á amfetamíni, ritalíni og fleiri lyfjum frá Þýskalandi á sjötta- og sjöunda áratugnum.

**1971** Lögregla og tollyfirvöld mynda samstarfshóp, sem í er einn starfsmaður frá rannsóknalögreglunni í Reykjavík, einn frá tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli, einn frá tollgæslunni í Reykjavík og einn frá lögreglunni í Reykjavík. Hér var kominn fyrsti vísir að fíkniefnadeild á Íslandi. Þá um haustið hafði samstarfshópurinn haft 90 fíkniefnamál til rannsókna og yfirheyrt um 500 manns.

Í nóvember sama ár skilar hópurinn frá sér skýrslu til dómsmálaráðuneytisins. Helstu niðurstöður voru þær að langmest af fíkniefnunum kæmi til landsins í pósti. Önnur algeng leið væri að unglingar sem dveldu erlendis flyttu efnin með sér í farangri eða inn-anklæða.

Hópurinn leggur fram tillögur um hvernig sporna megi gegn dreifingu og neyslu fíkniefna. Tillögurnar ná ekki nema að litlu leyti fram að ganga og samstarfið leysist upp.

Kiwanisklubburinn Hekla afhendir dómsmálaráðuneytinu söfnunarfé, með þeim skilyrðum að fjármuninum verði ráðstafað til að koma upp sérþjálfuðum fíkniefnaleitarhundi. Lögreglumaður hjá lögreglunni í Reykjavík fer til London þar sem hann hlýtur þjálfun í meðferð leitarhunds. Fyrsti leitarhundurinn kom síðan fljótlega hingað til lands.

**1972** Sérstök ávana- og fíkniefnadeild stofnuð innan lögreglunnar í Reykjavík.

**1973** Sérdomstóll stofnaður í ávana- og fíkniefnamálum með lögsögu í landinu öllu. Gert ráð fyrir stofnun sérstakrar lögregludeildar, sem heyri undir dómstólinn. Dómstóllinn var lagður niður með breyttum réttarfarslögum árið 1992.

Vart verður mikillar notkunar á ofskynjunarlyfinu LSD og jafnvel í fráleitri blöndu við áfengi. Vinsældir LSD dvínuðu jafn skyndilega og þær hófust. Trúlega réðu þar um nokkur hörmuleg dæmi þar sem ungmenni biðu varanlegt tjón á geðheilsu sinni við neysluna.

**1974** Núgildandi lög nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni sett.

**1975** Aukningar verður vart á fíkniefnaviðskiptum milli varnarliðsmanna og Íslendinga á varnarsvæðinu. Slík viðskipti voru mest á árunum 1975 til 1988.

Fáein dæmi hafa komið upp þar sem hermenn hafa flutt inn mikið magn fíkniefna. Þar ber hæst „Cork-málið“ þar sem hermaður flutti inn mikið magn af hassi. Í einu tilviki flutti sonur varnarliðsmanns inn og faldi á heimili sínu tvö kíló af marihuana. Það er þó mat lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli að Íslendingar hafi á þessum árum verið iðnari við að flytja fíkniefnin inn á varnarliðssvæðið en hermenn að smygla þeim út þaðan. Þá hafi verið nokkuð um það að Íslendingar skiptu á fíkniefnum, aðallega kannabisefnum, fyrir bjór og annað áfengi.

**1977** Ávana- og fíkniefnadeild stofnuð í þeirri mynd sem hún er í dag.

**1979** Hassolía virðist í vaxandi mæli freista sölumanna, líklega vegna lítillar fyrirferðar hennar. Þá er vart breytinga á aðkomuleiðum og innflutningsleiðum kannabisefna. Þannig varð uppvíst um marga sem ferðuðust til Kaupmannahafnar gagngert til að kaupa fíkniefni, aðallega hassolíu sem viðkomandi faldi innanklæða og jafnvel innvortis.

**1980** Lögreglufulltrúi ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík lýsir ástandi fíkniefnamála svo í greinargerð, að neysla á kókaíni sé nokkur og virðist fara ört vaxandi. Verð á heróíni og kókaíni hafi fallið mjög í verði á götumarkaði. Þá kemur fram hjá lögreglufulltrúanum að þeir aðilar sem stundi fíkniefnaviðskipti hafi harðnað mjög í afstöðu sinni til lögreglunnar. Þá leggur lögreglan í vaxandi mæli hald á ólögleg vopn hjá fíkniefnafólki.

Dómsmálaráðuneytið óskar eftir því við sakadómarann við ávana- og fíkniefnadómstólinn og lögreglustjórnann í Reykjavík að þeir leggi fram tillögur um eflingu löggæslu og annarra úrræða svo stemma megi stigu við innflutningi, dreifingu og neyslu fíkniefna.

**1983** Þetta ár tekur mun meira af amfetamíni að reka á fjörur lögreglu og svo virðist sem neysla þess fari verulega vaxandi og söluverð þess á götunni meira en tvöfaldast. Nokkuð fer að bera á notkun kókaíns og söluverð þess á götunni fer hækkandi á næstu árum.

**1986** Ávana- og fíkniefnadeildin tekin undan forræði sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum og alfarið sett undir stjórn lögreglustjórans í Reykjavík.

**1990** Ávana- og fíkniefnadeildin fær landsumboð. Það umboð féll niður með nýjum lögreglulögum árið 1997.

**1992** Tveir lögreglumenn slasast, annar lífshættulega, þegar ökumaður sem fíkniefnalögreglumenn voru að veita eftirför ekur aftan á lögreglubífreidd. Lögreglubífreiddin varð á svipstundu alelda og með naumindum tókst að ná lögreglumanni í farþegasæti út úr lögreglubífreiddinni. Í bífreidd tjónvalds fundust um 1200 grömm af kókaíni.

**1993** Upp kemst um stórfelld tókkafrálsmál og nokkur innbrot á Akureyri. Þau mál beina athygli lögreglunnar þar nyrðra að fíkniefnavandanum en ungmennin sem að þessum afbrotum stóðu voru með þeim að fjármagna fíkniefnaneyslu. Fíkniefnaneysla er á þessum tíma greinilega einnig farin að vera alvarlegt vandamál utan höfuðborgarsvæðisins. Þar má nefna meiri almenna neyslu, aðgengi að fíkniefnum er auðveldara en áður og yngri fólk er farið að neyta fíkniefna. Ennfremur er farið að bera á því að ungmenni, sem lögreglan vissi ekki að væru í neyslu, fari í meðferð á meðferðarstofnanir. Jafnframt því verður vart aukinnar eftirspurnar eftir sprautum.

**1995** Þetta ár leggja lögregla og töllyfirvöld hald á mikið magn e-tafna (Ecstasy) en lítillega hafði borið á þessum töflum árin á undan. Þetta hættulega fíkniefni náði skjótt mikilli útbreiðslu, meðal annars hjá þeim sem höfðu ekki áður neytt fíkniefna. Þar kom ekki síst til markaðssetning töflunnar sem byggðist á sakleysislegu útliti hennar og neyslu sem ekki felur í sér hinar hefðbundnu neysluaðferðir fíkniefna, svo sem með sprautum, inntöku í gegnum nef eða reykingum.

**1996** Lögreglan í Reykjavík eflir aðgerðir sínar með meiri þátttöku almennra lögreglumanna í rannsókn fíkniefnamála. Lögregluskóli ríkisins tekur upp sérstaka fræðsludaga fyrir lögreglumenn um hvernig standa eigi að rannsókn og meðferð fíkniefnamála. Þetta skapaði aukna möguleika fyrir aðkomu almennra lögreglumanna að rannsókn fíkniefnamála, ekki síst á landsbyggðinni. Þessi fræðsla verður hluti af grunnnámi lögreglumanna og er einnig fyrir tollverði.

**1997** Skipulagi lögreglunnar er breytt með nýjum lögreglulögum. Markmið þeirra er m.a. samræming og hraðari meðferð mála hjá lögreglu og ákærvaldi.

Stjórnvöld efla aðgerðir í fíkniefnamálum, með auknum fjárveitingum til forvarna, svo og til löggæslu og tollgæslu. Sérstakir lögreglumenn eru ráðnir á landsbyggðina til fíkniefnarannsókna.

**1998** Það er mat flestra lögregluembætta landsins að aukning hafi orðið á neyslu fíkniefna á síðustu árum. Þá nefna sum embættin að aukning sé meira áberandi í harðari efnunum, þ.e. aðallega amfetamíni. Þá kemur fram það mat að í a.m.k. sumum umdæmunum sé auðveldara aðgengi að fíkniefnum en áður. Aldurshópurinn sem helst þurfi að beina athyglinni að sé á bilinu 14-25 ára.

Ríkisstjórnin skipar nefnd til að koma með tillögur um markvissar aðgerðir í fíkniefnamálum. Lögregla og töllyfirvöld ákveða að auka samstarf sitt og leita nýrra og árangursríkra úrræða í fíkniefnamálum. Hafist er handa hjá ríkislögreglustjóranum við að undirbúa gerð reglna og leiðbeininga og breytinga á heildarskipulagi í fíkniefnamálum.

## E-taflan

Það vímuefni sem náð hefur einna mestri útbreiðslu hérlendis og erlendis, er hin svonefnda e-tafla. Hið efnafræðilega heiti þessa fíkniefnis er 3,4-metýlendíoxímétamfetamín, skammstafað MDMA. Það er kallað ýmsum nöfnum, svo sem e-taflan, ecstasy, alsæla og vansæla.

Efnið varð til árið 1914 í þeim tilgangi að draga úr matarlyst en það var aldrei sett á markað í því skyni. Á sjöunda áratugnum vöknudú hugmyndir um að nota mætti efnið til geðlækninga. Gildi þess sem lækningalyfs var aldrei metið hlutlægt og árið 1985 var e-taflan sett á lista yfir ólöglega vímugjafa í Bandaríkjunum, vegna óvæntra dauðsfalla sem hlutust af neyslu hennar.

Það hafði verið vinsælt í Bandaríkjunum að dansa undir áhrifum e-töflunnar og sú tíska barst þaðan til Evrópu, einkum til Miðjarðarhafslanda og Bretlands. Það varð einkum vinsælt að neyta e-töflunnar við house-tónlist, en nafnið á þessari tónlist kemur frá veitingastaðnum Warehouse Club í Chicago. Þessi tónlist á m.a. rætur sínar að rekja til techno-tónlistar í Detroit. Þessi hraða og taktfasta tónlist fellur vel að hinum örvandi áhrifum e-töflunnar.

Vinsældir e-töflunnar urðu með mismunandi hætti í löndum Evrópu, en tengslin á milli e-töflunnar og tónlistar voru þó alls staðar hin sömu. Árið 1988 var haldin tónlistarhátíðin „Summer of love“ í Bretlandi, sem leiddi til aukinnar neyslu e-töflunnar. Neikvæð viðbrögð urðu hjá almenningi, m.a. vegna dauðsfalls sem rakið var til neyslu e-töflunnar. Fyrsta „love parade“ samkoman var haldin í Berlín árið 1989 og hefur haft veruleg áhrif á útbreiðslu e-töflunnar í Þýskalandi. Í þessum „skrúðgöngum“ dansar gífurlegur fjöldi ungmenna við techno-tónlist. Á Spáni varð vinsælt hjá ungu fólki að neyta e-töflunnar um helgar, fara á milli bæja og dansa við bakalao-tónlist (skyld house-tónlist) á stórum diskótekum.

Sú breyting varð á nokkrum unglingatímaritum að horfið var frá andfélagslegum áróðri og í staðinn var endurvakinn áhugi á tísku og tónlist. Einnig fór að bera á greinum í tímaritum og á Internetinu þar sem mælt var með neyslu e-töflunnar.

IREFREA er evrópsk stofnun sem rannsakar áhættuþætti í lífi ungmenna og byggist á samstarfsneti evrópskra sérfræðinga í vímuvörnum. Stofnunin kannaði með rannsókn neyslu e-töflunnar í Evrópu á árunum 1996-1997. Rannsóknin fór fram í eftirtöldum fimm borgum: Coimbra í Portúgal, Modena á Ítalíu, Nice í Frakklandi, Palma á Mallorca (Spáni) og Utrecht í Hollandi. Í henni voru 1.627 einstaklingar spurðir staðlaðra spurninga og var u.þ.b. helmingur hópsins neytendur e-töflunnar en hinn helmingurinn ekki og var hafður sem viðmiðunarhópur. Einnig fór fram ítarleg könnun á opinberri umfjöllun um e-töfluna. IREFREA gerði síðan aðra rannsókn í framhaldi af þessari til þess að kanna sérstaklega tengsl vímuefna og næturlífs. Til viðbótar við fyrrnefndar borgir voru valdar Aþena í Grikklandi, Berlín í Þýskalandi, Manchester í Englandi og Vínarborg í Austurríki. Í hverri borg var rætt við 300 ungmenni eða samtals 2.700 manns. Einnig var rætt við 90 manns sem þekktu vel til næturlífsins, m.a. lögreglumenn, plötusnúða, dyraverði og eigendur skemmtistaða. Hér á eftir verða nokkrar niðurstöður þessara tveggja rannsókna reifaðar.

Í ljós kom að í flestum borgum er áfengi fyrsta vímuefnið sem fólk neytir, við meðalaldurinn 14,6 ára og síðan tóbak við 14,8 ára aldur. Síðan kemur kannabis við 16 ára



E-töflur eru oft merktar með sérstökum hætti.

Ljósmynd: Europol

aldur, amfetamín og LSD 17,7 ára, e-taflan 18,4 ára og að lokum kókaín við 19,3 ára aldur.

Neytendur e-töflunnar sögðust telja mikilvægustu ástæðuna fyrir neyslu hennar þá, að taflan yki þeim ánægju og úthald í dansi. Það reyndist vera munur á milli borga á því hve lengi ungmenni skemmta sér, allt frá um 4 klukkustundum í Modena og Apenu og upp í meira en 7 klukkustundir í Palma og Berlín. Fyrir nokkrum árum fór ungt fólk sjaldnar út að skemmta sér og ekki jafn lengi í hvert sinn. Það virðist sem sumt ungt fólk sækist eftir að auka og lengja vellíðun með því að neyta e-töfluna, flýja hið daglega líf og finna fyrir frelsi. Einnig til þess að auka tilfinninganæmi og bæta þannig samskipti við annað fólk.

Rannsakendurnir telja að skipta megi þeim sem fara út að skemmta sér í tvo hópa. Annars vegar þá sem hafa það að aðaltilgangi í lífi sínu að skemmta sér og fyrir þá er allt réttlætanlegt til þess að ná þessu markmiði. Þeir eru líklegri til þess að misnota vímuefni. Hinn hópurinn hefur einnig ánægju af næturlífinu, en hefur einnig önnur hugðarefni í lífinu og þess vegna ekki sömu þörf á að nota vímuefni.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar nota neytendur e-töflunnar önnur vímuefni jafnframt en tilgátur höfðu verið um að svo væri ekki. Þeir sem neyta e-töflunnar urðu mun oftár ölvaðir af völdum áfengis en samanburðarhópurinn.

Sumir neytendur e-töflunnar halda að með því að gera ákveðnar varúðarráðstafanir þá sé óhætt að neyta hennar, t.d. með því að ganga úr skugga um efnasamsetningu hennar, hvílast og drekka nógu mikið af vökva til þess að forðast hitaslag. Því miður hefur e-taflan reynst mun hættulegri en þessir neytendur halda og ekki eru öll kurl komin til grafar í því sambandi. Neysla e-töflunnar hefur leitt til alvarlegra veikinda og jafnvel dauðsfalla. Það er ekki að ástæðulausu að Dr. med. Þorkell Jóhannesson, prófessor í lyfjafræði og eiturefnafræði, hefur komist að þeirri niðurstöðu að MDMA (e-taflan) sé „vafasamasti, ef ekki langvafasamasti vímugjafi, sem skotið hefur upp kollinum á fíkniefnamarkaði hér á landi“. Dýratilraunir, m.a. með apa, sýna að MDMA (e-taflan) getur valdið langvarandi breytingum í svokölluðum serotonínferjum, sem ferja boðefnið sero-

tonin aftur upp í þá taugunga sem boðefnið hefur komið úr. Slíkar ferjur eru þekktar fyrir mörg boðefni í miðtaugakerfinu og eru nauðsynlegar til þess að starfsemi þess haldist rétt. Nýlegar rannsóknir með PET-myndgreiningu hjá mönnum renna einnig sterklega stoðum undir þá skoðun að svipað gerist í mönnum. Gæti þetta skýrt langvarandi geðdeyfð, óróa, kvíða og minnisleysi, sem vel þekkt er hjá neytendum MDMA.

IREFREA hefur sett fram tillögur um forvarnir og verða nokkrar þeirrar reifaðar hér. Vegna svipaðra viðhorfa til neyslu e-töflunnar í þeim löndum Evrópu þar sem rannsóknin fór fram, væri hægt að þróa forvarnir sem nýtast í mörgum löndum. Leggja þarf meiri áherslu á forvarnir gegn neyslu þeirra vímuefna, sem eru undanfarar og í orsakasambandi við neyslu e-töflunnar, sérstaklega áfengis en einnig tóbaks. Það þarf að vinna gegn því viðhorfi sem hvetur til og réttlætir neyslu e-töflunnar. Tengslin á milli house-tónlistar og neyslu e-töflunnar reyndust mjög sterk og væri þess vegna skynsamlegt að beita sér gegn þessum tengslum í samstarfi við þá sem gegna lykilhlutverkum í tónlistarheiminum, m.a. plötusnúða sem eru „leiðtogar næturlífsins“. Mikilvægt er að þekkja vel til lífsstíls og skemmtanalífs ungs fólks, ásamt því hvaða hlutverki vímuefni gegna í því sambandi. Það ber að forðast að taka neikvæða afstöðu til og ófrægja lífsstílinn og skemmtanalífið af þeirri ástæðu að vímuefni koma þar við sögu. Slíkt gæti aukið tengslin á milli þessara þátta og vímuefna. Ungt fólk, sem þekkir vel til skemmtanalífsins, getur gegnt mikilvægu hlutverki við að miðla skilaboðum um hættur samfara vímuefnaneyslu. Hér má geta þess að í handbók Evrópuráðsins í forvörnum kemur m.a. fram að ef upplýsingar um hættur vímuefna koma frá aðila, sem markhópur telur áreiðanlegan og forðast hræðsluáróður, þá getur það haft víðtæk og jákvæð áhrif. Þá niðurstöðu, að í flestum borgunum hafði meira en helmingur neytenda e-töflunnar hugleitt að hætta neyslu hennar, væri hægt að nýta við forvarnir.

#### Heimildir

Calafat, A., Stocco, P., Mendes, F. Simon, J., van de Wijngaart, G., Sureda, P. et al. (1998) Characteristics and Social Representation of Ecstasy in Europe. Palma de Mallorca: IREFREA.

Calafat, A., Stocco, P., Mendes, F. Simon, J., van de Wijngaart, G., Sureda, P. et al. (1999) Night life in Europe and recreative drug use. SONAR 98, Palma de Mallorca: IREFREA.

Jóhannesson, Dr. med. Þorkell (1997) Um MDMA (3,4-metýlendíoxímefetamín) og skyld efni. [www.vimuvarnir.is/mdmathj.htm](http://www.vimuvarnir.is/mdmathj.htm).

U D McCann, Z Szabo, U Scheffel, R F Dannals, G A Ricaurte (1998) Positron emission tomographic evidence of toxic effect of MDMA („Ecstasy“) on brain serotonin neurons in human beings. *Bretland: The Lancet*, Vol 352, Október 31, 1998.

van der Stel, Dr. Jaap et. al. (1998) Handbook Prevention: alcohol, drugs and tobacco. Holland: Pompidou Group - Council of Europe.



## Nokkur helstu áhersluatriði yfirstjórnar lögregluembættanna um auknar aðgerðir í fíkniefnamálum og tengdum brotum

### Fræðsla og forvarnir

Forvarnastarf lögreglu í fíkniefnamálum verði gert markvissara og samræmt, svo sem með:

- Að fá almenning með til að taka skýra og uppbyggilega afstöðu gegn fíkniefnum.
- Fræðslu til foreldra um að forvarnir gegn fíkniefnum hefjist á heimilunum.
- Að leita leiða til að koma í veg fyrir fíkniefnameðhöndlun í skólum, skemmtistöðum og öðrum þeim stöðum þar sem unglingar koma saman. Koma upp sérstökum aðgerðum til að draga úr aðgengi að fíkniefnum.
- Auknu samstarfi við alla þá sem veitt geta lögreglunni aðstoð við að koma í veg fyrir fíkniefnaneyslu og aðra meðhöndlun.
- Að leita leiða við að koma fræðslu og áróðri gegn fíkniefnum á framfæri á jákvæðan hátt þannig að það höfði til unglinganna og fái þá með í samstarf gegn þessari vá.
- Að skapa lögregluliðunum aukið svigrúm, m.a. varðandi mannafla og tækjabúnað, til að geta sinnt málaflokknum betur. Virkar fíkniefnavarnir eru tímafrekar og árangurinn getur oft skilað sér til lengri tíma liðið.
- Að taka einnig með festu á minni fíkniefnamálunum og þá um leið að kynna neytendum, sérstaklega þeim yngri, möguleg meðferðarúrræði.

### Atriði sem snúa að lögreglumönnum

Skapa lögreglumönnum sem besta möguleika á árangri, svo sem með:

- Skýrum leiðbeiningum og fyrirmælum.
- Að efla áhuga á nýjungum og möguleikum til meiri árangurs.
- Aukinni menntun og þjálfun lögreglumanna með þátttöku Lögregluskóla ríkisins.
- Að lögreglumönnum séu skapaðir betri möguleikar til að miðla upplýsingum, reynslu og þekkingu sín á milli í fíkniefnamálum. Hér mætti t.d. nefna ráðstefnuhald og fundi.
- Auka sérþekkingu lögreglumanna á þeim atriðum sem varða fíkniefnamálin.
- Auka stuðning við lögreglumenn sem vinna einir að fíkniefnamálum.

### Samræming

Samræmd vinnubrögð á landsvísu, svo sem með:

- Að tryggja einfalt og gott upplýsingastreymi milli þeirra sem að málaflokknum koma.
- Að hafa upplýsingar á einum stað með aðgangi fyrir öll lögreglulið landsins.
- Að hafa samræmdan og góðan tækjabúnað til afnota fyrir öll lögreglulið landsins.
- Virkum tengiliðum í fíkniefnamálum hjá öllum embættum, sem beri ábyrgð á málaflokknum, t.d. gagnvart rannsóknnum, forvörnum, almenningi og tengslum við önnur lögregluembætti.
- Að lögfræðingar lögregluembættanna sem vinna að kröfugerðum fyrir dómstólum í fíkniefnamálum hafi samstarf og miðli af þekkingu sinni til að tryggja að með sambærilegum hætti sé tekið á þvingunarúrræðum hvar sem er á landinu.

## Fyrirkomulag og úrræði

- Efla skilvirk úrræði gegn fíkniefnum, svo sem með:
- Skýrum reglum um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir.
  - Lagabreytingu þar sem sérstaklega er kveðið á um að neysla ólöglegra fíkniefna sé ólögæt.
  - Auknum samskiptum og samvinnu lögreglumanna er starfa að fíkniefnarannsóknum við lögreglumenn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra og starfsmenn skattrannsóknastjóra.
  - Samræmingu og eflingu vegabréfaskoðunar og eftirlit með útlendingum.
  - Fjölgun sérþjálfaðra leitarhunda lögreglu til fíkniefnaleitar.
  - Auknum úrræðum og þekkingu lögreglu í úrvinnslu upplýsinga í fíkniefnamálum þannig að fljótt og rétt sé brugðist við og komið í veg fyrir ætlað misferli fái að gerjast.
  - Hraðri meðferð fíkniefnamála á öllum stigum.
  - Að nálgast fíkniefnafólk einnig markvisst og með festu í gegnum fíkniefnatengd brot, þ.e.a.s. þau brot sem það fremur til að fjármagna fíkniefnaneysluna.
  - Að einbeita sér að þeim einstaklingum og hópum sem grunur er um að séu virkir í innflutningi, dreifingu og neyslu ólöglegra fíkniefna.

## Samstarf lögreglu og tollgæslu

- Efla og byggja upp markvisst samstarf lögreglu og tollyfirvalda, svo sem með:
- Auknum möguleikum á uppljóstrun fíkniefnabrota og tengdum brotum.
  - Samhæfðum aðgerðum lögreglu og tollyfirvalda við að kortleggja innflutningsleiðir fíkniefna.
  - Að leita allra tiltækra ráða til að girða fyrir innflutning fíkniefna til landsins
  - Samræmdu og öflugum fíkniefnaeftirliti á flugvöllum, í höfnum, með póstsendingum og á tollsvæðum almennt.

## Framtíðarmarkmið

- Mynda vinnuhópa til markvissra aðgerða, svo sem með:
- Söfnun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga.
  - Skilgreiningu afbrota og að með þeim hætti verði reynt að ná til brotamanna og koma í veg fyrir brotastarfsemi þeirra.
  - Samræmdum og öflugum aðgerðum gegn afbrotamönnum sem flytja sig milli umdæma, eða eru að reyna að koma sér undan aðgerðum lögreglu.
  - Kortlagningu innflutningsleiða, dreifingu og neyslu fíkniefna eins og mögulegt er. Meta stöðuna á einstaka svæðum, svo sem landsfjórðungunum og á landinu í heild.
  - Sérþjálfuðum aðgerðarhópum sem sérstaklega einbeiti sér gegn virkum brotamönnum og umfangsmikilli brotastarfsemi í fíkniefnamálaum og tengdum brotum.
  - Skilvirkara samstarfi við aðra sem vinna að sama markmiði, til að skapa betri yfirsýn og meiri möguleika á uppljóstrun fíkniefnabrota og virkari forvörnum.
  - Skoðun og endurmati á skipulagi fíkniefnamála hjá lögreglu. Hér er bæði um að ræða í einstaka umdæmum eða á tilteknum svæðum, svo og málaflókkurinn í heild sinni. Tillögur um aðgerðir og virk þátttaka við að koma samþykktum breytingum í framkvæmd.

Fíkniefni sem hald var lagt á 1998 í grömmum, skömmtum eða töflum

	Kannabis	Amfetamín	Kókaín	Morfin	Heróín	LSD*	Ecstasy*
Akranes	208,22	13,8					
Akureyri	51,3	22,2					
Blönduós							
Bolungarvík							
Borgarnes							
Búðardalur							
Eskifjörður	2,3						
Hafnarfjörður	378,93	45,64	25,98			1	117,5
Hólmavík							
Húsavík	1,8						
Hvolsvöllur	70,4						
Höfn							
Ísafjörður	8,6	1,4					
Keflavík	156,3	23					
Keflavíkurflugv.**							
Kópavogur	69,3	12,8					
Neskaupstaður	32,5	9,5					
Ólafsfjörður							
Patreksfjörður	3,06						
Reykjavík	13810,06	1712,7	1051	3,5		267,5	2031
Sauðárkrókur	11,4	7,3					
Selfoss	35,2	10					
Seyðisfjörður	4	0,31					
Siglufjörður	2						
Stykkishólmur	72,55	2					
Vestmannaeyjar	45,1	14	0,5				
Vík							
<b>Samtals</b>	<b>14963,02</b>	<b>1874,65</b>	<b>1077,48</b>	<b>3,5</b>	<b>0</b>	<b>268,5</b>	<b>2148,5</b>

\* Tölur vísa til fjölda skammta eða taflna

\*\* Í þeim tilvikum sem lagt er hald á fíkniefni á Keflavíkurflugvelli, eru málin skráð í Reykjavík, vegna rannsóknaforræðis lögreglustjórans í Reykjavík. Flest stærri málin komu upp á Keflavíkurflugvelli og vísað er til yfirlits um þau mál á bls. 69.

## Yfirlit helstu fíkniefnamála 1. júlí 1997 til 31. desember 1998

Ár	Mánuður	Efnismagn og tilkoma málsins	Niðurstaða	Dómstig
1997	Ágúst	Innflutningur (Pósthús) á 783 e-töflum (MDMA).	Fjórir dæmdir í fangelsi frá 2 1/2 - 4 ár.	Hæstiréttur Íslands
1997	September	Innflutningur (Keflavíkurflugvöllur) á um 90 g af kókaíni, 6 stk. af e-töflum (MDMA) og um 15 g af kannabisefnum.	Einn dæmdur í fangelsi í 20 mánuði.	Héraðsdómur Reykjavíkur
1997	Október	Lagt hald á (Reykjavík) um 155 g af e-dufti og 28 e-töflur (MDMA), 141 g af metamfetamíndufti og 142 töflur af sama efni, 7.5 g af kannabisefnum og 100 g amfetamíni.	Einn dæmdur í fangelsi í 2 1/2 ár.	Héraðsdómur Reykjavíkur
1997	Desember	Innflutningur (Keflavíkurflugvöllur) á 1100 e-töflum (MDMA) og 296 stk. af LSD töflum (Micro dots).	Fjórir dæmdir í fangelsi í 4-5 ár.	Hæstiréttur Íslands
1997	Desember	Innflutningur (Keflavíkurflugvöllur) á 901 e-töflum (MDMA), 376 g amfetamíni og 85 g af kókaíni.	Einn dæmdur í fangelsi í 5 1/2 ár.	Hæstiréttur Íslands
1998	Janúar	Innflutningur (Reykjavíkurflugvöllur) á 4 kg af hassi.	Einn dæmdur í 8 mánaða fangelsi en tveir aðilar sýknaðir af öllum kröfum ákærvaldsins.	Héraðsdómur Reykjavíkur
1998	Janúar	Innflutningur (Keflavíkurflugvöllur) á 130 g af amfetamíni. Tekið var mið af því hversu efnið var sterkt.	Einn dæmdur í fangelsi í 1 ár.	Héraðsdómur Reykjavíkur
1998	Maí	Innflutningur (Sundahöfn) á 1 kg af amfetamíni.	Tveir grunaðir og sættu gæsluvarðhaldi í málinu. Rannsókn lögreglu er lokið en einn annar manna var handtekinn í Þýskalandi og fundust í handtösku hans um 2 kg af amfetamíni.	Ekki kominn dómur í þessu máli
1998	Júlí	Lagt hald á (Reykjavík) um 300 g af kókaíni, 300 g af hassi og 147 kannabisplöntur.	Rannsókn lokið en sami sakborningur sætti gæsluvarðhaldi vegna aðildar að innflutningi á um 600 g af kókaíni árið 1999.	Ekki kominn dómur í þessu máli
1998	Júlí	Innflutningur (Keflavíkurflugvöllur) á um 800 g af hassi og 130 g af amfetamíni.	Einn dæmdur í 8 mánaða óskilorðsbundið fangelsi.	Héraðsdómur Reykjavíkur
1998	September	Innflutningur (Keflavíkurflugvöllur) á 2031 stk. af e-töflum (MDMA).	Einn sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins.	Hæstiréttur Íslands
1998	Desember	Lagt hald á (Reykjavík) um 4 1/2 kg af hassi.	Einn kom við sögu í þessu máli og er rannsókn lögreglu lokið.	Ekki kominn dómur í þessu máli
1998		Lagt hald á (Reykjavík) um 1 kg af hassi.	Fannst á víðavangi og eigandi ókunnur.	Óupplýst

# Ársskýrsla ríkislögreglustjórans

**Ritstjóri:** Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn

## **Um efni skýrslunnar:**

Undirbúningur að gerð ársskýrslunnar hófst í desember 1998. Um er að ræða fyrstu ársskýrslu embættisins, sem tekur til eins og hálfis árs. Þá er árið 1998 fyrsta heila árið þar sem hægt er að taka saman samanburðarhæfar tölur um afbrot fyrir allt landið. Þurfti að gera töluverðar ráðstafanir til að tryggja sem best að upplýsingar væru réttar og sömu forsendur lægju fyrir varðandi skráningu hjá hverju embætti fyrir sig.

## **Heimildir:**

Upplýsingar eru að stofni til unnar úr gögnum embættis ríkislögreglustjóra og lögregluembættanna.

Yfirmenn sviða hjá ríkislögreglustjóranum tóku saman upplýsingar, hver um sitt svið.

Upplýsingar um fjölda brota og magn haldlagðra fíkniefna voru teknar saman hjá viðkomandi lögregluembættum.

Fíkniefnastofa ríkislögreglustjórans vann viðauka ársskýrslunnar um fíkniefnamál.

Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson: *Lögreglan á Íslandi – stéttartal og saga*, Byggðir og bú, Reykjavík 1997

Mynd af Íslandi á forsíðu: @Landmælingar Íslands, f.h. íslenska ríkisins.  
Leyfi 133-99

**Textavinnsla og uppsetning:** Júlíus Ó. Einarsson

**Umbrot:** Guðmundur Steinsson

**Prentun:** Offsetjölritun ehf.

**Útgefin:** Október 1999

Ársskýrslu ríkislögreglustjórans er að finna á lögregluvefnum á Netinu. Slóðin er: [www.logreglan.is](http://www.logreglan.is)

the  $\mathbb{R}^n$ -valued function  $\mathbf{f}$  is a solution of the system (1) if and only if  $\mathbf{f}$  is a solution of the system (2). The system (2) is called the *variational system* of (1) at the point  $(t, \mathbf{x})$ . The system (2) is linear in  $\mathbf{y}$  and its coefficients depend on  $t$  and  $\mathbf{x}$ .

Let  $\mathbf{f}$  be a solution of (1) and let  $\mathbf{y}$  be a solution of (2) at the point  $(t, \mathbf{x})$ . Then the function

$$\mathbf{z}(t) = \mathbf{f}(t) + \mathbf{y}(t) \quad (3)$$

is also a solution of (1). This is because  $\mathbf{z}$  satisfies (2) and (1) at the point  $(t, \mathbf{x})$ .

Let  $\mathbf{f}$  be a solution of (1) and let  $\mathbf{y}$  be a solution of (2) at the point  $(t, \mathbf{x})$ . Then the function

$$\mathbf{z}(t) = \mathbf{f}(t) - \mathbf{y}(t) \quad (4)$$

is also a solution of (1). This is because  $\mathbf{z}$  satisfies (2) and (1) at the point  $(t, \mathbf{x})$ .

Let  $\mathbf{f}$  be a solution of (1) and let  $\mathbf{y}$  be a solution of (2) at the point  $(t, \mathbf{x})$ . Then the function

$$\mathbf{z}(t) = \mathbf{f}(t) + \mathbf{y}(t) \quad (5)$$

is also a solution of (1). This is because  $\mathbf{z}$  satisfies (2) and (1) at the point  $(t, \mathbf{x})$ .

Let  $\mathbf{f}$  be a solution of (1) and let  $\mathbf{y}$  be a solution of (2) at the point  $(t, \mathbf{x})$ . Then the function

$$\mathbf{z}(t) = \mathbf{f}(t) - \mathbf{y}(t) \quad (6)$$

is also a solution of (1). This is because  $\mathbf{z}$  satisfies (2) and (1) at the point  $(t, \mathbf{x})$ .

Let  $\mathbf{f}$  be a solution of (1) and let  $\mathbf{y}$  be a solution of (2) at the point  $(t, \mathbf{x})$ . Then the function

$$\mathbf{z}(t) = \mathbf{f}(t) + \mathbf{y}(t) \quad (7)$$

is also a solution of (1). This is because  $\mathbf{z}$  satisfies (2) and (1) at the point  $(t, \mathbf{x})$ .

Let  $\mathbf{f}$  be a solution of (1) and let  $\mathbf{y}$  be a solution of (2) at the point  $(t, \mathbf{x})$ . Then the function

$$\mathbf{z}(t) = \mathbf{f}(t) - \mathbf{y}(t) \quad (8)$$

is also a solution of (1). This is because  $\mathbf{z}$  satisfies (2) and (1) at the point  $(t, \mathbf{x})$ .

Let  $\mathbf{f}$  be a solution of (1) and let  $\mathbf{y}$  be a solution of (2) at the point  $(t, \mathbf{x})$ . Then the function

$$\mathbf{z}(t) = \mathbf{f}(t) + \mathbf{y}(t) \quad (9)$$

is also a solution of (1). This is because  $\mathbf{z}$  satisfies (2) and (1) at the point  $(t, \mathbf{x})$ .

Let  $\mathbf{f}$  be a solution of (1) and let  $\mathbf{y}$  be a solution of (2) at the point  $(t, \mathbf{x})$ . Then the function

$$\mathbf{z}(t) = \mathbf{f}(t) - \mathbf{y}(t) \quad (10)$$

is also a solution of (1). This is because  $\mathbf{z}$  satisfies (2) and (1) at the point  $(t, \mathbf{x})$ .

